




ER AFGLÆPAVÆÐING FÍKNIEFNA RÉTTA LEIÐIN? ▶ 26



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR KVEÐUR BIOPHILIA Á HVÍTA TJALDINU ▶ 30



KVENNABLÓMI Í BÓKAFLÓÐI ▶ 34

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ  
6. september 2014  
209. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## FRUMBURÐURINN FRUMSÝNDUR NÆST

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson kvikmynda-gerðarmaður og Valgerður Rúnarsdóttir dansari taka sér frí frá frumsýningum í bili og búa sig undir komu dótturinnar. ▶ 20



EEKKI TRÚNNI AÐ KENNA Majid Nili, sendiherra Írans, um öfgafólk og hryðjuverkafólk sem eru stærsta vandamál Mið-Austurlanda þessa stundina. ▶ 24

HVER VERÐUR NÆSTI ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRI? ▶ 18



GRÍNDRÖTTNING FALLIN FRÁ ▶ 52-53  
Joan Rivers verður saknað í Hollywood.



**FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT**

**SUNNUDAGASKÓLINN**  
BYRJAR Á MORGUN!  
Nánar á bls 25

**DVÍTAMÍN**  
HÁMARKS UPPTAKA  
  
GMP vottað  
www.nowfoods.is



## GLEÐIFRÉTTIN

### Jón fær friðarverðlaun

Yoko Ono tilkynnti að Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, væri einn fjögurra sem hljóta Lennon Ono-friðarverðlaunin árið 2014. Afhending fer fram í Reykjavík þann 9. október næstkomandi. Í tilkynningu á Facebook-síðu Ono segir að Jón hafi sýnt fram á að stjórnsmál séu í þágu fólks og í höndum þess.

Jón hlýtur verðlaunin ásamt Jann Wenner, einum stofnanda og útgefanda tímaritsins Rolling Stone, Jeremy Gilley, upphafsmanni Peace One Day-samtakanna, og þeim Doreen Remen og Yvonne Force Villareal, stofnenda Art Production-sjóðsins.



## FIMM Í FRÉTTUM SIGURSÆLL RITHÖFUNDUR OG ÓSÁTTUR BORGARFULLTRÚI



**Inga Hlín Pálsdóttir** hjá Íslandsstofu vill ekki að fjölmiðlar flytji hræðsluáróður af eldgosinu. Mikilvægt sé að fæla ekki ferðamenn frá landinu. Hún bendir á að „Ísland hefði ekki þetta fallega landslag og náttúru nema af því að við erum á eldgosaejju“.



**Sigurjón Jónsson**, varabæjarfulltrúi í Kópavogi, var í fyrstu til í að mæta með maka á tónleika Justins Timberlake. Miðar voru hins vegar eingöngu í boði fyrir aðalfulltrúa. Sigurjón hefur gagnrýnt bæjarstjórn Kópavogs opinberlega og fór fram á að leiguverð Kórsins til Senu væri opinberað.



**Drífa Snædal**, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að kvörtunum hafi fjölgað vegna vangaldinna launa í ferðapjónustu í sumar. Suma segir hún vangreiða laun af vankunnáttu en aðra af ásetningi.



**Andri Snær** fékk Vestnorrænu barna- og unglingaverðlaunin fyrir bók sína Tímakistuna. Hann er fyrsti rithöfundurinn til að hreppa verðlaunin í tvígang.



→ **Halldór Auðar Svansson**, borgarfulltrúi Pírata, hefur heitið að greiða 100 þúsund krónur til góðgerðarmála í hverjum mánuði næstu 12 mánuði ef höfundur Staksteina í Morgunblaðinu gefur sig fram og greiðir sömu upphæð mánaðarlega.

## VIKAN 29.8. → 5.9.2014

**SUNNUDAGUR Hraungos hófst** Hraungos hófst í Holuhrauni á sama stað og gaus tveimur dögum áður en var margfalt stærra. Sprungan var um einn og hálfur kílómetri að lengd. Hægt var að fylgjast með gosinu í beinni útsendingu í gegnum vefmyndavél Mílu á Bárðarbungu. Margir líktu gosinu við Kröfluelda.

**MÁNUDAGUR Ein og hálf milljón safnast** Í tilkynningu frá MND-félaginu á Íslandi sagði að rúmlega ein og hálf milljón hefði safnast vegna ísfötuáskorunarinnar hér á landi. Áskorunin gengur út á að taka upp myndband af sér að hella yfir sig fötu af ísköldu vatni og í leiðinni styrkja MND-samtök eða rannsóknir.

**ÞRIÐJUDAGUR Sjálfstæðisflokkur stærstur** Skoðanakönnun Fréttablaðsins sýndi að Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur með 31 prósent fylgi. Samfylkingin er næststærsti flokkurinn með 20 prósent. Þjórt framtíð kemur þar á eftir með 14,1 prósent. Framsóknarflokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð eru bæði með tæplega tólf prósent fylgi.



**MIÐVIKUDAGUR Hraunið stækkar óðum** Hraunið sem hefur runnið í eldgosinu í Holuhrauni var orðið rúmlega 6 ferkílómetrar að stærð, samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Háskóla Íslands á svæðinu. Þetta jafngildir 868 knattspyrnuvöllum í fullri stærð.

**FIMMTUDAGUR Engin úrræði í ofbeldismálum** Fréttablaðið greindi frá því að engin samræmd stefna væri til um hvernig eigi að bregðast við ofbeldismálum hér á landi. Engin samræmd tölfræði er jafnframt til um fjölda ofbeldisverka.

**FÖSTUDAGUR Álag vegna leiðréttingar** Álag á starfsfólk Ríkisskattstjóra vegna skuldaleiðréttingarinnar hefur verið margfalt meira en búist var við. Vinna þarf úr 69 þúsund umsóknum. Ríkisskattstjóri segir verkefnið flókið og mikið en stofnunin hefur getað tekist á við aukilið álag.

## LAUGARDAGUR



„Ég var þarna nokkrar nætur eftir að ég tók við forstjóra- starfinu til að setja mig inn í málefni Orkuveitunnar í ró og næði.“ ► **SÍÐA 12.**

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar.



“Ég svo sannarlega vona að þeir sýni mér þá miskunn að reka mig.”

Reynir Traustason, ritstjóri DV.

**HLUTHAFAFUNDUR DV** Reynir Traustason, ritstjóri DV, heilsar Sigurði G. Guðjónssyni, lögmanni Björns Leifssonar í World Class. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hallarbylting var gerð á hluthafafundi DV í gær

Ný stjórn útgáfufélags DV var kjörin með naumum meirihluta á hluthafafundi sem lauk á tíunda tímanum í gærkvöldi. Reynir Traustason ritstjóri vonast til þess að hann verði rekinn, en engar ákvarðanir hafa verið teknar um ritstjórnarskipti. Starfsmenn blaðsins eru uggandi.

**FJÖLMIÐLAR** Ný stjórn var kjörin á hluthafafundi útgáfufélags DV sem lauk á tíunda tímanum í gærkvöldi. Þorsteinn Guðnason var kjörin stjórnarformaður. Með honum í stjórn sitja Lilja Skaftadóttir, Jón Þorsteinn Gunnarsson, Ólafur Magnússon og Björgvin Þorsteinsson. Þeir stjórnarmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja að ekki sé búið að taka ákvörðun um ráðningu nýs ritstjóra. Fundurinn í gær var framhald fundar sem hófst á föstudaginn í síðustu viku en var frestað um viku vegna deilna um ársreikning félagsins.

Deilt var um fjölmörg efnisatriði á fundinum sem hófst klukkan fimm. Umboð fundarmanna sem á fundinum sátu voru grandskoðuð til að ganga úr skugga um að einungis eigendur hlutafjár

í DV sætu fundinn. Reynir Traustason ritstjóri sagði eftir fundinn við Fréttablaðið að það væri léttir að komin væri niðurstaða í málið. „Ég svo sannarlega vona að þeir sýni mér þá miskunn að reka mig,“ sagði Reynir. Hann segir að ný stjórn hafi verið kjörin með mjög naumum meirihluta, einungis einu prósent.

Blaðamenn á DV eru uggandi yfir niðurstöðunni. „Við höfum áhyggjur því að við vitum ekki hvaða aðilar eru að taka blaðið yfir eða af hverju. Þeir tala um að þeir ætli ekki að hafa áhrif á ritstjórnarstefnuna en Björn Leifsson var í þessum hópi og hann hefur gefið út að hann hafi keypt hluti í félaginu með það að markmiði að skipta ritstjórnunum út,“ segir Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, aðstoðarritstjóri blaðsins.

Reynir hefur notið mikils stuðnings starfsmanna á blaðinu og starfsmenn DV sem Fréttablaðið ræddi við segja óvissuna erfiða. Þeir vilja hins vegar ekki gefa upp hvort þeir hyggist segja upp störfum hætti Reynir sem ritstjóri. „Reynir hefur reynt okkur vel,“ segir Jóhann Páll Jóhannesson, blaðamaður á DV, og bætir við að „það er svo sannarlega ekki á færi hvers sem er að ritstýra blaðinu jafn vel og hann hefur gert.“

Jón Bjarki Magnússon, sem einnig er blaðamaður á DV, segir óvissu um framtíð blaðsins vera óþægilega. „Vikan er búin að vera erfið eins og gefur að skilja. Það er svolítið furðulegt að bíða bara og sjá hvað gerist.“

ingvar@frettabladid.is

**Ný ferð hjá VITA í vetur**  
Kanarí og Brighton 26. nóv. til 7. des.

Stakaðu á í sólinni og kláraðu jóla-innkaupin

**Verð frá 149.900 kr. \*  
og 12.500 Vildarpunktur**

á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh. á Kanarí og tvíbyli með morgunverð í Brighton.

\*Verð án Vildarpunkta 159.900 kr.  
Sjá nánar á vita.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

VITA er lífið

## Skýrsla Alþjóðaheilbrigðisstofnunar sýnir að 49 Íslendingar fyrir fóru sér 2012: Há tíðni sjálfsvíga hér á landi

**VELFERÐARMÁL** Sjálfsvígstíðni á Íslandi er með því hærra í heiminum eða 15 á hverja hundrað þúsund íbúa árið 2012. Alls frömdu 49 sjálfsvíg á Íslandi þetta ár, 12 konur og 37 karlar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO).

Í skýrslunni eru lönd flokkuð eftir sjálfsvígstíðni og í allflestum vestrænum ríkjum er tíðnin tíu eða færri sjálfsvíg á hverja hundrað þúsund íbúa. Ísland er aftur á móti ofarlega í flokknum með 10-15 á hverja hundrað þúsund íbúa ásamt Finnlandi, Írlandi, Frakklandi og Noregi.

Sjálfsvígstíðnin hefur þó lækkað töluvert á Íslandi frá árinu 2000, en árin 1999 og 2000 varð mikil sjálfsvígbylgja á landinu og sérstaklega á meðal ungra karlanna.

Flestir þeirra sem frömdu sjálfsvíg á Íslandi árið 2012 voru á aldrinum 30 til 49 ára og næststærsti hópurinn var á aldrinum 50 til 69 ára. Aftur á móti eru sjálfsvíg talin vera önnur helsta dánarorsök ungs fólks á aldrinum 15-29 ára. Árið 2012 frömdu 0,8 prósent ungmenna á aldrinum 15-29 ára sjálfsvíg á Íslandi.

Í skýrslunni kemur fram að um 804 þúsund sjálfsvíg hafi verið skráð í heiminum árið 2012, en að öllum líkindum séu þau fleiri vegna vanskráningar, og talið er að fyrir hvern einstakling sem fellur fyrir eigin hendi geri tuttugu aðrir tilraun til slíks.



**DAUÐSFALL** Sjálfsvíg eru önnur helsta dánarorsök fólks á aldrinum 15-29 ára í heiminum.

NORDICPHOTOS/GETTY

- ebg



INNIMÁLNING  
& LÖKK  
**20%**  
AFSLÁTTUR!



Erikur  
veljið sjálf 3 stk.  
**999**

# ÚTSALA



## Húsasmiðjunnar




POTTAPLÖNTUR  
**20-50%**  
AFSLÁTTUR!

BRJÁLAD  
VERÐ!

HILLUREKKI  
**2.595 kr**

Hillurekki Solid 50 Galva  
150x75x30 cm  
5803671  
Ný sending, ekki útsöluvara



Rafhlöðuborvél 14.4V.  
Black&Decker 2 rafhlöður  
og taska.  
5246006

RAFHLOÐUBORVÉL  
**11.897 kr**

~~16.995~~




BLACK&DECKER  
**30%**  
AFSLÁTTUR!

## PARKET ÚTSALA

**20% AFSLÁTTUR**

HARÐPARKET • VIÐARPARKET • KORKPARKET



Pekkt  
vörumerki  
á lægra verði

Ný  
gólfefnadeild  
Skútuvogi

Barlinek Tarkett EGGER



GRILL  
ÚTSALA

BROIL KING  
**52.720 kr**

~~65.900~~

Gasgrill Broil King Royal 320  
3 ryðfrír brennarar  
3000604

Broil King  
Great Barbecues Every Time

ÚTIVISTAR  
FATNAÐUR  
**30-70%**  
AFSLÁTTUR!

TRUENORTH

Fatnaður  
fyrir börn og  
fullorðna



BLÖNDUNARTÆKI  
**20-25%**  
AFSLÁTTUR!

BLÖNDUNARTÆKI  
**7.995 kr**

~~9.995~~

Blöndunartæki Damixa  
Handlaugartæki með lyftitappa  
8000800

damixa



GARÐHÚSGÖGN  
**50%**  
AFSLÁTTUR!

GARÐSETT  
**8.450 kr**

~~16.900~~

Garðsett  
Borð og 2 stólar  
3901158

SMÁRAFTÆKI  
**20%**  
AFSLÁTTUR!

KAFFIVÉL  
**10.072 kr**

~~12.590~~

Kaffivél Russell Hobbs  
Purple passion 12 bollar  
1840060



HNÍFAPÖR 24 STK.  
**4.495 kr**

~~8.990~~

BÚSÁHÖLD  
**30-70%**  
AFSLÁTTUR!

Hnífapör Aida  
24 stk.  
2201164



**AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!**  
Opið til kl. 19:00 í Skútuvogi

\*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.  
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.  
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA


ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



29.8.2014 → 5.9.2014

**25.381 SÍMTALI**

var svarað hjá embætti Ríkisskattstjóra í ágúst. Fresturinn til að sækja um skuldaniðurfellingu rann út í lok ágúst og hefur álagið verið mikið á stofnunina.

**TÆPLEGA 800**

ofbeldisbrot voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrra. Erlendar rannsóknir sýna þó að lögreglan fær aðeins tilkynningar um helming þeirra ofbeldisbrota sem eru framin.

**154.000 FERÐAMENN**


komu til landsins í ágúst samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Leifsstöð. Ferðamenn sem komið hafa til landsins það sem af er ári eru þegar orðnir jafnmargir og allt árið 2012.

**461 BARN**

er á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu hjá Reykjavíkurborg. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna stuðnings við fatlað fólk í formi liðveislu eða stuðningsfjölskyldna hefur minnkað um 10–12 prósent á milli ára.

**69.000**

umsóknir bárust um skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Hafin er vinna við að vinna úr öllum þessum umsóknum og reikna út hversu mikið verður leiðrätt hjá hverjum og einum umsækjanda.



**FORSTJÓRINN** Porsteinn Már segir að þriðjungur hagnaðar sé vegna sölu eigna erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hagnaður Samherja eykst:

**Hagnast um 22 milljarða króna**

**VIÐSKIPTI** Samherji og dótturfélag högnuðust um 21,9 milljarða króna eftir skatta á síðasta ári. Hagnaður félagsins jókst um sex milljarða milli ára.

Þriðjungur hagnaðarinnar er til kominn vegna söluhagnaðar fimm skipa og annarra eigna sem tengjast útgerð í Afríku að sögn Porsteins Mús Baldvinssonar, forstjóra Samherja. Þorsteinn segir reksturinn hafa gengið vonum framár.

- ih

Ríkið semur við vinsælan vef:

**Ríkiskaup selja góss á bland.is**

**VIÐSKIPTI** Ríkið hefur samið við einn vinsælasta vef landsins, bland.is, um að hann taki að sér sölu notaðra lausamuna fyrir opinberar stofnanir.

Á vef Ríkiskaupa segir að um tímamótasamning sé að ræða. Í samningnum er vísað til þess að bland.is sé stærsta sölu- og markaðstorg á Íslandi með yfir tvö hundruð þúsund skráða notendur. Það ætti því ekki að vera erfitt fyrir ríkið að koma notuðu dóti í verð í gegnum vefinn en um er að ræða t.d. húsbúnað, tölvur og skrifstofubúnað.

Samningurinn er tilraunaverkefni til eins árs og tók gildi þann 15. júní síðastliðinn. Það má því búast við miklu fjöri á „Blandinu“ í vetur þar sem væntanlega verður barist um fullt af ríkisgóssi.

- skh

## „Kemur boltanum rækilega af stað“

Ungur og efnilegur kvenleikstjóri fær 80 milljónir úthlutaðar úr Kvikmyndasjóði Íslands fyrir kvikmynd byggða á skáldsögunni Svaninum eftir Guðberg Bergsson.

**MENNING** „Vilyrðið frá Kvikmyndasjóði breytir öllu,“ segir Ása Helga Hjörleifsdóttir kvikmyndagerðarkona, sem hefur fengið vilyrði fyrir 80 milljóna króna styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands fyrir árið 2016 en ekki hefur verið tilkynnt um fleiri styrki úr sjóðnum fyrir það ár. Styrkinn fær Ása Helga fyrir Svaninn, kvikmynd byggða á samnefndri skáldsögu Guðbergs Bergssonar. Styrkinn segir Ása munu auðvelda þeim að leita alþjóðlegra styrkja en meðframleiðendur myndarinnar koma frá Þýskalandi og Frakklandi.

Ása var í hópi tíu leikstjóra sem valdir voru til að kynna handrit á Kvikmyndahátíðinni í Berlín en mikill heiður er að vera boðin þátttaka. Þrjú handrit voru sérstaklega verðlaunuð og var handrit Ásu eitt af þeim.

Gengið var endanlega frá kvikmyndaréttinum á Svan Guðbergs Bergssonar í september í fyrra en fleiri sýndu réttinum áhuga.

Ása Helga uppgötvaði Svaninn þegar hún las hann í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. „Ég heillaðist alveg af honum. Hann hafði rosalega áhrif á mig. Ég fór strax að hugsa mjög myndrænt um bókina.“

Móðir Ásu Helgu, Birna Bjarnadóttir, er doktor í bókmenntafræði og sérfræðingur í bókmenntum Guðbergs Bergssonar. Ása segir starf móður sinnar ekki hafa ýtt undir áhuga sinn á Guðbergi heldur mögulega frekar haft öfug áhrif. „Ég hafði engan áhuga á bókum Guðbergs þegar ég var yngri. Ég fékk meira að segja Svaninn í feringargjöf og skilaði honum,“ segir Ása hlæjandi.



**FÆR STYRK** Ása Helga uppgötvaði Svaninn þegar hún nam bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Svanurinn

Svanurinn eftir Guðberg Bergsson kom út 1991 og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin. Verkið hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og notið mikilla vinsælda.

Þær mæðgur segir hún vera miklar vinkonur og að hún hafi ítrekað leitað til móður sinnar við gerð handritsins. „Mamma er minn helsti ráðgjafi.“

Svanurinn er fyrsta mynd Ásu í fullri lengd en hún vakti mikla athygli fyrir stuttmyndina Ástarsaga, sem var lokaverkefni hennar frá kvikmyndagerðardeild Columbia-háskóla í New York. Ása

bjó þar þangað til síðasta haust þegar hún flutti aftur til Íslands. Ekki liggur fyrir hvenær tókur muni hefjast en Ása er byrjuð að hugsa um tókustaði og er mjög hrifin af hugmyndinni um að taka upp í Svarfáðardal, en hún á ættilt að rekja þangað. Hún getur ekkert sagt um leikaraval en aðalpersónan í bókinni Svaninum er nú ára stúlka. annadrof@frettabladid.is



**UPPREISNARMENN Í SÓMALÍU** Leiðtogi þeirra er fallinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin staðfestu:

**Drápu leiðtoga Al Shabab**

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk hernáðaryfirvöld staðfestu í gær að hryðjuverkaleiðtoginn Ahmed Abdi Godane hafi fallið í Sómálu á mánudaginn þegar loftárás var gerð á bælistöðvar samtaka hans í Sómálu.

Godane var leiðtogi Al Shabab-samtakanna, sem hafa verið í tengslum við Al Kaíða og staðið árum saman í blóðugri baráttu við veikburða stjórnarher í Sómálu.

Hassan Sheikh Mohammed, forseti Sómálu, sagðist vonast til þess að liðsmenn samtakanna sneru sér nú að öðru.

- gj

Báru konu heilan kílómetra:

**Slasaðist í Klambragili**

**BJÖRGUN** Erlend ferðakona slasaðist í Klambragili, sem er ofarlega í Reykjadal, síðdegis í gær. Konan var á göngu, skipulagðri af íslensku ferðaþjónustufyrirtæki, þegar hún meiddist á fæti.

Bera þurfti konuna um eins km leið, víða nokkuð bratta og lausa í sér. Um 20 manns frá björgunarsveitum tóku þátt í aðgerðinni. Konan var flutt í björgunarsveitabíl að Suðurlandsvegi þar sem sjúkrahúsið tók við henni og flutti undir læknishendur.

- jhh



**SAMBA**  
BAKLEIKFIMI  
í hádeginu

Fjörugir tímar  
undir leiðsögn  
sjúkrapjálfa

Upplýsingar og skráning  
í síma 897 2896 og á  
[www.bakleikfimi.is](http://www.bakleikfimi.is)




HEILSUBORG  
Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
[www.heilsuborg.is](http://www.heilsuborg.is)





### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**VÆTA VESTAN TIL** Litlar breytingar á veðri um helgina, áfram suðlæg eða suðvestlæg átt ríkjandi og yfirleitt hægur vindur. Bætur í vætu vestra en úrkomulaust og bjartviðri um austanvert landið. Nokkuð milt í veðri einkum norðaustan til.

**Elísabet Margeisdóttir**  
veðurfréttamaður



AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jon@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrranar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is





5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur



## Hyundai Santa Fe Sparneytinn lúxusjeppi

Verð frá: 7.150.000 kr.  
Eyðsla frá 6,7 l/100 km\*

Nú fáanlegur í sjö manna útgáfu

# Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram hefur komið í bílblaði Fréttablaðsins rataði Hyundai nýlega í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bílanáðiðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-16

\*Midda vó uppgæfnar tölur framleiðanda um eiddaeyktisnotkun í blönduðum akstri.



**Hyundai i10**  
Eyðsla frá 4,7 l/100 km í  
blönduðum akstri.  
Verð frá kr. 1.990.000



**Hyundai i20**  
Eyðsla frá 3,8 l/100 km í  
blönduðum akstri.  
Verð frá kr. 2.390.000



**Hyundai ix20**  
Eyðsla frá 4,5 l/100 km í  
blönduðum akstri.  
Verð frá kr. 3.790.000



**Hyundai i30**  
Eyðsla frá 4,1 l/100 km í  
blönduðum akstri.  
Verð frá kr. 2.990.000



**Hyundai ix35**  
Eyðsla frá 5,3 l/100 km í  
blönduðum akstri.  
Verð frá kr. 4.490.000

## Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200  
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENMEM / SIA / NME4052





**HEF FLUTT MIG UM SET**

Býð alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna

**Gerður Sævarsdóttir** hársnyrtimestari

**HÁRNÝ**  
hársnyrtistofa

Nýbýlavegi 28, 200 Kópavogur  
sími: 554 6422

## TÖK Á TILVERUNNI

- námskeið við athyglisbresti

- Átt þú erfitt með að einbeita þér?
- Ertu gleyminn og utan við þig?
- Eru áhyggjur að plaga þig?
- Átt þú erfitt með að halda utan um allt sem þú þarft að gera?
- Gætir þú gert svo miklu betur?



Sigríður D. Benediktsdóttir Sóley D. Davíðsdóttir

Námskeiðið hefst **18. september** og verður á fimmtudögum frá 15-17, alls 7 skipti. Skráning fer fram á [kms@kms.is](mailto:kms@kms.is) og nánari upplýsingar á [www.kms.is](http://www.kms.is).



Á þessu námskeiði lærir fólk aðferðir til að einfalda lífið, bæta einbeitingu, draga úr frestun, óskipulagi og öðrum afleiðingum athyglisbrests. Jafnframt lærir fólk leiðir til að bæta líðan sína með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Stjórnendur námskeiðs eru Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar.

## Reyklaus og frjáls

Fyrst ég gat hætt, getur þú það líka.

Ennþá laus pláss á námskeið fyrir þá sem vilja losna við nikótíníkn.

Valgeir Skagfjörð heldur námskeið í Húsinu v/Staðarberg í Hafnarfirði þriðjudaginn 16. september nk. kl. 17.00

Skráning í síma 780 7911 eða [valliskag@gmail.com](mailto:valliskag@gmail.com)

Allir geta hætt að reykja og það þarf ekki að vera erfitt. Valgeir er brautryðjandi í jákvæðri nálgun á því að hætta að reykja. (Ásgeir Rúnar Helgason, dósent í sálfræði)



Síðastu sætin í síðustu ferðina til Tyrkland

**11. september**  
í 11 nætur

**21**  
FYRIR  
Flugsæti frá kr. **44.950**

# Tyrkland

Flugsæti 11.-22. september

**kr. 44.950** – 2 fyrir 1 tilboð

Almennt verð kr. 89.900

Verð fyrir flug og gistingu á Okaliptus

**kr. 99.500 með hálfu fæði**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Verð fyrir flug og gistingu á Risa hotel

**kr. 109.900 með allt innifalið**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



## Fatahreinsunin Fönn flytur í nýtt húsnæði að Kletthálsi í byrjun desember: Úr brunarústunum í Árbæinn

**VERSLUN** „Við erum búin að fjárfesta í nýju húsnæði og vonumst til að geta opnað þar í byrjun desember,“ segir Ari Guðmundsson, eigandi og framkvæmdastjóri Fannar.

Öll starfsemi fatahreinsunarinnar, skrifstofur og þvottahús, verður flutt í 1.700 fermetra húsnæði að Kletthálsi 13. Þvottahús fyrirtækisins hefur verið ónothæft síðan stórbrunninn varð í Skeifunni í byrjun júlí síðastliðins.

„Nýja húsnæðið er aðeins minna en það sem við vorum með í Skeif-

unni en það var um tvö þúsund fermetrar,“ segir Ari.

Hann segir aðstoð góðra manna hafa gert fyrirtækinu kleift að halda rekstrinum gangandi eftir brunann.

„Það er með ólíkindum. Við höfum fengið hjálp góðra aðila eins og Þvottahúss ríkisspítalanna og svo erum við búin að safna að okkur þvottavélum héðan og þaðan. Við erum á þremur stöðum í bænum að reyna að vinna þetta með hjálp góðra manna.“ -hg



**NÝJA HÚSNÆÐIÐ** Fönn hefur verið í Skeifunni síðan 1982. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Námsskuldir fylgja fólki inn í ellina

Rúmlega helmingi þátttakenda í kjarakönnun BHM með námslán finnst endurgreiðsla þeirra íþyngjandi eða verulega íþyngjandi. Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir námslánakerfið þarfnast heildstæðrar endurskoðunar.

**KJARAMÁL** „Íslenska námslánakerfið þarfnast heildstæðrar endurskoðunar. Nú er svo komið að námsskuldir fylgja fólki inn í ellina.“ Þetta segir Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, Bandalags háskólanna, um niðurstöður kjarakönnunar bandalagsins sem gerð var í vor.

Svör úr könnuninni benda til að 22 prósent svarenda verði enn að greiða af námslánnum þegar eftirlaunaaldri er náð. Konur eru lengur að greiða af námslánnum en karlar en endurgreiðslur námslána eru tekjutengdar. Rúmlega helmingi svarenda með námslán finnst endurgreiðsla þeirra íþyngjandi eða verulega íþyngjandi.

„Laun háskólamenntaðra eru of lág til að veita upp kostnað við öflun þekkingar eins og staðan er núna. Við getum ekki unað við það,“ segir Guðlaug.


Meirihluti svarenda kjarakönnunarinnar er með meistara- eða doktorsgráðu. Á árinu 2013 voru launatekjur og starfstengdar greiðslur félagsmanna BHM að meðaltali 548 þúsund krónur á mánuði og hækkuðu þær að nafnvirði um 4,2 prósent milli ára. Guðlaug bendir á að á sama tíma hafi launavísitalan hækkað um 5,7 prósent sem þýði að launahækkunir á íslenskum vinnumarkaði hafi verið umfram þær hækkunir sem félagsmenn BHM fengu. „Það er áhyggjuefni að hópur sem að meirihlutanum til er með meistara- eða lengra nám fylgir ekki almennri launapróun í landi sem þarf að reida sig á eflingu þekkingargeirans til að tryggja hagvöxt.“

Formaðurinn fagnar því að leiðrétur kynbundinn launamunur dregst saman en hann minnkaði um rúm þrjú prósentustig milli 2013 og 2012. „Við hljótum að fagna jákvæðri þróun hvað varðar kynbundinn launamun. Þetta er



**FORMAÐURINN** „Laun háskólamenntaðra eru of lág til að veita upp kostnað við öflun þekkingar eins og staðan er núna. Við getum ekki unað við það,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### GREIÐSLUBYRÐI NÁMSLÁNA



Ég finn lítið eða ekkert fyrir greiðslubyrði námslánanna í útgjöldum.

Ég finn mikið fyrir greiðslubyrði námslánanna í útgjöldum.

Ég ræð ekki við greiðslur af námslánunum mínum.

Ég finn nokkuð fyrir greiðslubyrði námslánanna í útgjöldum.

Greiðslubyrði námslánanna er verulega íþyngjandi í útgjöldum.

Heimild: BHM

skref í rétta átt þótt við vildum að sjálfsögðu sjá muninn minnka hraðar.“

Minnstur var launamunurinn hjá starfsfólki félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, eða 12 prósent, en mestur hjá sveitarfé-

lögum utan Reykjavíkur þar sem hann er 22 prósent. Hjá Reykjavík var munurinn 13 prósent í fyrra miðað við 24 prósent 2012. Munurinn á launum kvenna og karla hjá ríkinu var 15 prósent en 16 prósent 2012. [ibs@frettabladid.is](http://ibs@frettabladid.is)

Ungur piltur komst í hættu þegar hann hoppaði nakinn í gjá á Pingvöllum:

## Munu vara við sundi í Flosagjá

**SLYS** Einar Ásgeir Sæmundsson, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins á Pingvöllum, býst við því að merkningar verði bættar í kjölfar þess að hann kom að bandarískum dreng í sjálfheldu í Flosagjá. Drengur hafði stökkið nakinn út í jökulkalt vatnið eftir hvatningu frá fjölskyldu sinni.

„Hann fékk strax algert kuldasjökk og synti beint að kletta-veggnum og þrilaði úr vatninu og var í sjokki og sjálfheldu á lítilli sylu,“ segir Einar. Betur fór þó en

á horfðist og náði drengurinn að klifra af sjálfsdáðum upp kletta-vegginn og komast upp úr gjánni.

Einar segir að í kjölfar atviksins muni þurfa að vara betur við sundi í Flosagjá og Peningagjá sem er næsta gjá austan við Flosagjá.

„Það á að fara að laga aðstöðuna vestan við Flosagjá þar sem gengið er yfir. Þar á að setja niður skilti og það er alveg ljóst að við munum minnast á það að gjáin er ekki ætluð til sunds,“ segir Einar. -ih, ttd



**Í HÆTTU** Drengurinn var í sjálfheldu á lítilli sylu eftir sund í gjánni.

MYND/EINAR ÁSGEIR SÆMUNDSSON





# HEILSA Í HAGKAUP

HIMNESKT VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!



**MAMMA CHIA** skvísur  
Með chia fræjum.

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**BIO-KULT**

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**RAPUNZEL** olíur  
Hampolía og hörfræolía.

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**AMINO ENERGY**  
Frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku.

TILBOÐ  
3.289 kr/kg  
v.á. 3.899



**Bai5**  
Aðeins 5 kalóríur. Náttúruleg sætuefni - stevía og erythritól. Ríkt af andoxunarefnum.

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**NUTRAMINO**  
Próteindrykkir.

Nýtt

GOTT VERÐ  
399 kr/stk



**QNT SOGOOD!**  
Próteinstykki.

Nýtt



**RAPUNZEL** súkkulaði  
75% og 85%.

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**SUPERBAR**  
Lífrænt. Enginn viðbættur sykur.

GOTT VERÐ  
397 kr/stk

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**FROOSH ÁVAXTA-SMOOTHIE**  
Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður milli mála. Inniheldur engin litarefni eða rotvarnarefni.

TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa



**VITA** kókosvatn  
Nýtur vinsælda meðal stjarnanna í Hollywood!

## VALIN VÍTAMÍN Á AFSLÆTTI



TILBOÐ  
15%  
afsláttur á kassa

Gildir til 14. september á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





**HRAUN** Talið er að hraunið nái að þorpinu á innan við viku. NORDICPHOTOS/AFP

## Neyðarástand ríkir á Havaí: Eldfjall stefnir byggð í hættu

**HAVAÍ** Neyðarástandi hefur verið lýst yfir á Havaí vegna þess að hraun úr eldfjallinu Kilauea nálgast bæ í nágrenninu. Nú eru einungis 1,6 kílómetrar frá hrauninu að þorpinu. Jarðvísindastofnunin á Havaí telur að hraunið muni ná að bænum Kaohe innan viku.

Kilauea hefur stanslaust gosið frá árinu 1983, en þar opnaðist ný sprunga þann 27. júní þaðan sem hraunið rennur nú. Á vef breska ríkisútvarpsins, BBC, kemur fram að hraun úr þessu sama gosi hafi geryðilagt íbúabyggðir upp úr 1990. Viðbragðsaðilar hafa nú fengið heimild til þess að takmarka umferð á nokkrum vegum nálægt fjallinu til þess að auðvelda rýmingu. -jhh

### DANMÖRK

#### Varð syni sínum að bana

Fjörutíu og sjö ára gamall danskur karlmaður var dæmdur í tólf ára fangelsi í Landsrétti í gær. Hann varð tvítugum syni sínum að bana í bænum Bramming í desember 2012. Réttarkrúfning sýndi að sonurinn var stunginn tvisvar í brjósti. Faðirinn bar við minnisleysi fyrir dómi. Blóð var á höndum föðurins og blóð undir nöglunum á höndum hans. Algengast er að refsingin við manndrápi sé tólf ár í Danmörku.

# Viðbragðsher til A-Evrópu

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, segir að með ákvörðun leiðtogafundarins í gær séu rússneskum stjórnvöldum send skýr skilaboð. Hugsanlegri árás á eitt ríkjanna verði svarað af fullri hörku.

**BRETLAND** Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins samþykktu í gær að stofna nokkur þúsund manna viðbragðssveitir sem hafi höfuðstöðvar í Austur-Evrópu. Þessar sveitir verði hægt að senda með stuttum fyrirvara til átakasvæða fari svo að eitthvert aðildarríkjanna verði fyrir árás.

„Með þessu eru send skýr skilaboð til allra sem gætu orðið líklegir til að gera árás: Þótt þið gerið ekki annað en að íhuga árás á eitt aðildarríkjanna, þá þurfið þið að fást við bandalagið allt,“ sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, á leiðtogafundinum í Wales í gær.

Þessi skilaboð eru ekki síst ætluð Rússum, sem hafa leynt og ljóst stutt uppreisnarmenn í austanverðri Úkraínu í átökum sem kostað hafa meira en 2.500 manns lífið.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvar höfuðstöðvar viðbragðshersins verða, en Pólland, Rúmenía og Eystrasaltslöndin þrjú hafa lýst yfir áhuga á að hýsa þær.

Tveggja daga fundarhöldum NATO í Wales lauk í gær, en ákveðið var að næsti leiðtogafundur yrði haldinn í Varsjá í Póllandi árið 2016. Sú staðsetning er einnig hugsuð sem skýr skilaboð til rússneskra stjórnvalda, sem jafnan hafa kvartað hástöfum undan nærveru NATO í nágrennaríkjum Rússlands.

Leiðtogarnir hvöttu einnig til þess að framlög aðildarríkjanna til varnarmála yrðu tvö prósent af þjóðarframleiðslu. Einungis fjögur aðildarríkjanna standa undir þeirri kröfu nú, Bandaríkin, Bretland, Grikkland og Eistland. Pólverjar lýstu því yfir að þeir ætli sér að ná þessu markmiði árið 2016. gudsteinn@frettabladid.is



**HORFT TIL HIMINS** Leiðtogar NATO-ríkjanna fylgjast með herþotum fljúga yfir. NORDICPHOTOS/AFP

### → Þátttaka Íslands eflid

Á fundum aðildarríkja NATO í gær skýrði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra frá því að íslensk stjórnvöld ætli að efla þátttöku sína og framlög í þágu eigin varna og Atlantshafsbandalagsins.

Ætlunin er að fjölga borgaralegum sérfræðingum í störfum bandalagsins og auka fjárframlög í einstök verkefni þess, þar á meðal í Úkraínu. Einnig munu stjórnvöld auka stuðning við loftrýmisgæslu hér á landi, meðal annars við þyrlubjörgunarþjónustu.

### → Vopnahlé hafið í Úkraínu

Vopnahlé hófst í Úkraínu í gær eftir nærri fimm mánaða löng átök stjórnarhersins við uppreisnarmenn í austanverðu landinu.

Petró Porosjenkó forseti undirritaði samkomulag um vopnahlé í Minsk í Hvíta-Rússlandi ásamt leiðtogum uppreisnarmanna, sem hafa haft stuðning Rússa. Fulltrúar Rússlands undirrituðu einnig samkomulagið, og það gerði einnig fulltrúi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sem haft hefur milligöngu um viðræðurnar í Hvíta-Rússlandi.

# RÉTTUR TIL VERNDAR, VIRKNI OG VELFERÐAR

## Dagskrá:

### 25. september

09:00 Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra setur þingið.

Aðalfyrirlesarar:

Trond Waage, sérfræðingur um réttindi barna og fyrrum Umboðsmaður barna í Noregi.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu og formaður Lanzarote nefndar Evrópuráðsins.

12:45 Sameiginleg málstofa.

*Eru reglur um málsmeðferð mikilvægar?*

14:45 Samhliða málstofur.

*Kynferðislegt ofbeldi - forvarnir og verklag.*

*Það skiptir máli að byrja snemma.*

*Hvernig innleiðum við PMTO með árangursríkum hætti?*

Ráðstefnan er opin öllum.

Nánari upplýsingar og skráning á [www.bvs.is](http://www.bvs.is).

## BARNAVERNDARÞING 2014

Hilton Reykjavík Nordica 25. og 26. september.

### 26. september

09:00 Aðalfyrirlesari:  
Bernadette Christensen sálfræðingur og fagstjóri við Atferðssenteret í Noregi.

10:30 Samhliða málstofur.

*Meðferð hegðunar- og vímuefnavanda.*

*Heimilisofbeldi - barnvæn nálgun, verklag og framtíðarsýn.*

*Undirbúningur og framkvæmd fósturs.*

13:00 Aðalfyrirlesari:

Henrik Andershed, prófessor í sálfræði og dósent í afbrotafraeði við Háskólann í Örebro í Svíþjóð.

14:30 Samhliða málstofur.

*Hlutverk og samvinna í greiningu og meðferð.*

*Meðferð í kjölfar áfalla og ofbeldis.*

16:00 Ráðstefnuslit.



BARNAVERNDARSTOFA





**NÝR E-UP!**

**Framtíðin er á uppleið með fyrsta Volkswagen rafbílnum.**

Við kynnum fyrsta meðlim Volkswagen fjölskyldunnar sem gengur eingöngu fyrir rafmagni. Komdu og skoðaðu þetta netta tækniundur.



**NÝR GOLF SPORTSVAN**

**Draumi líkastur á degi hverjum.**

Ef þú ert að leita að öruggum, rúmgóðum, kraftmiklum og fallegum fjölskyldubíl er nýr Golf Sportsvan svarið.

**Kominn í sportgírinn.**

Volkswagen Tiguan Sport & Style er nú á freistandi tilboði, drekkhlaðinn sportbúnaði. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra bíl.



**PASSAT**

Passat Comfortline Variant  
1.4 EcoFuel AT á tilboði:  
**5.050.000 kr.**  
þú sparar 680.000 kr.

# VELKOMIN Í VOLKSWAGEN FJÖLSKYLDUNA

**Hvort sem fjölskylda þín er stór eða smá finnur þú örugglega Volkswagen sem passar ykkur.**



Tiguan Sport & Style Diesel 2.0 TDI  
á freistandi tilboði:  
**6.750.000 kr.**  
þú sparar 715.000 kr.

**TIGUAN**

Það eru svo margar ástæður fyrir því að eignast Volkswagen. Ein sú helsta er að maður hreinlega fellur fyrir honum. Komdu við í HEKLU eða hjá umboðsmönnum um land allt og heilsaðu upp á Volkswagen fjölskyldumeðlimina. Þeir hlakka til að sjá þig.



**Das Auto.**





SPRUNGA TVÖ OG PRJÚ Minni virkni er á nýju sprungunum tveimur en þeirri fyrstu sem hefur gosið í tæpa viku. Greinileg stigmögnun gossins, segja jarðvísindamenn.

MYND/PÓRARINN JÓNSSON

## Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 20 milljónum króna í samfélagsstyrki árið 2014 sem úthlutað er í tvennu lagi. Samfélagsstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal í mannúðarmálum, menningu og listum, menntun, rannsóknum og vísindum, einnig forvarna- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi.

### Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga.
- » Verkefni á sviði menningar og lista.
- » Menntamál, rannsóknir og vísindi.
- » Forvarna- og æskulýðsstarf.
- » Sértæk útgáfustarfsemi.

### Á hvoru úthlutunartímabili verða veittir eftirtaldir styrkir:

- » Fimm styrkir að upphæð 1.000.000 krónur hver.
- » Fimm styrkir að upphæð 500.000 krónur hver.
- » Tíu styrkir að upphæð 250.000 krónur hver.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með mánuðeginum **6. október 2014**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir en afreksstyrkir eru veittir annað hvert ár.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



# Stigmögnun í eldgosinu

Nú gýs á þremur sprungum í Holuhrauni norðan Dyngjujökuls. Tvær nýjar sprungur sem opnuðust í fyrrinótt eru til marks um stigmögnun í eldsumbrotunum. Nýr sigketill hefur sést á yfirborði Dyngjujökuls.

**NÁTTÚRA** Nýju sprungurnar tvær sem opnuðust í Holuhrauni í fyrrinótt eru til vitnis um stigmögnun í eldgosinu í Holuhrauni. Gos undir jökli er talið líklegra nú en áður, en ný sigdæld sést nú á yfirborði Dyngjujökuls.

„Á nýju sprungunum er miklu minni virkni en á þeirri eldri, en þar heldur gosið áfram á fullum krafti. Þótt sprungurnar séu minni, og frá þeim komi minna hraun, þá er þetta greinileg aukning,“ sagði Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í eftirlitsflugi síðla dags í gær. Hann sagði jafnframt að við þessu hefði mátt búast, enda ein af þeim sviðsmyndum sem hafa verið settar upp.

Jarðvísindamenn hafa auk þess greint merki um aukna bráðnun undir Dyngjujökli sem sést á nýrri sigdæld til viðbótar við sigkatlana fyrir suðaustan Grímsvötn. Magnús Tumi segir hana hvorki stóra né djúpa.

Nýju gosprungurnar tvær eru suður af gosstöðinni í Holuhrauni, í sigdalnum um tvo kílómetra frá sporði Dyngjujökuls. Í eftirlitsfluginu í gær voru engar breytingar greinanlegar á Bárðarbungu.

Þóra Árnadóttir, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun, var í hópi vísindamannanna sem skoðuðu nýju sprungurnar úr lofti stuttu eftir að gos byrjaði á þeim. Við samanburð á myndum sem teknar voru með þriggja klukkustunda millibili virtist sem gosvirkni á syðsta hluta nýju sprungunnar hefði þá minnkað, en gosvirknin var á þeim tíma mun meiri á sprungunni sem opnaðist 31. ágúst en þeim nýju, og ekkert bendir til þess að gosið sé í rénun almennt séð.



Þótt sprungurnar séu minni, og frá þeim komi minna hraun, þá er þetta greinileg aukning.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði.

### Líkleg framvinda

- Skjálftahrinin fjari út og ekki komi til annars eldgoss.
- Gangurinn nái til yfirborðs á fleiri stöðum utan jökuls.
- Gangurinn nái til yfirborðs undir jökli, sem myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli.
- Eldgos í Bárðarbungu sem gæti leitt til jökulhlaups og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli.

Mælingar á umbrotasvæðinu sýndu mikla gliðnun eftir að Holuhraungosið hófst að nýju 31. ágúst og dagana á eftir saúst merki inn á framhaldandi gliðnun á mælistöðvum norðan Vatnajökuls. Þessar mælingar bentu því til þess að meiri kvika væri að koma inn í ganginn en fór upp á yfirborð í gosinu. Nú hefur hægt mjög á færslum á flestum GPS-stöðvum á þessu svæði, sem bendir til að ekki bætist við meiri kvika í ganginn en það sem kemur upp á yfirborð. Jarðvísindamenn telja þó of snemma að segja til um hvort það fer að draga úr gosi á næstunni, og ekki hægt að útiloka að eldgos verði annars staðar á þessu sprungusvæði. svavar@frettabladid.is



# Vetrartilboð!

Tilboðið gildir til 15. september 2014.

Athugið: Fleiri tilboðsdagsetningar eru í boði á [urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)

**ALLT AÐ 17.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN!**

## SKÍÐAFERÐIR



### ABTENAU AUSTURÍKI

VERÐDÆMI

10. – 17. janúar 2015

★★★ DER ABTENAUER

**92.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 1 barn  
í herbergi með morgunverði.  
Verð 101.480 kr. m.v. 2 fullorðna.



### ZELL AM SEE AUSTURÍKI

VERÐDÆMI

10. – 17. janúar 2015

★★★★ ZUM HIRSCHEN

**132.500 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í herbergi með morgunverði.  
Verð 138.000 kr. m.v. 2 fullorðna.



### ST. JOHANN AUSTURÍKI

VERÐDÆMI

17. – 24. janúar 2015

★★★★ ALPENLAND SPORH.

**119.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í herbergi með morgunverði.  
Verð 129.886 kr. m.v. 2 fullorðna.



### STEAMBOAT SPRINGS COLORADO

VERÐDÆMI

7. – 15. febrúar 2015

★★★ STEAMBOAT GRAND

**153.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í herbergi án fæðis.  
Verð 212.800 kr. m.v. 2 fullorðna.

## SÓLARFERÐIR



### TENERIFE

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR

2. – 9. mars 2015

★★★★ MARYLANZA

**92.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í íbúð með einu svefnherbergi  
án fæðis. Verð 125.800 kr. m.v. 2  
fullorðna.



### TENERIFE

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR

2. – 9. mars 2015

★★★★ FANABE COSTA SUR

**97.500 KR**

m.v. 2 fullorðna og 1 barn  
í herbergi með morgunverði.  
Verð 116.251 kr. m.v. 2 fullorðna.



### TENERIFE

VERÐDÆMI - 8 NÆTUR

19. – 27. nóvember 2014

★★★ HOVIMA JARDIN CALETA

**79.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í íbúð með einu svefnherbergi  
og morgunverði. Verð 95.040 kr. m.v.  
2 fullorðna.



### KANARÍ

VERÐDÆMI - 6 NÆTUR

26. nóv. – 2. des. 2014

★★ ROQUE NUBLO

**78.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 1 barn  
í íbúð með einu svefnherbergi  
án fæðis. Verð 90.351 kr.  
m.v. 2 fullorðna.

Allt að  
**17.000 kr.**  
BÓKUNARAFSLÁTTUR  
TIL 15. SEPTEMBER



### MADEIRA

VERÐDÆMI

7. – 16. apríl 2015

★★★★ FOUR VIEWS  
MONUMENTAL

**139.900 KR**

m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð  
með morgunverði.



### KANARÍ

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR

17. – 24. febrúar 2015

★★★ MONTEMAR

**97.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í íbúð með tveimur  
svefnherbergi án fæðis. Verð 109.016  
kr. m.v. 2 fullorðna.



### KANARÍ

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR

10. – 17. mars 2015

★★★★ BARBACAN SOL

**117.900 KR**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
í íbúð með einu svefnherbergi  
og morgunverði.  
Verð 137.200 kr. m.v. 2 fullorðna.



**Nýr vetrarbæklingur er kominn út!**

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.  
Sími 585 4000 [www.uu.is](http://www.uu.is) Facebook

**UU**  
ÚRVAL-ÚTSÝN  
[www.uu.is](http://www.uu.is)





**FJÖLBRAUT Í ÁRMÚLA** Um 45 prósent ljúka námi á fjórum árum eða minna samkvæmt nýjum tölum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Innan við helmingur klárar:

## Fjórðungur hættir námi

**MENNTUN** Einungis 45 prósent þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla á Íslandi ná að ljúka námi á fjórum árum. Miðað er við nemendur sem innrituðust í skóla haustið 2004 og hver staða þeirra er fjórum, sex og sjö árum síðar. Í frétt Hagstofunnar kemur fram að haustið 2004 hófu 4.830 nemanar nám í dagskóla á framhaldsskólastigi á Íslandi. Fjórum árum síðar, árið 2008, höfðu 45 prósent nýnemanna verið brautskráðir úr námi á framhaldsskólastigi sem var að minnsta kosti tvö ár að lengd. Þá höfðu tæp 28 prósent nýnemanna hætt námi eða tekið sér tímabundið hlé og sama hlutfall var enn í námi án þess að hafa brautskráðst. -jhh

### LÖGREGLUMÁL

#### Fíkniefni í Hafnarfirði

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á um 350 grömm af marijúana, tæplega hundrað e-töflur og lítilræði af amfetamíni við húsléit í þremur fjölbýlishúsum og einni bifreið í Hafnarfirði á fimmtudag. Fjórir karlmenn á þrítugs- og fertugsaldri voru handteknir í tengslum við þessar húsléitir.



**BÚSTAÐUR ORKUVEITUNNAR** Forstjórinn segist ekki ráða yfir sumarhúsi OR við Þingvallavatn. Íveruhúsið er til vinstri og bátaskýlið til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

# Segir ritarann með lykilinn

Forstjóri Orkuveitunnar segir hugsanlegt að lóðaleigusamningar sumarhúsa á Nesjavöllum verði endurnýjaðir. Hann kveðst sjálfur ekki hafa notað forstjórabústaðinn við Þingvallavatn í tvö ár og ekki vita hverjir noti hann.

**FJÁRMÁL** Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segist ekki vita hver noti sumarhús við Þingvallavatn sem upplýsingafulltrúi fyrirtækisins segir forstjórann hafa ráðstöfunarrétt yfir.

Bjarni neitar því að hafa ráðstöfunarrétt yfir bústaðnum og kveðst ekki fylgjast með notkun á honum. „Ritarinn minn er með lykilinn. Sennilegast eru þetta framkvæmdastjórnar hjá fyrirtækinu sem hafa notað húsið,“ segir Bjarni sem sjálfur kveðst ekki hafa notað bústaðinn í yfir tvö ár.

„Ég var þarna nokkrar nætur eftir að ég tók við forstjórastarfinu til að setja mig inn í málefni Orkuveitunnar í ró og næði,“ segir Bjarni

sem varð forstjóri á árinu 2011.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu ákvað stjórn Orkuveitunnar á árinu 2012 að selja lóðir sem einstaklingar hafa leigt undir sumarhús við Þingvallavatn í landi Nesjavalla allt frá því fyrirtækið eignaðist jörðina fyrir hálfri öld. Um er að ræða níu sumarhús. Eigendur sex þeirra höfðu lóðarleigusamninga til 50 ára og eigendur þriggja bústaða eru með leigusamninga til 99 ára.

Bjarni segir enn unnið að því að ná samkomulagi við eigendur bústaðanna. Allt eins geti farið svo að lóðarleigan verði framlengd um einhvern tiltekinn tíma að uppfylltum skilyrðum. Mikil-

vægt sé fyrir Orkuveituna að hafa full umráð yfir landinu, meðal annars vegna þess að þar sé vatnstöku-svæði fyrir Nesjavallavirkjun.

Að sögn Bjarna munu örlög sumarbústaðar Orkuveitunnar meðal annars ráðast af því hver verður niðurstaða með hin sumarhúsin. „Reyndar er þessi svokallaði forstjórabústaður á viðkvæmasta staðnum þannig að mér finnst nú líklegt að hann verði fyrstur til að fara.“

Eigendur hinna sumarhúsanna hafa sameinast í málinu og fer einn þeirra, Tómas Þorvaldsson héraðsdómslögmaður, fyrir hópnun. Ekki hefur náðst tal af Tómasi undanfarna daga. Annar eigandi



„Ég var þarna nokkrar nætur eftir að ég tók við forstjórastarfinu.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

sem rætt var við kvaðst ekki skilja hvaða sjónarmið lögju að baki hjá Orkuveitunni. „Ég get ekki séð að við séum fyrir nokkrum manni,“ sagði þessi eigandi sem ekkert vildi láta hafa eftir sér undir nafni. gar@frettabladid.is

## BMW EfficientDynamics

X3 xDrive20d 5,0 l/100 km 141 kW (190 hð)



BMW X3



www.bmw.is

Hrein akstursgleði

# BMW X3 ER TILBÚINN Í NÆSTU ÁSKORUN.

PRUFUKEYRÐU NÝJAN BMW X3 Í DAG.

Miðað við uppgöfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BMW X3 xDrive20d, verð frá: **6.990.000 kr.**

Meðan þú leitar að skemmtilegri upplifun, leitar BMW að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjörðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið í BMW X3. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.



BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16





# Fagnaðu haustinu í Miðborginni okkar

## LANGUR LAUGARDAGUR 6. SEPTEMBER

Vonandi hafa flestir náð að fullhlaða batteríin fyrir haustið sem nú er gengið í garð. Regnhlífar leysa sólaráburð af hólmi, en þó er ástæðulaust að gráta sumarið því það næsta er rétt handan við hornið. Yljaðu þér með ilmandi kakóbolla á einu af kaffihúsum miðborgarinnar. Kósý kvikmyndahús, leikhús og ógrynni verslana. Þetta finnur þú allt í miðborginni.

Verslanir opnar til 17:00 í dag og víða lengur.

**Ingólfstorg:**  
Jaðarsportmót

**Laugavegur og Skólavörðustígur:**  
Lifandi tónlist

**Miðborgin í september:**  
25. september – 5. október  
RIFF — Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík

Næg bílastæði og vaxandi fjöldi bílastæðahúsa.



# TVEIR HÖRKU



## Stór og stæðilegur alvöru jeppi á frábæru verði!

Rexton jeppinn frá SsangYong er loksins fánlegur aftur á Íslandi og það á einstaklega góðu verði. Rexton stenst allan samanburð við aðra stóra jeppa á markaðnum. Og það skín í gegn að ekkert hefur verið til sparað í frágangi og þægindum. Rexton er fullvaxinn jeppi byggður á grind og með háu og lágu drifi. Rexton er alltaf til í tuskið. Komdu og reynsluaktu nýjum Rexton. Hann er alvöru.

- Bill byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- Sjálfstæð fjöðrun að framan
- E-tronic 5 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur

- Tölvustýrð loftkæling
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 16" álfelgur
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hraðastillir (Cruise control)

- Útvarpstæki og geislaspilari / MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Þokuljós - framan/aftan
- Hæðarstillanlegt stýri
- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í sætum

- 7 manna
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhléra
- Hiti undir þurrkum í framrúðu
- Vindskeið að aftan
- Litað gler
- Þjófavörn

**Verð: 6.990 þús kr.**

Rexton DLX • 2.0 l • dísel • sjálfskiptur

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

**benni.is**



# FLOTTIR



FRUMSÝNING  
LAUGARDAGINN 6. SEPT.  
12:00 TIL 16:00

**NÝR** KORANDO



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ!

## Nýr og vandaður 4x4 sportjeppi á frábæru verði!

Markviss þróunarvinna SsangYong skilar sér í stílhreinum, fjórhjóladrifnum Korando sportjeppa, sem er eins og sniðinn fyrir íslenska vegi og verðurfar. Korando er óvenju rúmgóður jeppi í sínum flokki, hann togar mikið og er pakkaður af staðalbúnaði. Með kaupum á Korando tryggir þú þér sportjeppa sem er á pari við mun dýrari gerðir. Komdu og reynsluaktu glænýjum Korando. Hann mun koma þér skemmtilega á óvart.

### • 5 ára ábyrgð

### • Tölvuvætt fjórhjóladrif (AWD) með læsingu

- Sjálfstæð fjöðrun að framan og aftan
- 6 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS Hemlakerfi
- EBD hemlajöfnunarkerfi.
- ESP Stöðugleikastýring
- HSA kerfi - brekkuhjálpi

### • ESS bráðaviðvörðunarbrensljós

- Tölvustýrð loftkæling
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 17" álfelgur
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu

### • Hiti í stýri

- Hraðastillir (Cruise control)
- Útvarpstæki og geislaspilari / MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Led ljós - framan/aftan
- Pokuljós - framan/aftan

### • Aksturstölva

- Sjálfvirkur birtustillir í bakýnisspegli
- Hæðarstillanlegt / aðdraganlegt stýri
- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í fram- og aftursætum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Hiti undir þurrkum í framrúðu

**Verð: 4.990 þús kr.**

Korando DLX • 2.0 l • dísel • beinskiptur

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

Bíla-  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum



Hér eru sjálfsvíg tíðari en víðast annars staðar:

## Pöggunin skaðar

**G**leðiefni er að samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fækkaði sjálfsvígum hér á landi um fimm tung frá aldamótum og fram til ársins 2012. Engu að síður er tíðni sjálfsvíga hér á landi með því hæsta sem gerist, hvort sem horft er til Evrópu eða heimsins alls.

Í frétt blaðsins í dag er vitnað í skýrsluna þar sem fram kemur að árið 2012 hafi tíðni sjálfsvíga hér á landi verið 15 á hverja hundrað þúsund íbúa. Það ár létust 49 af þessum sökum, 12 konur og 37 karlar. Í allflestum vestrænum ríkjum er tíðnin hins vegar tíu sjálfsvíg eða færri á hverja hundrað þúsund íbúa. Í flokki með Íslandi eru svo Finnar, Írar, Frakkar og Norðmenn.

Skýrsla WHO er hluti af sérstöku átaki til þess að draga úr sjálfsvígum í heiminum öllum. Í inngangi skýrslunnar bendir Margaret Chan, framkvæmdastjóri WHO, á að allt of víða séu sjálfsvíg ekki flokkuð sem meiriháttar heilbrigðisvandamál.

„Þrátt fyrir auknar rannsóknir og meiri þekkingu á sjálfsvígum og hvernig koma megi í veg fyrir þau, er skömm og leyndarhyggja tengd málaflöknum viðvarandi. Oft og tíðum leitar fólk sér ekki hjálpar eða er látið eitt. Og ef fólk leitar sér hjálpar standa mörg heilbrigðiskerfi og stofnanir ekki undir því að veita gagnlega hjálp í tæka tíð,“ segir hún í inngangi skýrslunnar.

Hér á landi hefur verið óskráð regla hjá flestum fjölmöldum og hjá lögreglu og heilbrigðisstofnunum að ekki skuli fjallað opinberlega um sjálfsvíg. Er þetta af ótta við að eitt sjálfsvíg yti við einhverjum að fara sömu leið. Með pögguninni er hins vegar vandamálinu ýtt undir yfirborðið. Upplýst og opin ská umræða eykur líkur á að á vandanum sé tekið og fólk leiti sér aðstoðar í tæka tíð. Skömminni þarf að aflétta.

Í Japan varð yfir 30 prósentu aukning sjálfsvíga 1998 frá því sem verið hafði áratugin á undan. Aukningin, sem samkvæmt skýrslu WHO var rakin til félagslegra og hagrænna vandamála, náði til allra aldurshópa, en sér í lagi karla á miðjum aldri. Og þrátt fyrir að áhættuþættir væru þekktir ríkti pöggun um málið. Um væri að ræða vandamál einstaklinga og þau mál voru ekki í umræðunni, hvorki opinberri né manna í millum.

Upp úr aldamótum tók þetta hins vegar að breytast þegar börn þeirra sem höfðu fyrirfarið sér tóku að greina opinberlega frá reynslu sinni. Í framhaldinu tóku heilbrigðisvirkir að sér og frá 2005–6 hefur umtalsverður árangur náðst.

Líkt og í Japan hefur hér verið unnið gott starf í forvörnum og viðleitni til að draga úr sjálfsvígum. Mikil hlutfallsfækkun frá aldamótum hér skýrist, eins og í Japan, af bylgju sjálfsvíga sem hér varð árin 1999 og 2000, þótt hér væru það helst ungir karlmenn sem áttu í hlut.

En betur má ef duga skal. Í frétt blaðsins í dag kemur fram að sjálfsvíg séu önnur helsta dánarorsök ungs fólks á aldrinum 15 til 29 ára. Sú staða er óviðunandi og til mikils að vinna með því að efla og styrkja starf sem hér er þegar unnið við að fækka sjálfsvígum. Í þeim efnum er hlutur Rauða krossins stór, en hann rekur meðal annars hjálparáttum 1717. Í dag fer fram söfnunin Gengið til góðs og tækifæri gefst til að styrkja Rauða krossinn til áframhaldandi góðra verka hér innanlands.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verstunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



**Komdu í yoga**

Lækkar blóðþrýstinginn  
Betri svefn  
Áhersla á mjóbak og axlir  
Rétt öndun góð slökun

#### Yoga II

- Ertu að æfa en vilt ná lengra
- Meiri liðleiki
- Meiri styrkur og jafnvægi
- Yngri og sterkari líkami
- Með krefjandi yogaæfingum

#### Yoga I

- Ertu með stírdan kropp
- Ertu í yfirþyngd
- Ertu að ná þér eftir veikindi
- Ertu með vefjagigt
- Ertu komin á efri árin

**Kennt í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði 691 0381 Kristín Björg**

### SPOTTIÐ



### MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

## Seljum fólki rafrettur

**M**iklar vonir eru bundnar við nýtt lyf sem talið er geta dregið úr neikvæðum áhrifum alvarlegs sjúkdóms sem hrjáir um einn milljarð manna um heim allan. Sjúkdómurinn er langvinnur og dregur á endanum um helming þeirra sem af honum þjást til dauða. Ekki nóg með það heldur rýrir hann lífsgæði margra annarra. Sjúkdómurinn er smitandi, sérstaklega á meðal ungs fólks og þótt dregið hafi úr tíðni hans í þróðum ríkjum sækir hann fram, sem aldrei



fyrir, í fátækari löndum heims.

Talið er að nýja lyfið geti aukið lífslíkur sjúklinga tölvert og í einhverjum tilfellum jafnvel læknað sjúkdóminn að fullu. Einn þekktasti sérfræðingur heims á því sviði læknavísindanna sem fæst við sjúkdóminn telur að tilkoma lyfsins gæti orðið ein stærsta bylting í læknavísindum í heila öld.

Hann líkir tilkomu lyfsins við það þegar sýklalyf voru fundin upp.

Margir aðrir innan lækna-stéttarinnar hafa þó meiri efasemdir. Sumir vilja meina að lyfið hafi ekki verið nægilega vel rannsakað. Aðrir óttast að lyfið kunni að vera misnotað af öðrum en sjúklingum. Loks eru margir sem telja að lyfið sé óþarft því að sjúkdómurinn megi lækna án sérstakrar lyfjagjafar. Þá telja margir að ef til væri lyf sem dempaði áhrif sjúkdómsins myndi draga úr skjórleika forvarnasjónarmiða.

## Vongóðir vísindamenn

**S**júkdómurinn er tóbaksfíkn. „Lyfið“ er rafsígarettur. Rafsígarettur eru tæki sem líkjast gjarnan sígarettum en gefa frá sér gufu, ýmist með nikótíni eða án, í stað reyks. Þær eru tiltölulega nýleg uppfinning og langtímaáhrif af neyslunni ekki þekkt en þó má ætla að þeir sem innbyrða nikótín með þessum hætti sleppa í það minnsta við afleiðingar þess að fylla lungu sín af hvers kyns eiturefnum sem jafnan má finna í reyk. Sérfræðingurinn sem minnst var á er David Nutt, breskur sálfræðingur og fyrrverandi ráðgjafi breskra stjórnvalda í fíkniefnamálum. Afstaða Davids Nutt til rafsígarettna er í anda þeirrar hugmyndafræði að markmið með fíkniefnastefnu ætti að vera að lágmarka þann skaða sem fíkniefni valda en ekki endilega að lágmarka, eða jafnvel útrýma, neyslu þeirra.

David Nutt er ekki sá eini sem telur að rafsígarettur geti falið í sér byltingu. Í nýlegri grein í tímaritinu Addiction Journal var sagt frá fimm ára rannsókn hóps vísindamanna sem komust að því að þeir sem notuðu rafsígarettur hættu frekar að reykja hefðbundnar sígarettur heldur en þeir

sem hættu án aðstoðar eða notuðu plástra eða tyggjó. Vísindamennirnir telja að rafrettarnar geti hjálpað við að draga úr reykningum.

Í rannsókn tveggja lækna í British Journal of General Practice er því haldið fram að ef allir breskir reykningamenn myndu skipta yfir í rafsígarettur myndi það bjarga 54 þúsund mannlífum árlega þar í landi. Ef þessar tölur væru heimfærðar yfir á Ísland myndi það þýða að hægt væri að bjarga 200 mannlífum á ári ef allir íslenskir reykningamenn myndu skipta yfir.

## Kreddufull andstaða

**M**argir benda á að við vitum ekki margt um langtímaáhrifin. Eins hafa sumir áhyggjur af því að tóbaksfyrirtækin sjái sér nú leik á borði til að græða enn meira á nikótínfíkn. Aðrir óttast að sum þessara tækja geti höfðað til barna: Menn framleiði þegar rafrettur með ávaxtaþragði og svo framvegis. Og auðvitað vilja sumir bara banna þetta strax.

Rafsígarettur með nikótíni eru bannaðar í Ástralíu og eitt fylki landsins, Vestur-Ástralía, hefur meira að segja bannað rafsígarettur sem nota ekki nikótín. Í mörgum ríkjum er þrýstingur á að fara sömu leið. Menn eru hræddir við að þetta normaliseri reykningar. Það er dálítið fjarstæðukennt: Að bara sú aðgerð ein að innbyrða lofttegund úr flöngu priki sé syndug í sjálfu sér því hún líkist athöfn sem sannarlega er óholl. Næsta skrefið er væntanlega að banna óáfengan bjór.

Segjum að einhverjum tækist að búa til sígarettu sem uppfyllti allar þarfir reykningamanna en myndi ekki valda neinum teljandi skaða. Ætti að banna hana? Auðvitað ekki. Menn hafa reynt að draga úr reykningum af því að þær eru mjög skaðlegar, ekki út af því að þær eru síðferðislega rangar á sjálfu sér.

Eins: Ef fram kemur fíkniefni sem, miðað við bestu þekkingu dagsins í dag, er skaðminna en sígarettur en getur hjá sumum komið í staðinn fyrir þær þá á að leyfa það fíkniefni. Og leyfa jafngóða dreifingu á því og hefðbundnum sígarettum. Menn mega ekki láta kredduna bera sig ofurliði.





**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**POLO**  
RALPH LAUREN

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**VAN KOLLEM**  
MADISON PARK • NY

**gardeur**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**PETER VAN HOLLAND**

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

*Stenströms*

**BELLINI**  
collezione

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá kl. 13 til 17  
Sími 568 9512



**Troðfull**  
verslun af merkjavöru!

**50-**  
**80%**

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg föt á stelpur og stráka...



Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



# HELGINN

**Logi Gunnarsson, landsliðsmaður í körfubolta**

## Ljósanótt með fjölskyldunni

„Það er nóg að gera hérna í Reykjanesbæ, allt að gerast á Ljósanótt. Ég fer væntanlega í bæinn með fjölskylduna og skoða mannlífið. Maður verður á ferðinni eitthvað fram á kvöld og horfir svo á flugeldasýninguna. Svo held ég að ég slappi bara af á sunnudaginn.“



**Gunnlaugur Jónsson, knattspyrnupjálfi í Á**

## Kærkomið frí

„Þessa helgina á ég kærkomið frí frá boltanum og ég mun reyna að gera eitthvað skemmtilegt með börnunum, ég var reyndar búinn að lofa að hjálpa með málin í Kaffihúsi Vesturbæjar.“



**Ragnheiður Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur**

## Saflát og gæðastund

„Á laugardaginn ætla ég að sofa út eftir snilldarmatarbæði sem ég held á föstudagskvöldinu. Svo stendur til að taka á móti nokkrum konum heima hjá mér til að ræða saflát.“



**Edda Hermannsdóttir, aðstoðarráttgjafi Viðskiptablaðsins**

## Hreyfing og kokuát

„Ég er að kenna morguntíma í World Class í dag og svo verða bakaðar ljúffengar bollakökur. Hápunkturinn er svo að fara í afmæli og fá gesti í heimsókn.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á STUÐMANNATÓN-LEIKANA** í Hörpu í kvöld sem byggjast á hinni goðsagna-kenndu hjómplötu TÍVOLI. Tvennir tónleikar, kl. 19.30 og 22.30 og fyrir þá allra hörðustu er Stuðmannaball í Silfurbergi fram á nótt eftir tónleikana.

**Á SÖNGKONUNA SIU** og lagið Chandelier sem hefur farið sigurför í heiminn.



**SÆNSKU SPENNU-SÖGUNA**

Síðasta hlekkinn eftir hinn sænska rit-höfund Fredrik Olsson sem hefur verið efst á vinsældalistum.



**Á WAYNE ROONEY** og félagana hans í Manchester United taka á móti QPR í beinni á STÖÐ 2 Sport á morgun klukkan 14.50.



**HÁVAR SIGURJÓNSSON** fæddur 1958. Er stúdent frá MS 1978 og lauk BA-prófi í leikhúsfraeðum frá Leiklistardeild University of Manchester. MA-gráðu frá University of Leeds, auk framhaldsnáms í leikstjórn við BBC í London. Var leikstjóri og leiklistarráðgjafi við Þjóðleikhúsið árin 1992-97 og leikstýrði þar sýningum á eigin leikgerð eftir skáldsögunni Ég heiti Ísbjörg, ég er ljón, Gauksheiðrinu og Taktu lagið Lóa svo eitthvað sé nefnt. Hefur skrifað fjölda leikrita fyrir leiksvið, útvarp og sjónvarp og hefur Þjóðleikhúsið frumflutt þrjú leikrita hans. Hávar hefur verið mikilvirkur í félagsmálum leikhúsfólks, var formaður Félags leikskálda og handritshöfunda í tíu ár, formaður Leiklistarráðs og sat í stjórn Félags leikstjóra á Íslandi um árabil. Hann hefur kennt leiklistarsögu og leikritun við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands auk þess að halda fyrirlestra um íslenska leiklist við erlenda háskóla og menningarstofnanir.



**MELKORKA TEKLA ÓLAFSDÓTTIR** fædd 5. janúar 1970. Lauk BA-prófi í íslensku og almennri bókmenntafræði, með áherslu á leikbókmenntir frá Háskóla Íslands. Lauk meistaraþrófi í leikhúsfraeði frá Université de la Sorbonne Nouvelle í París en áður hafði hún lokið licence-prófi í leikhúsfraeði frá sama skóla. Hefur leikstýrt sýningum í Þjóðleikhúsinu, hjá sjálfstæðum leikhópum og í Útvarpsleikhúsinu. Meðal leiklistarráðgjafa hennar eru Abel Snorko býr einn, Vinnukonurnar, Vígagudinn og fleiri. Hefur verið leiklistarráðgjafi Þjóðleikhússins frá árinu 1997, sem aðstoðarmanneskja og listrænn ráðu-natur tveggja Þjóðleikhússtjóra. Hefur veitt listamönnum hussins listræna og fræðilega ráðgjöf, og miðlað fróðleik um leikhús, meðal annars með skrifum í leikskrá og stjórn umræðna um leikhús. Áður var hún leiklistarráðgjafi hjá RÚV.



**HALLDÓR E. LAXNESS** fæddur 18. september 1959. Lærði látbragðsleik og leiklist á Ítalíu. Fluttist heim og var aðstoðarleikstjóri Þjóðleikhússins um tíma. Nam nútímaóperuleikstjórn í Dance Center for the Arts í Kanada og starfaði þar um tíma. Þaðan fluttist hann til Los Angeles þar sem hann tók Master of Fine Art í kvikmyndaleikstjórn. Hefur síðan þá leikstýrt hjá Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Síðustu ár hefur hann verið leikstjóri í lausamennsku víða um heim. Síðustu verk hans eru meðal annars uppsetning Íslensku óperunnar Il Trovatore og verk nemendaleikhússins, Jarðskjálftar í London.



**TRAUSTI ÓLAFSSON** fæddur 15. júní 1949. Doktor í leiklistarfræðum frá University of East Anglia í Bretlandi. Stundaði nám í leikstjórn við sviðslistaháskólann í Prag og gegndi embætti leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar í þrjú ár. Hefur kennt leiklist bæði hér heima og við háskóla í Bandaríkjunum og Bretlandi, þar sem hann hefur einnig starfað við leikstjórn. Hefur frá árinu 2004 kennt leiklistarfræði og leikbókmenntir við Háskóla Íslands. Trausti hefur starfað töluvert með jaðarhópum og sett upp leiksýningar á vegum Hlutverkaseturs. Meðal rita hans eru Leikhús nútímans sem kom út hjá Háskólaútgáfunni á sl. ári og Ibsen's Theatre of Ritualistic Visions, en leiksýning byggð á þeirri bók var sviðsett í Denver í Colorado árið 2012 í leikstjórn Trausta og Lauru Cuetara. Hann vinnur nú að leikgerð Keisara og Galilea eftir Henrik Ibsen ásamt ástralska leikstjóranum Peter King, áformað er að sýna verkið á leiklistarháttínni í Melbourne á næsta ári.

# Þau sækja um stöðu ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRA



**HILMAR JÓNSSON** fæddur 13. maí 1964. Lærði leiklist í Leiklistarskóla Íslands. Hilmar er einn stofnenda Hafnarfjarðarleikhússins og sá um rekstur þess í þó nokkur ár, ásamt

því að leikstýra sýningum þar. Nú síðast leikstýrði hann uppsetningu Borgarleikhússins á Furðulegu háttalagi hunds um nótt. Hann hefur leikið í þekktum íslenskum kvikmyndum á borð við Blóðbönd og Kaldaljós, ásamt því að hafa unnið með Vesturporti. Hilmar á að baki fjölda leiksýninga hjá Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu, Nemendaleikhúsinu og á Norðurlöndunum.



**MARTA NORDAL**, fædd 12. mars 1970. Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, lærði leiklist hjá Bristol Old Vic Theatre School. Lauk MBA-námi frá Háskólanum í

Reykjavík 2014. Hefur leikið hjá Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu, verið í fjölda leikhópa og útvarpsleikrita. Stofnandi leikhópsins Aldrei Óstelandi ásamt Eddu Björgu Eyjólfsdóttur sem hefur meðal annars sett upp leikritin Fjalla-Eyvind og Lúkas. Er að setja upp sýninguna Ofsa eftir Einar Kárason í Þjóðleikhúsinu í vetur í leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur. Situr í stjórn Íslenska dansflokksins og í stjórn Leikfélags Reykjavíkur.



**RÚNAR GUÐBRANDSSON** fæddur 24. maí 1956. Nam leiklist í Danmörku og á Englandi. Hlaut margvíslega þjálfun í leiktækni erlendis. Rúnar hefur lokið MA- og MPhil-gráðum í leikstjórn og leiklistarfræðum. Sem leikstjóri á hann að baki fimmtíu sýningar. Frá árinu 1992 hefur hann rekið leikhúsið Lab Loka sem sett hefur upp fjölda sýninga sem hafa verið tilnefndar til Grímuværðlauna. Starfaði sem prófessor við Listaháskóla Íslands, kenndi þar leiklist og var stundakennari við Kvikmyndaskóla Íslands. Hann hefur m.a. átt sæti í Þjóðleikhúsráði og Listaráði Þjóðleikhússins. Í dag situr hann meðal annars í stjórn Félags leikstjóra á Íslandi og Act Alone-leiklistarháttíðarinnar.



**RAGNHEIÐUR SKÚLADÓTTIR** fædd 7. júlí 1966. BA-gráða í leiklist frá University of Iowa, Iowa City og MFA-gráða í leiklist frá University of Minnesota, Minneapolis. Bjó í Bandaríkjunum í 13 ár, síðustu fjögur árin í New York. Var fyrsti deildarforseti leiklistardeildar Listaháskóla Íslands (2000-2011) sem undir hennar stjórn varð leiklistar- og dansdeild. Stofnaði þar brautina Fræði og framkvæmd og samtímadansbraut ásamt sínu starfsfólki. Stofnaði ásamt öðru góðu fólki alþjóðlegu leiklistarháttíðina LÓKAL sem nýverið var haldin í sjöunda sinn. Er leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar til 31. desember (2012-2014). Var í stjórn Leiklistarsambands Íslands og formaður NORTEAS, samtaka norræna sviðslistaskóla. Hefur komið að sköpun fjölmargra sviðsverka í nemendaleikhúsi, hjá sjálfstæðum leikhópum og sem leikhússtjóri.



**ARI MATTHÍASSON** fæddur 15. apríl 1964. Lærði leiklist í Leiklistarskóla Íslands. Stundaði nám í íslensku og bókmenntum við Háskóla Íslands, en lauk ekki prófi. Með MBA-gráðu í stjórnun og viðskiptafræði og mastersgráðu í hagfræði. Hefur leikið í fjörutíu sýningum í leikhúsi og fimmtán bíómyndum, nú síðast stórmyndinni The Secret Life of Walter Mitty. Ari hefur leikstýrt bæði hér heima og í Noregi. Var framkvæmdastjóri SÁÁ og hefur starfað við gerð markaðsáætlauna og stefnumótana í markaðsmálum hjá fjölda fyrirtækja. Síðan 2010 hefur Ari starfað sem framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins.



**REYNIR FREYR REYNISSON** fæddur 16. ágúst 1979. Menntaður leikstjóri. vann meðal annars að myndinni Me and Bobby Fischer.



# HÖRKUTILBOÐ

8.-12. SEPTEMBER

**DEWALT**

- á heima hjá Sindri -

DCD790D2

## 18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL

Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2\*2,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 60 Nm  
Þyngd: 1,55 kg  
Gírar: 2  
LED ljós



Verð með upptöku  
**40.900** m/vsk.  
Fullt verð 55.900

Tökum eldri borvélar  
upp í fyrir 15.000,-



DCD790P2


## ÖFLUG 18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL

Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2\*5,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 60 Nm  
Þyngd: 1,84 kg  
Gírar: 2  
LED ljós



Verð með upptöku  
**58.900** m/vsk.  
Fullt verð 73.900

Tökum eldri borvélar  
upp í fyrir 15.000,-



DCG412N

## SLÍPIROKKUR 18V XR 125 MM

Fyrir 125 mm skífur  
Afl: 405W  
Snúningshraði: 7.000 sn./mín.



Tilboðsverð  
**27.900** m/vsk.  
Fullt verð 34.900

DCS355N

## 18V FJÖLNOTA SÖG

Afl: 300W  
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu  
Hraði: 0-20.000 OPM  
Þyngd: 1,06 kg  
Flýtilosun á blaði  
Lengd: 310 mm




Tilboðsverð  
**34.900** m/vsk.  
Fullt verð 44.054

DCF880N

## ÖFLUG 18V HERSLUVÉL 1/2

Stök vél  
Bitahaldari: 1/2"  
Hersla: 203 Nm  
Afl: 250W  
Snúningshraði: 0-2.300 sn./mín.



Tilboðsverð  
**34.900** m/vsk.  
Fullt verð 44.900

DCF895N

## 18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvéll  
Bitahaldari: 1/4"  
Stök vél  
Hersla: 165 Nm  
Afl: 260W  
Þyngd: 1,57 kg  
LED ljós



Tilboðsverð  
**34.900** m/vsk.  
Fullt verð 44.900

D28135

## SLÍPIROKKUR

Afl: 1400W  
Skífur: 125 mm  
Snúningshraði: 10.000 sn./mín.  
Þyngd: 2,5 kg



Tilboðsverð  
**17.900** m/vsk.  
Fullt verð 19.900

DWE4151

## SLÍPIROKKUR

Afl: 900W  
Skífur: 125 mm  
Snúningshraði: 11.800 sn./mín.  
Þyngd: 2,05 kg



Tilboðsverð  
**13.900** m/vsk.  
Fullt verð 17.117

DCK691M3

## 18V HLEÐSLUSETT MEÐ 7 VÉLUM

DCD785 borvél  
DCF885 hersluvéll  
DCS391 hjólsög  
DCG412 slípirokkur  
DCS331 stingsög  
DCL040 ljós  
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion  
DCR017 útvarp

Tilboðsverð  
**199.900** m/vsk.  
Fullt verð 245.495

ÚTVARP FYLGIR



DCK592M3

## 18V HLEÐSLUBORVÉL MEÐ 6 VÉLUM

DCD985 borvél  
DCS391 hjólsög  
DCS380 sverðsög  
DCS331 stingsög  
DCL040 ljós  
3 stk. rafhlöður 4,0 Ah Li-Ion  
DCR017 útvarp

Tilboðsverð  
**189.900** m/vsk.  
Fullt verð 236.177

ÚTVARP FYLGIR





# Stærsta frumsýningin fram undan

**Hafsteinn Gunnar Sigurðsson** kvikmyndaleikstjóri og **Valgerður Rúnarsdóttir**, dansari og danshöfundur, eru önnur kafið fólk. Hafsteinn frumsýndi París norðursins í gærkvöldi og Valgerður sýndi tvö frumsamin dansverk á árinu og dansar nú í því þriðja í Borgarleikhúsinu. Nú bíður þeirra hins vegar nýtt verkefni því eftir sex vikur fæðist þeim dóttir.

**Friðrika Benónýsdóttir**  
fridrikab@frettabladid.is



Þrátt fyrir að standa í ströngu þessa dagana eru þau Hafsteinn Gunnar og Valgerður ímynd rósemdar og afslappelsis þegar ég hitti þau á kaffihúsi í miðbænum daginn eftir forsýningu á París norðursins. Hún fær sér te og hann espresso og við setjumst í rólegasta horn staðarins þar sem skvaldur annarra gesta og surgjó í kaffivélinni truflar minnst. Ég byrja á að spyrja þau hvað þau hafi þekkt lengi.

Valgerður verður fyrir svörum. „Við höfum þekkt frá því að við vorum fjögurra ára því mömmur okkar unnu saman. Síðan vorum við saman í bekk í Melaskóla og vissum alltaf hvort af öðru en vorum samt aldrei nánir vinir, bara kunningjar.“

Fyrir sex árum hittust þau svo á bar í Reykjavík, „eins og flest önnur þör bæjarins“ eins og Hafsteinn orðar það, og hafa verið saman síðan. Starfa sinna vegna hafa þau þó verið langdvölum aðskilin en hafa nú fest kaup á íbúð í Vesturbænum og eiga von á frumburðinum, lítilli prinsessu, eftir sex vikur. Valgerður lætur það þó ekki stoppa sig í dansinum og dansar þessa dagana á sviði Borgarleikhússins í dansverkinu Reið, eftir Steinunni Ketilsdóttur og Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, eins og ekkert sé. „Við dönsu þar báðar,“ segir hún og strýkur kúluna.

## Lá á að verða dansari

Sumarið hefur verið ansi annarsamt hjá þeim, mikil vinna hefur farið í að standsetja nýju íbúðina, leggja lokahönd á París norðursins og æfa fyrir frumsýningu á Reið. Nú sjá þau fram á rólegri tíma.

Hafsteinn: „Nú getum við snúið okkur að því að fara að þæla í því sem tengist barninu. Ég er ákveðinn í því að taka mér frí og fylgja ekki París norðursins á kvikmyndahátíðir erlendis. Handritshöfundur og leikarar munu sjá um það. Ég ætla að vera til staðar þegar dóttir mín kemur í heiminn og fyrst á eftir. Vera bara þabbi í fullu starfi um stund.“

Bæði hafa þau Hafsteinn og Valgerður verið á miklum ferðalögum undanfarin ár og segja hlæjandi að þau séu eiginlega

fyrst núna að kynast sem sambylilsfólk. Valgerður starfaði í Belgíu þegar þau kynntust þar sem hún dansaði í dansflokki hins fræga danshöfundar Sidi Larbi Cherkaoui. Reyndar hefur hún verið meira og minna erlendis frá unglingsaldri. „Ég fór í dansnám til Noregs eftir einn bekk í Kvennó, mér lá svo mikið á að fara að vinna sem dansari og á þeim tíma var ekkert framhaldsnám í dansi hér heima. Ég byrjaði í ballett þegar ég var mjög ung og man bara ekki eftir mér öðruvísi en dansandi. Það kom aldrei neitt annað til greina. Síðustu árin hef ég svo verið mikið að túra með Larbi og það hefur verið dýrmæt reynsla og frábær tími, en nú er ég komin heim – í bili allavega.“


## Af hjólabrettinu í kvikmyndirnar

Hafsteinn lauk námi í MR og fór síðan í almenna bókmenntafræði í HÍ þar sem á þeim tíma var engin kvikmyndafræði kennd hérlendis.

„Eftir BA-próf í bókmenntafræðinni fór ég svo í mastersnám í kvikmyndagerð í Columbiaháskólanum í New York. Ég hafði lengi verið að gera stuttmyndir og heimildarmyndir sem áhugamaður og hafði stefnt á kvikmyndagerðina. Ég var mikið á hjólabretti sem unglingur og þá vorum við oft að gera hjólabretta myndir á VHS og klippa saman á tveimur vídeótækjum. Þegar ég var kominn í menntaskólann fór ég svo í kvikmyndaklúbb og uppgötvaði kvikmyndalistina og heillaðist af öllum þeim möguleikum sem miðillinn hefur upp á að bjóða.“

Ég hegg eftir því að bæði tala þau eins og þau hafi verið unglingar á nánast forsögulegum tíma þótt þau séu ekki nema 35 ára. Þau hlæja og samþykkja það en það hafi bara svo margt breyst á þessum stutta tíma.

Hafsteinn segist ekki hafa haft áhuga á því að reyna að hasla sér völl í Bandaríkjunum, þrátt fyrir að námið hafi auðvitað komið honum í ýmis tengsl inn í þann geira. „Það heillaði mig ekki að reyna að fara þar inn strax eftir nám. Þá hefði ég bara verið í því að sækja kaffi fyrir einhvern leikstjóra fyrstu tíu árin. Það á líka eftir að gera svo margt í íslenski kvikmyndagerð og mig langar til að vera hluti af því og taka þátt í að þróa hana áfram. Einnhvern tíma langar mig að gera myndir á ensku, en það er allt önnur staða að koma þar inn með nokkrar myndir í farteskinu.



„Það verður örugglega stærsta frumsýningin til þessa. Og örugglega miklu meiri vinna á bak við hana en allt hitt, enda ekkert hægt að æfa sig fyrir hlutverkið, það verður bara spunníð á staðnum.“

Valgerður.

Fyrsta myndin mín í fullri lengd, Á annan veg, var endurgerð í Bandaríkjunum og það telur strax. Svo er bara að halda áfram að byggja upp ferilinn.“

## Greiddi læknum með lakkris

Fljótlega eftir að Hafsteinn hóf námið glímdi hann við tvo alvarlega sjúkdóma í einu. „Ég fékk sjálfsofnæmissjúkdóminn lúpus upp úr tvítugu og að fá einn sjálfsofnæmissjúkdóm getur oft leitt af sér fleiri. Smám saman byrjaði ég að missa allan mátt í vöðvum og þegar ég var nýfluttur til New York kom í ljós að ég var með myasthenia gravis sem á íslensku heitir vöðvaslensfár. Aukaverkun af þeim sjúkdómi er ofvöxtur í hóstarkirtlinum og þegar hann er fjarlægður hverfa einkenni sjúkdómsins í helmingi tilfella. Sú aðgerð hljómaði hins vegar ekki vel því venjulega er hún opin skurðaðgerð á brjóst-kassanum, þannig að ég var ekkert sérlega spenntur fyrir þeirri hugmynd læknisins míns hér heima. Góður vinur minn kom mér í þá samband við íslenskan

lækni á besta sjúkrahúsi í New York sem kom mér í samband við lækni sem gerir brjóstholsskurðaðgerðir í gegnum skópú, þannig að ekki þarf að opna brjóst-kassann. Ég var mjög fljótur að jafna mig eftir aðgerðina og í kjölfarið kynntist ég einum fremsta sérfræðingi BNA í taugalækningum sem vildi endilega hitta mig því hann hafði aldrei hitt karlmann undir þrítugu sem var með þessa tvo sjúkdóma, það eru yfirleitt bara konur. Sem segir mjög mikið um í hversu miklum tengslum ég er við konuna í mér. Ég var í meðferð hjá honum þangað til öll einkenni voru horfin og ég hef ekki fundið fyrir neinu síðan. Ég var líka mjög heppinn því sem nemandi við Columbia hafði ég fulla sjúkratryggingu og ég þurfti ekki að borga krónu fyrir þessar rándýru meðferðir. Reyndar rann tryggingin út áður en ég útskrifaðist og lækni-rinn gerði mér það tilboð að ég myndi bara borga honum í íslenskum lakkris. Þannig að ég fór til New York á hálfis árs fresti með kíló af lakkris í töskunni sem var öll greiðslan

sem hann fékk fyrir að sinna mér.“

## Finnst gott að slaka á í eldhúsinu

Bæði Valgerður og Hafsteinn hafa verið mjög upptekin í list sinni undanfarin ár, Hafsteinn við að vinna París norðursins og Valgerður samdi og sýndi tvö dansverk á síðasta leikári, Óróleika í Þjóðleikhúsinu og Farangur hjá Íslenska dansflokknum sem hún hlaut Grímuverðlaunin sem besti danshöfundur ársins fyrir í sumar. Eiga þau engin önnur áhugamál?

„Valgerður: „Í sumar hefur allur frítími farið í að þússa gólf og lista en við eigum allveg fullt af öðrum áhugamálum.“

Hafsteinn: „Við höfum gaman af því að ferðast, fara í útilegur, elda mat og bjóða góðum vinum í heimsókn.“

Valgerður: „Ég er svo heppin að Haddi er flinkur að elda góðan mat því mér finnst ekki eins gaman að elda.“

Hafsteinn: „Ég hef hins vegar voða gaman af mat og fæ líka útrás fyrir sköpunargáfuna við

## LEYNILEIKHÚSIÐ

FRÁBÆR LEIKLISTARNÁMSKEIÐ  
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA AÐ HEFJAST!  
SKÖPUNARKRAFTUR, SJÁLFSTRAUST OG GLEÐI!



SKRÁNINGAR Á  
WWW.LEYNILEIKHUSID.IS





“Hann hafði aldrei hitt karlmann undir þrítugu sem var með þessa tvo sjúkdóma, það eru yfirleitt bara konur. Sem segir mjög mikið um í hversu miklum tengslum ég er við konuna í mér.

Hafsteinn.



eldamenskuna. Þetta er strúktúr og samsetning og tónar og bragð, eiginlega bara eins og að gera bíómynd.

Valgerður: „Þér líður líka svo vel í eldhúsinu, slakar algjörlega á. Mér hins vegar finnst voða gott og gaman að borða góðan mat en er ekki hrifin af stússinu sem fylgir því að búa hann til. Við skiptum með okkur verkum.“

Hafsteinn (glottandi): „Þú ert til dæmis betri í að þrifa. En varðandi spurninguna þá getum við auðvitað ekkert neitað því að vinnan er aðaláhugamálið og áhugamálið vinnan þannig að skilin eru mjög óskýr.“

#### Tvær myndir á teikniborðinu

Stundum tekst þeim meira að segja að sameina vinnu/áhugamál beggja eins og sést á því að Valgerður er skráð danshöfundur bæði í Á annan veg og París norðursins. Hvað þýðir það?

Hafsteinn „Það var eitt dansatriði í Á annan veg sem Vala samdi og í París norðursins er sundleikfimiþópur frá Vestfjörðum sem hún sá um að kóréografera.“

Valgerður: „Þetta eru óskaplega hressar konur frá Bolungarvík, Ísafirði og Flateyri sem hittast einu sinni í viku í sundleikfimi. Það var ótrúlega gaman að vinna með þeim.“

Hér fá þau bæði glampa í augu og samtalið færast yfir á Flateyri þar sem París norðursins var tekin. Á annan veg var líka tekin á Vestfjörðum og þau eiga vart orð til að lýsa hrifningu sinni á fólkinu og umhverfinu fyrir vestan, enda segjast þau fara þangað eins oft og þau geta. Hafsteinn undirstrikar þó að París norðursins gerist alls ekki á Flateyri frekar en í einhverju öðru þorpi á landsbyggðinni, sögusviðið sé bara óskilgreint þorp enda hafi sá heimur lengi heillað hann. „Ég hugsa samt að ég fari eitt-hvert annað í næstu mynd, hver sem hún verður. Ég er sjálfur að þróa handrit og er að vinna annað sem er mjög spennandi. Ég myndi helst vilja gera nýja mynd strax á næsta ári en eftir þessi skelfilegu mistök ríkisstjórnarinnar að skera niður framlög til skapandi greina þá er róðurinn aðeins þyngri. Það þýðir hins vegar ekkert annað en að halda damp og koma verkefnunum áfram.“

#### Fimm stjörnu sýning

Næsta mál á dagskrá er hins vegar auðvitað fæðing frumburðarins og að takast á við nýtt hlutverk sem foreldrar. Hvernig leggst það í þau? „Það verður örugglega stærsta frumsýningin til þessa,“ segir Valgerður hlæjandi. „Og örugglega miklu meiri vinna á bak við hana en allt hitt, enda ekkert hægt að æfa sig fyrir hlutverkið, það verður bara spennið á staðnum.“

Hafsteinn: „En kannski á bakgrunnurinn úr kvikmyndagerðinni eftir að koma sér vel, þar sem maður þarf að vera fljótur að hugsa og taka á málum eins skjótt og þau koma upp.“

Valgerður: „Annars erum við mjög spennt að takast á við þessi nýju hlutverk. Svo eigum við líka bæði stórar og hjálpsamar fjölskyldur þannig að það er nóg af fólki til að létta undir með okkur. En þetta verður alveg pottþétt fimm stjörnu sýning.“



#### Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.

Í dag efnum við til sölusýningar í verslun okkar í Nóatúni 4.

Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum, m.a. þvottavélar með sjálfvirkum kerfum og vigt, uppþvottavélar með öflugri Zeolite-þurrkun, kælskápa með tækni sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta, þurrkara með sjálfhreinsandi rakapétti og fleira og fleira.

#### Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður verulega góður afsláttur.

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

# SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



# RISA LAGER SALA

HEFST Í  
**DAG**  
AÐEINS Í NOKKRA  
DAGA!

OPNUNARTÍMI  
LAU. 11<sup>00</sup>–17<sup>00</sup>  
SUN. 13<sup>00</sup>–17<sup>00</sup>  
MÁN.–FÖS.  
12<sup>00</sup>–18<sup>00</sup>



**KLETTAGÖRÐUM 6**  
GEGNT HRINGRÁS



Leggur grunn að góðum degi



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lífandi heimili –



DORMA

– býður góða nótt



Leggur grunn að góðum degi



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lífandi heimili –



# 25-70%

AFSLÁTTUR

EKKI  
MISSA AF  
ÞESSU!

EIN STÆRSTA  
LAGERSALA  
FYRR OG SÍÐAR  
Á ÍSLANDI

| SÓFAR | HEILSURÚM

| HEILSUDÝNUR | RÚMGAFLAR

| SÓFASETT | KODDAR | HÆGINDASTÓLAR

| SVEFNSÓFAR | ELDHÚSSTÓLAR | SÓFABORÐ

| SÆNGUR | BORÐSTOFUBORÐ | GRJÓNAPÚÐAR

| ÚTLITSGALLAÐ | SÝNINGAREINTÖK | O.FL. | O.FL.







MADSIJD NILI Sendiherra Írans er með aðsetur í Ósló en var í heimsókn hér í lok síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



FORSETINN Hassan Rúhaní Íransforseti tók þátt í fundi til stuðnings Palestínumönnum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÁ TEHERAN Sælgaði útdeilt til vegfarenda í tilefni þess að vopnahlé hófst á Gasa.

# Betra viðmót bætir samskiptin

Öfgafólk og hryðjuverkamenn eru stærsta vandamál Mið-Austurlanda. Það hefur þó ekkert með trúarbrögð að gera. Þetta fullyrðir Madsjid Nili, sendiherra Írans á Íslandi, sem var í stuttri heimsókn hér á landi undir lok síðustu viku.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Þetta eru öfgamenn. En það hefur nákvæmlega ekkert með trúarbrögð að gera," segir Madsjid Nili, sendiherra Írans á Íslandi.

„Það sem þarf að gera er að spyrja hvaðan þeir fá fjármagn og vopnin.“

Nili var staddur hér á landi í lok síðustu viku. Hann ræddi við Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra og nokkra embættismenn um að styrkja samstarf Írana og Íslendinga á ýmsum sviðum.

Hann tók á móti blaðamanni í anddyri Grand Hotel í Reykjavík. Eins og Írana er síður lagði hann sig fram um að sýna af sér gestrisni og almennilegheit. Jafnvel þótt hann væri staddur á hóteli í útlöndum kom hann sér fyrir ásamt aðstoðarmanni sínum í þægilegu sófahorni, dálítið afsíðis frá mesta erli hótelsheimsins, og bauð bæði blaðamanni og ljósmyndara upp á kaffisopa. Rétt eins og hann væri heima hjá sér að taka á móti gestum.

Sjálfur fékk hann sér te og byrjaði viðtalið á því að færa íslensku þjóðinni kærar kveðjur frá írönsku þjóðinni.

## Veita hjálp ef um er beðið

Blaðamanni lék meðal annars forvitni á að vita hvað írönsk stjórnvöld getu hugsað sér að gera til þess að aðstoða nágrannaríkið Írak í baráttu þarlendra gegn vígasveitum herskárna íslamista, sem farið hafa þar fram af mikilli grimmd.

Hann svaraði því til að ráðamenn í Írak hefðu fulla getu til þess að ráða við þennan erfiða vanda sem þeir standa nú frammi fyrir.

„Þeir eiga að sinna sínu starfi. Ef þeir þurfa hjálp þá erum við öll reiðubúin til að veita hana. Sagan sýnir hins vegar að hernaðaríhlutun að utan getur ekki leyst vanda af þessu tagi. Ef einhver ætlar að bjóða upp á hjálp eingöngu á sínum eigin forsendum, þá eru það mistök.“

Hann er að sjálfsgöngu að vísa þarna til hernaðarafskipta Bandaríkjanna og annarra Vesturlanda af átökum í Mið-Austurlöndum, sem oftar en ekki hafa magnað upp andstöðu og illdeilur í staðinn fyrir að koma á varanlegum friði.

## Hætta þarf stuðningi

„Stærsta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir í mínum heimshluta eru öfgamenn. Öfgastefna er helsta ástæða styrjalda og ofbeldis, og því miður vaxa hryðjuverkamenn upp úr andrúmslofti öfga og ofbeldis. Þetta er meginástæða vandans," segir Nili.

„En þá þarf að spyrja hverjir styðja hópa á borð við öfgafólkið í Írak. Hvers vegna eru þeir svona virkir núna og hvernig er hægt að ná tökum á þeim?“

Hann segir nauðsynlegt að spyrja hvaðan ofbeldis- og öfgahópar á borð við Íslamska ríkið fái fjármagn og háþróuð vopn. „Þetta er hópur sem var harla fábrotinn til að byrja með en nú hafa þeir allt sem þeir þurfa. Hver lét þá fá svona mikið af peningum og svona mikið af vopnum? Og þá komum við að síðustu spurningunni: Hvernig er hægt að ná tökum á þessu? Það er með því einu að hætta fjárstuðningi við þá og hætta að útvega þeim vopn.“

## Þekktja ekki íslam

Sendiherrann segir öfgastefnu ekkert snúast um trúarbrögð. Þar sé eitthvað allt annað á ferðinni.

„Sjáðu bara það sem gerðist á Balkanskaga. Þar voru öfgamenn á ferðinni en það hafði ekkert með trúarbrögð að gera. Og það sem er að gerast í Ísrael. Þar eru öfgamenn á ferðinni en það hefur ekkert með gyðingdóm að gera. Og það sem er að gerast í Írak og Sýrlandi. Þar eru öfgamenn á ferðinni, en það snýst ekkert um íslam. Það snýst ekkert um trúarbrögð," segir Nili sendiherra.

„En svo er auðvitað fólk sem misnotar trúarbrögðin. Líðsmenn Íslamska ríkisins þekktja ekki íslam heldur eru þeir að misnota íslam. Við eigum ekki að leggja öfgastefnu og trúarbrögð að jöfnu, því trúarbrögðin hafa hemil á öfgastefnunni. Öll trúarbrögðin, hvort sem það er gyðingdómur, kristni eða íslam, eru uppspretta friðar.“

## Stirð samskipti

Á ýmsu hefur gengið í samskiptum Írans og Vesturlanda, einkum þó Bandaríkjanna, undanfarna áratugi. Nú síðast var sambandið harla stírt á valdatíð Mahmúds Ahmadínedjads, sem var forseti á árunum 2005 til 2013. Ágreiningurinn sner-

Öfgastefna er helsta ástæða styrjalda og ofbeldis, og því miður vaxa hryðjuverkamenn upp úr andrúmslofti öfga og ofbeldis.

ist þá einkum um kjarnorkuáætlun Írans en Ahmadínedjad virtist að auki hreinlega hafa gaman af því að atast í bandarískum ráðamönnum.

Nili segir íranska ráðamenn ekki hafa neinn áhuga á að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

„Til þess liggja nokkrar ástæður. Ein af þeim er trúarleg. Við viljum ekki valda neinum tjóni. Önnur er að kjarnorka gefur ekki raunveruleg völd. Ef svo væri þá væru Sovétríkin enn þá á landakortinu. En hins vegar þurfum við kjarnorku því innan skamms verður jarðfældsneyti uppuríð. Næsta kynslóð þarf kjarnorku.“

## Breytt viðmót

Samskiptin við Vesturlönd breyttust nokkuð snarlega eftir að Hassan Rúhaní tók við forsetaembættinu fyrir rúmu ári, og hefur hann reynt heldur hófsamari í málflutningi. Samningaviðræður fóru í gang um erfiðasta ágreiningsmál ríkjanna, sem er kjarnorkuáætlun Írans. Jafnframt var refsiaðgerðum að hluta létt af Íran og loforð gefin um að aflétta þeim með öllu þegar samningar tækjust.

Nili stendur fast á því að refsiaðgerðir Vesturlanda hafi ekki átt neinn hlut í því að Íranar tóku annan pól í hæðina gagnvart Bandaríkjunum.

„Það er reyndar spurning hvort það varð einhver stefnubreyting hjá okkur eftir að nýr forseti tók við. Svárið er að eftir að Rúhaní var kosinn forseti Írans þá fundum við að hann naut virðingar á Vesturlöndum. Áður var tónninn gagnvart okkur allt annar. Það skiptust á hótanir og loforð um umbun. En þegar viðmótið varð betra þá auðvitað brugðumst við jákvætt við. Þetta er meginástæðan. Refsiaðgerðirnar höfðu þar ekkert að segja. Það hafa verið ólögð mætar refsiaðgerðir í gildi í 35 ár. Það hafði engin áhrif á okkur.“

## Íran – helstu staðreyndir

### Höfuðborg

Teheran

### Mannfjöldi

78 milljónir

### Stjórnskipan

Íslamskt lýðveldi, sem er flókin blanda klerkaveldis og lýðræðis: Klerkaveldið setur lýðræðinu skorður, en um leið setur lýðræðið klerkaveldinu vissar skorður.

### Trúarbrögð

Íranar eru langflestir sjáa-múslimar, en einnig er að finna þar gyðinga, kristna menn og fylgismenn saraþústrúar.

### Tungumál

Persneska, rituð með arabísku lettri, er það mál sem flestir íbúanna tala. Einnig búa þar Aserar, Kúrdar og fleiri minnihlutahópar sem tala eigin tungumál.



FRÁ ÍRANSKA PINGINU Pingið setur lög, en hefur ekki úrslitavald um þau. NORDICPHOTOS/AFP

## ÍRAN OG AÐLIGGJANDI LÖND



© GRAPHIC NEWS





#### REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

##### ÁRBÆJARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.arbaejarkirkja.is](http://www.arbaejarkirkja.is)

##### ÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.askirkja.is](http://www.askirkja.is)

##### BREIÐHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)

##### BÚSTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11 **frá 14. sept.**

Nánar á [www.kirkja.is](http://www.kirkja.is)

##### DÓMKIRKJAN

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.domkirkjan.is](http://www.domkirkjan.is)

##### FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.fellaogholakirkja.is](http://www.fellaogholakirkja.is)

##### GRAFARVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga í kirkjunni kl. 11  
og Kirkjuselinu, Spönginni kl. 13

Nánar á [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

##### GRENSÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.grensaskirkja.is](http://www.grensaskirkja.is)

##### GUÐRÍÐARKIRKJA

##### GRAFARHOLTI

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.gudridarkirkja.is](http://www.gudridarkirkja.is)

#### HALLGRÍMSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)

#### HÁTEIGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is)

#### HJALLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13

Nánar á [www.hjallakirkja.is](http://www.hjallakirkja.is)

#### KÓPAVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.kopavogskirkja.is](http://www.kopavogskirkja.is)

#### LAUGARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.laugarneskirkja.is](http://www.laugarneskirkja.is)

#### LANGHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.langholtskirkja.is](http://www.langholtskirkja.is)

#### LINDAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

í Lindakirkju og í Boðáþingi

Nánar á [www.lindakirkja.is](http://www.lindakirkja.is)

#### NESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.neskirkja.is](http://www.neskirkja.is)

#### ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag  
mánaðarins kl. 14

Nánar á [www.ohadisofnudurinn.is](http://www.ohadisofnudurinn.is)

#### SELJAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

#### SELTJARNARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.seltjarnarneskirkja.is](http://www.seltjarnarneskirkja.is)

#### HAFNARFJÖRÐUR OG GARÐABÆR

##### ÁSTJARNARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.astjarnarkirkja.is](http://www.astjarnarkirkja.is)

##### BESSASTAÐAKIRKJA

Fyrsta sunnudag hvers mán.

í Bessastaðakirkju kl. 11:00

(frá 7. september) Aðra sunnudaga

í Brekkuskógum 1

Nánar á [bessastadasokn.is](http://bessastadasokn.is)

##### FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is)

##### HAFNARFJARÐARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)

##### VÍÐISTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.vidistadakirkja.is](http://www.vidistadakirkja.is)

##### VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ

Alla sunnudaga kl. 11

Nánar á [www.vidalinskirkja.is](http://www.vidalinskirkja.is)

##### MOSFELLSBÆR

##### LÁGAFELLSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13:00

í Lágafellskirkju

Nánar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)



## ENGIN FYRIRFRAMGEFIN NIÐURSTAÐA

### Borgar Pór Einarsson

héraðsdómslögmaður og formaður nefndar

„Verkefnið er skýrt frá löggjafarvaldinu. Nefndin á að móta nýja stefnu til að draga úr þeim skaða af völdum vímuefnaneyslu sem er staðreynd. Hópurinn er að skoða þetta með opnum huga án þess að nein fyrirframgefin niðurstaða liggi fyrir og við vinnum þetta mjög mikið á forsendum meðferðaraðila og félagsþjónustunnar. Í starfi hópsins erum við ekki að fjalla um mismun á tegundum ólöglegra vímuefna, það er horft til þeirra allra í sama tilliti.“

Pegar nefndin hittist fyrst á miðvikudaginn ræddum við hvað myndi gerast ef við myndum aflagpavæða neyslu og vörslu fíkniefna, eins og hefur verið í umræðunni. Það liggur fyrir að umönnun fíkla og þeirra aðbúnaður verður betri. En hvað gerist í stóra samhenginu? Það að flytja inn, selja og dreifa fíkniefnum verður áfram í höndum glæpamanna og allt það fjárstreymi sem þar fer í gegn verður hjá þeim.

Pegar þú aflagpavæðir vörsluna og neysluna, ertu að stækka markaðinn fyrir þá sem selja og dreifa fíkniefnum? Þetta er til dæmis gagnrýnin á hina svokölluðu „portúgölsku leið“.

Þá er einnig hægt að líta til þess sem þeir gerðu í Colorado í BNA, en þar er skrefið stigið til fulls og sala og dreifing er líka í verkahring ríkisins. Er það kannski eitthvað sem ætti að skoða?

Það er ljóst að það er margt að ræða, og við munum nota fyrstu vikurnar til að ræða þetta opinskátt og horfa til þess sem aðrir eru að gera í heiminum.“



## NEFNDIN

Kristján Pór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, skipaði nefnd sem hefur það hlutverk að móta stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hlíðarverkunum vímuefnaneyslu. Nefndin, leidd af Borgari Póri Einarssyni, byggir á þingsályktun sem Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, flutti á Alþingi. Nefndarmenn hittust í fyrsta skipti á miðvikudaginn var og ræddu meðal annars þessa hugmynd. Búist er við niðurstöðu nefndarinnar í byrjun næsta árs.

Borgar Pór Einarsson héraðsdómslögmaður er formaður nefndarinnar en auk hans skipaði Kristján Pór þau Helga Hrafn Gunnarsson, þingmann Pírata, og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, dósent í sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Auk þeirra eiga landlæknir, stjórn SÁÁ, ríkislögreglustjóri, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, Rauði kross Íslands og velferðarsvið Reykjavíkurborgar einn fulltrúa hvert.



## NÚVERANDI ÁSTAND VILL ENGINN BÚA VIÐ

### Kristján Pór Júlíusson

heilbrigðisráðherra

„Ég er enn þá hallur undir þá skoðun að aflagpavæða fíkniefni. Ástæðan fyrir því er einföld – núverandi ástand er eitthvað sem enginn vill búa við. Við sjáum það víða að fólk og stjórnvöld eru orðin langþreytt. Þá hlýtur það að vera skylda okkar að skoða allar leiðir sem við teljum að gætu leitt til breytinga til batnaðar í þessum efnunum. Ef aflagpavæðing einkaneyslu gefur okkur færi til þess, og það mun vonandi koma í ljós í þessu starfi nefndarinnar, þá finnst mér líklegt að það horfi til þess að það myndist einhver samstaða í þessari glímu við þetta vandamál.“

Það er eðlilegt að hugmyndir í þessa veru séu gagnrýndar. Við erum alin upp við annað viðhorf og við erum að stíga skref inn á ókunnar lendur. En ég vænti þess og til þess er stofnað til þessa starfs nefndarinnar að leita svara við flestum af þessum spurningum, um meiri upplýsingar og mat á áhrifum á því að breyta um stefnu sem við höfum rekið í langan tíma á Íslandi. Við megum heldur ekki gleyma því að stjórnvöld settu sér það markmið að Ísland yrði vímuefnalaust árið 2000. Svo er ekki í dag, árið 2014, en við höfum ekki tekið neina grundvallarumræðu um hvort við eigum að breyta í meginatriðum áherslum okkar frá því sem áður var.

Ég er ekki viss um að allt verði óbreytt, eftir að starfi nefndarinnar lýkur. Það er engin fyrirframgefin niðurstaða í þessu en bara umræðan sem þetta hefur vakið leiðir það af sér að það verður ekki allt eins og það var. Niðurstaðan af þessu nefndarstarfi, hver sem svo hún verður, kallar á dýpri umræðu um þessi mál.“

# Aflagpavæðing einkaneyslu gæti orðið íslenskur veruleiki

Ólöf Skafthadóttir  
olof@frettabladid.is



Það vakti athygli í vikunni þegar borgarstjóri Kaupmannahafnar, Frank Jensen, sagðist opinberlega styðja aflagpavæðingu einkaneyslu fíkniefna, sem sagt að það eitt að neyta fíkniefna sé ekki glæpsamlegt. Dönsk fíkniefnalöggjöf gæti verið endurskoðuð í vetur með tilliti til þessa. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lagði til ekki alls fyrir löngu að aflagpavæða einkaneyslu á fíkniefnum. Fréttablaðið tók púlsinn á heilbrigðisráðherra, sem sjálfur er hallur undir aflagpavæðingu einkaneyslu, og stjórnmalámonnum, fagaðila, sálfræðingi og fyrrverandi lögreglumanni. Ekki eru allir á eitt sáttir.

## EKKI SANNFÆRÐ

### Björt Ólafsdóttir

þingmaður Bjartrar framtíðar

„Sú þingsályktunartillaga sem Píratar lögðu til lýtur að því að einkaneysla fíkniefna sé heilbrigðisvandamál, en ekki vandamál dómstólanna. Við í Bjartri framtíð studdum þessa tillögu, en það er ekki sama umræða og lögleiðing einkaneyslu fíkniefna, því þar erum við komin skrefinu lengra og þessu tvennu er ekki saman að jafna.“



Helgi Hrafn, fyrsti flutningsmaður til lögunnar, gerir það mjög skýrt í allri sinni vinnu í velferðarnefnd að hann er ekki endilega að tala um lögleiðingu, heldur hvernig við eigum að takast á við þann veruleika að fíklar eru til staðar og þeir eru að miklu leyti meðhöndlaðir í dómkerfinu – er það að hjálpa þessum fíklum? Er það að hjálpa samfélaginu? Skilar það árangri? Eða er betra að huga að fleiri leiðum í því og þá að skoða málið út frá heilbrigðisvinkli? Þessu játum við. Þetta er mikilvæg umræða og mikilvægt skref og við viljum tala um þetta.

Ég er hins vegar ekki sannfærð um að aflagpavæðing einkaneyslu sé rétta leiðin. Ég hef í mínum störfum á geðdeildum Landspítalans og í mínu námi séð að neysla á kannabisefnum – svo dæmi sé tekið og rannsóknir styðja það – er gríðarlega ávanabindandi og getur haft rosalegar afleiðingar. Neysla þessara efna getur leitt til þess að fólk verður alvarlega veikt og varanlega. Mikil neysla getur leitt til geðklofa og hefur gert það í mörgum tilvikum og það er alvarlegasti geðsjúkdómur sem við erum að fást við því hann er svo varanlegur. Það er erfitt að vinna sig til baka – við erum að tala um lífeðlisfræðilegar breytingar sem eru varanlegar og það er hættan sem ég held að Íslendingar geri sér ekki nógu vel grein fyrir, eða við í þessari umræðu. Kannski vegna þess að í öðrum löndum sjáum við að kannabisneysla er svo viðurkennd félagslega. En það breytir því ekki hvað rannsóknir sýna okkur. Margir nefna þau rök að áfengi og önnur efni séu líka skaðleg en það gerir kannabisneyslu ekkert betri. Þau rök eru út úr kú. Það er ekki á allra vitorði, því við erum enn feimin að tala um geðsjúkdóma, hvaða áhrif kannabisneysla getur haft.“

## HLYNNTUR AFLGÆPAVÆÐINGU

### Vilhjálmur Árnason

þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi lögreglumaður



„Mér finnst að eigi að aflagpavæða einkaneyslu fíkniefna. Að það eigi að færa þetta inn í heilbrigðisgeirinn í stað þess að færa fólk til refsingar. Þannig að við erum að treysta á fagaðila. Á meðan þetta er í refsivörslukerfinu þá er þetta ekki uppi á borðum. Fólk er í felum með þetta og þorir ekki að leita sér hjálpar. Ég þekki dæmi þess að foreldrar vilja ekki segja frá því að barnið þeirra sé í óreglu, því það fer á sakaskrá og fær ekki vinnuna sem það vill næstu fimm árin. Ég held að liður í því að ná sér á strik eftir að fimm ár er meiri hætta á því að þú leitir aftur í efni.“

Ég hef séð þetta með eigin augum. Ríkjandi stefna gengur ekki. Þegar ég starfaði sem lögreglumaður fannst mér við oft vera að eltast við menn með einhverja smáskammta, í stað þess að ráðast á rót vandans, sem eru þeir sem selja og dreifa efnunum.

Maður var líka oft að lenda í því að spyrja fólk: Ertu búinn að neyta fíkniefna? Og svarið var: Nei, bara reyktu gras. Ég held ekki að það sé rétt nálgun að löggang segji fólk að það sé hættulegt að reykja gras, heldur læknirinn. Hann er sá sem veit eitthvað um líkamann.“

## PURFUM AÐ STÍGA VARLEGA TIL JARÐAR

### Kristín Soffía Jónsdóttir

borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

„Það sem mér finnst kannski einna helst vera gallinn við umræðuna um aflagpavæðingu er skortur á skýru markmiði og í því samhengi bind ég miklar vonir við störf nefndarinnar. Mér finnst einkennilegt að ræða afstöðu til stakra aðgerða án þess að ræða hvaða áhrifum við erum að reyna að ná fram.“

Erum við að fara í aflagpavæðingu til að fækka glæpamönnum? Erum við að reyna að minnka neyslu eða breyta neyslumynstri? Er þetta bein viðbrögð við því að kannabis er að verða félagslega viðurkenndari?

Það er óásættanlegt að neysla meðal barna og ungmennta sé orðin föst stærð og ég er til í að skoða allar aðgerðir sem miða að því markmiði. Ég tel þörf á meiri umræðu um hvert við stefnum áður en við ræðum hvernig við ætlum að komast þangað. Erum við viss um að allir aðilar sem nú beita sér í umræðunni deili framtíðarsyn og stefnu í þessum málaflokki?

Á sama tíma og við tölum mjög frjálsglega um aflagpavæðingu einkaneyslu fíkniefna þá treystum við þjóðinni ekki til að geta keypt bjór úti í búð. Ég held að við þurfum að stíga varlega til jarðar.“



## FRÆÐSLA OG FORVÖRN VERÐA AÐ FYLGJA

### Pórarinn Hjaltason

forstöðumaður Stuðla

„Ég hef áhyggjur af því að aflagpavæðing einkaneyslu auki við þá flóru fíkniefna sem fyrir er og að það verði meira um vímuefni á markaði. Þá eru þeim mun meiri líkur á að krakkar leiðist út í neyslu. Ég held líka að aflagpavæðingin breyti viðhorfum í samfélaginu og það er mikið áhyggjuefni – að neysla fari að verða samþykktari og þar af leiðandi algengari á meðal barna.“

Mér finnst ekki á það bætandi. Margir krakkar sem koma inn til okkar hafa þau viðhorf að til að mynda kannabis sé allt að því að vera hollt og eru föst í einhverjum mýtum af einhverjum síðum á netinu þar sem verið er að lofa kannabis.

Að sama skapi er maður á því að við séum komin í ógöngur varðandi dóma í fíkniefnamálum og verið sé að glæpavæða þá sem á ekki að vera að glæpavæða. Ef einkaneysla verður gerð lögleg þá verður fræðsla og forvörn að fylgja með í pakkanum, sem ég vil reyndar að fari að mestu leyti fram í gegnum foreldra og uppeldi. Við vitum að það verða alltaf einhverjir sem lenda í vanda með neysluna, ákveðið prósentuhlutfall, og því fleiri sem nota fíkniefni, þeim mun fleiri lenda í vanda þótt prósentan sé hin sama. En svo er spurningin þessi: Eigum við að láta þessa lágu prósentu skemma fyrir hinum?

Ég er hlynntur starfi þess- arar nefndar, því á þessu máli eru tvær hliðar. Það er að mínu mati alveg ljóst að það er stórt skref að lögleiða einkaneysluna og við þurfum að vera mjög meðvítuð um það að hafa eins mikla þekkingu og við getum á afleiðingum þess og hvernig við getum tæklað afleiðingarnar áður en ákvörðunin er tekin. Þetta hefur galla eins og þetta er, ég hugsa að það hafi trúlegast líka galla að aflagpavæða einkaneyslu.“







# MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.  
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.  
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.  
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60



VOLVO XC60 AWD  
VERÐ FRÁ 8.690.000 KR.  
VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN OG ENN BETUR BÚINN VOLVO XC60 AWD MEÐ ÖFLUGRI DÍSILVÉL  
AFLMIKILL, SPARNEYTINN OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI**

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [volvo.is](http://volvo.is)

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> 169 g/km.  
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.





STYRKINGAR OG  
FESTINGAR FYLGJA



Vnr. 0291817/5/7  
Bjálkahús,  
7,6 m<sup>2</sup>, 28 mm.

229.995 kr.



Vnr. 55092221  
Calluna  
nokkrar gerðir.  
395 kr.

Vnr. 55092224  
Erika rosa.

395 kr.

Grænland BYKO BREIDD

VERÐVERND BYKO

LÆGRA  
VERÐ



Vnr. 68583100  
LUX strákústur með  
skafti 40 cm.

895 kr.



Vnr. 55610633  
LYSBRO laufhrifa, svört.

1.550 kr.



Vnr. 55097032  
Gróður mold, 40 l.

995 kr.



Vnr. 50170183  
Álþrappa, 3 þrep.

4.995 kr.

Vnr. 72320111  
TACTIX verkfærabox,  
41 cm, svart

1.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreytingu. Allar vörur frá BYKO Breidd en mínna framboð getu verið í öðrum veðunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).



facebook.com/BYKO.is



**BOSCH**



Vnr. 74810233  
BOSCH háprýstidæla  
AQT 33, 100 bör.

**19.995** kr.

**ALLT FYRIR  
HAUSTVERKIN**

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

**POLIR 175 KG**



KLÚBB verð  
**4.995** kr.  
Almennt verð 9.995 kr.

Vnr. 38910099  
Járnhillur,  
180x100x60/30 cm.

Vnr. 74097000  
SKIL háprýstidæla,  
1400W, 100 bör.

**12.995** kr.



**Einhell®**

Vnr. 74807555  
EINHELL ryksuga,  
600W.

**9.995** kr.





# Björk bindur slaufu á Biophilia

**Björk Guðmundsdóttir** lýkur þriggja ára Biophilia-verkefni sínu með nýrri heimildarmynd þar sem tónleikaferð hennar er fönguð. Fram undan er vinnsla nýrrar plötu sem kemur út á næsta ári. Henni líður vel svo lengi sem hún býr nálægt Vesturbæjarlauginni.

Freyr  
Bjarnason  
freyr@frettabladid.is



„Af öllum plönnum sem ég hef gert var þetta plánið sem ég hafði minnsta stjórn á og ég gerði mér grein fyrir því strax því þetta byggðist á samstarfi,“ segir Björk Guðmundsdóttir, sem kveður nú Biophilia-verkefnið sitt eftir þriggja ára viðburðaríkt ferðalag. „Ég vissi að ég var að hugsa mjög stórt og mig væri að dreyma mjög stórt og vissi að ef einn fimmti af því rættist yrði ég glöð.“

## Virgni tónlistar í rými

Áttunda hljóðversplata Bjarkar, Biophilia, kom út árið 2011 og í framhaldiinu bjó hún til tíu mismunandi tölvuforrit fyrir tíu mismunandi lög, byggð á tíu mismunandi náttúruöflum. Þau voru gefin út sem öpp fyrir iPhone, iPad og síðar meir Android-stýrikerfið. Verkefnið teygði sig út til skóla, bæði í Reykjavík, New York, Manchester og Buenos Aires, þar sem Björk dvaldi í mánuð í senn, hélt tónleika og hafði yfirumsjón með verkefninu.

Lokahnykkur þess er sýning heimildarmyndarinnar Björk: Biophilia Live víða um heim á næstu mánuðum. „Þegar ég fór af stað með Biophiliu þá var grunnurinn að því öllu snertiskjárinn. Þetta snerist alltaf um hvernig tónlist virkar í rými og hvernig hægt væri að ýkja það eins mikið og maður getur. Á tónleikaferðinni völdum við minni staði og spiluðum oft á sama stað. Við vorum með sviðið í miðjunni, pendúlinn, 24 stelpur að syngja í kór og svo var allt fólkið í kring. Við náðum að skrásetja það í myndinni sem hinn helminginn af þessu verkefni og það var rosalega mikilvægt fyrir mig. Ég er rosalega ánægð með að það tókst og um leið var hægt að binda slaufu á þetta verkefni,“ segir Björk glöð í bragði.

## Biophilia 203

Biophilia-verkefninu er því lokið af hennar hálfu, að minnsta kosti hvað tónlistina og tónleikaferðir varðar. Hún mun áfram tengjast því í gegnum norrænt samvinnuverkefni. Ísland fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og í tilefni þess óskuðu stjórnvöld eftir samstarfi á Norðurlöndunum um frekari þróun verkefnisins. „Næsta ár verður tilraunaverkefni í skólum í Skandinavíu. Núna búum við til Biophilia 203, sem er námsleið svo að venjulegur skólakennari geti sett hana inn í námsskrána hjá sér. Tónlistarnám ætti ekki að vera bóklegt. Það „meikar ekki sens“. Og að kenna eðlisfræði, það er svolítið erfitt að útskýra það fyrir krökkum í bók. Núna erum við að setja þetta aftur í bók og það er svolítið mót-sögn í því en það verður spennandi að sjá hvernig við leysum þetta verkefni,“ segir hún.

## Ný plata tengd MoMa

Björk ætlar ekki að ferðast um heiminn til að kynna heimildarmyndina, enda er hún „á bóllakafi“ í nýrri plötu. „Svo er dóttir mín [Ísidóra] líka í skóla hérna á haustin og ég reyni alltaf að halda mig hér.“

Þegar hún er spurð nánar út í nýju plötuna verður fátt um svör. „Hún gengur bara rosalega vel. Ég veit að hún kemur pottþétt út á næsta ári en í raun og veru get ég ekki mikið talað um hana.“

Verður þetta stórt verkefni í anda Biophilia eða „venjuleg“ plata? „Pirraði tónlistarkennarinn er búinn að fá útrás. Hún er mjög sátt, fitubollukennarinn einhvers staðar sem ropar. Þetta verður ekkert svoléiðis núna en meira kannski tengt MoMa. Sum löginn verða hluti af þeirri sýningu.“

MoMa er stytting á The Museum of Modern Art, eða Nýlistasafninu í New York. Á næsta ári heldur það sýninguna Björk þar sem ferli tónlistarkonunnar verða gerð góð skil. Björk og plötuútgáfa hennar, One Little Indian, gáfu safninu Biophilia-appið, sem var það fyrsta til að komast í eigu þess. „Mesti sigurinn við



að MoMa tók það í varanlega vörslu er að þau eru skyldug til að uppfæra það. Það er rosa sigur að fá það í skrárnar hjá þeim sem framtíðarverk,“ segir hún.

## Dýrt að fljúga yfir eldgosíð

Björk er þekkt fyrir að vera mikið náttúrubarn og eldgos hafa komið við sögu í tónlist hennar og myndböndum. Spurð hvort hún hafi flogið yfir eldgosíð í Holuhrauni segist hún hafa verið að spá í það en ekki enn látið verða af því. „Þetta er bara svo ógeðslega dýrt. Ég trúði því ekki hvað þetta kostaði. Á sama tíma er ég mjög ánægð með að það er alla vega minni séns á álverum á meðan þeir kunna að verðleggja náttúruna,“ segir hún og glottir.

## Dóttirin mikið náttúrubarn

Af og til heyrst slúður af Björk og það nýjasta er að hún sé að flytja úr vesturbæ Reykjavíkur yfir í Þingholtin. Þetta segir hún ekki rétt. „Ég er mjög ánægð í Vesturbænum. Svo framarlega sem ég er nálægt Vesturbæjarlauginni þá er ég nokkuð góð.“

Hún vill ekki tjá sig um skilnað sinn

„Þetta er bara svo ógeðslega dýrt. Ég trúði því ekki hvað þetta kostaði. Á sama tíma er ég mjög ánægð með að það er alla vega minni séns á álverum á meðan þeir kunna að verðleggja náttúruna.“

## HEIMILDARMYND Í BÍÓI PARADÍS

Heimildarmyndin Björk: Biophilia Live fer í almennar sýningar í Bíói Paradís í dag en Björk var viðstödd íslensku frumsýninguna í gær. Myndin fangar tónleikaferðina sem söngkonan fór til að kynna áttundu hljóðversplötu sína, Biophilia.

Myndin verður sýnd á takmörkuðum fjölda tónlistarhátíða, listasafna, bókasafna og gallería víðs vegar um heim. Evrópufrumsýning myndarinnar var haldin nýlega í Tékklandi á Karlovy Vary-hátíðinni, þar sem bandaríska tímaritið Variety hældi myndinni og sagði m.a. að hún væri „grípandi heimild um listamann sem væri með fulla stjórn á eðlislægum kröftum sínum“. Á völdum sýningum verður heimildarmyndin When Björk Met Attenborough sýnd ásamt Björk: Biophilia Live, sem fjallar um samstarf söngkonunnar og sjónvarpsmannsins Davids Attenborough.

við bandaríska listamanninn Matthew Barney en segist enn eyða hálfu árinu á Íslandi og hinum helmingnum í New York, eins og hún gerði áður en þau skildu. „Ég verð að vera hérna helminginn af tímanum. Mér hefur líka fundist það mikilvægt að krakkarnir mínir upplifi Ísland. Þau tala bæði íslensku og kunna líka íslensk jólalög. Dóttir mín er mjög mikið náttúrubarn. Það er búið að vera mjög gaman að fara með henni í göngur og réttir og fleira. Það tekur bara tíma að upplifa svoléiðis. Þú ferð ekki bara í sumarfrí og upplifir það.“

## Stjörnuljós með Bono

Þá er það lokaspurningin. Þegar Bono kom til Íslands um áramótin, kom hann þá ekki í heimsókn til þín? „Ég held að hann hafi textað alla sem hann þekkir. Hann textaði mig og við hittumst í hálf tíma með stjörnuljósi. Hann er nú enginn stórvinnur minn en við í Sykurmólunum hituðum upp fyrir U2 í gamla daga. Það er einn af uppáhaldstúrunum mínum, Sykurmólarnir, Public Enemy og U2,“ segir Björk dreymin en um leið tilbúin til að takast á við næstu verkefni á ferli sínum.



# nettó




## SISTEMA LEIKUR!

### HVAÐ ER Í ÞÍNU SISTEMA BOXI?

Taktu mynd af flottu nesti, birtu hana á Facebook eða Instagram merktu #sistemanesti og þú gætir unnið flotta vinninga!

nánar [netto.is/sistema](http://netto.is/sistema)



THE FOOD DOCTOR  
SKYNDIRÉTTIR  
349KR | 25% | 262KR



## VEGAN MJÓLKUR- & EGGJALAUST



VIVANI SÚKKULAÐI 4 TEG  
239KR | 25% | 179KR

# heilsu & lífsstílsdagar

## SKOÐAÐU HEILSUBLAÐIÐ Á NETTO.IS

– FJÖLDI HUGMYNDA, UPPSKRIFTA OG SPENNANDI TILBOÐA

Í jurtahyllkjum svo að líkaminn nýti burnirótina betur, eykur einbeitingu, orku og kraft, dregur úr doða, kvíða og stressi.



UDO'S OLÍA  
3.349KR | 25% | 2.512KR

ALLT AÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR  
AF LÍFSSTÍLS &  
HEILSUVÖRUM



SONNENTOR SULTUR  
698KR | 25% | 524KR

ORKUBOLTI  
NÆRANDI BRAUÐ  
MEÐ HNETUSMJÓRI  
& SULTU

LÍFRÆNT



HRÍSKÖKUR M./SÚKKULAÐI  
259KR | 25% | 194KR



LÍFRÆNT

PEYTINGUR

LÍFRÆNT

KRÍLIN

SÉRFÆÐI

HOLLUSTA

UPPBYGGING

UMHVERFIÐ

### RAGGA NAGLI

verður í Nettó Mjódd laugardaginn 6. sept og sunnudaginn 7. sept frá 12.00 – 14.00.

Hún hjálpar þér að taka þín fyrstu skref í átt að betri heilsu og leyfir þér að smakka góðgæti úr eldhúsi Röggva fyrir alla svanga heilsumeli.

[netto.is/naglinn](http://netto.is/naglinn)

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

tilboðin gilda 4. - 19. sept. 2014



# SKRÍPIÐ Á VALDASTÓLNUM

## FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** veltir fyrir sér af hverju Elagabalus entist í fjögur löng ár á valdastóli Rómaveldis þótt margir miklu hæfileikaríkari keisarar entust mun skemur.



Valdastaðan er undarlegt fyrirbæri. Ég á við einhvers konar embætti eða vegtyllu sem menn hafa komið sér upp og sá sem þar situr ölast sjálfkrafa vald yfir öðrum, mismikið eftir aðstæðum, en stundum og líklega furðu oft alveg burtséð frá því hvort hann eða hún hefur einhverja sérstaka verðleika til að bera. Sorglega mörg tilvik má finna úr sögunni (allri sögu, alltaf, alls staðar) um að menn hafi komist í valdastöður fyrst og fremst vegna aðstæðna, jafnvel ætternis, eða þá einhverra blekkinga eða peninga eða vel heppnaðs lýðskrums eða kannski bara vegna heppni en í versta falli vegna yfirgangs og frekju. Og leiti nú hver með sjálfum sér að dæmum um þetta. En furðulegt er hvað fólk er síðan gjarnt á að sýna valdamanninum mikið langlundargeð, sé hann eða hún komin á sinn stall, sama þótt hæfileikar reynist engir vera eða valdamaðurinn geri jafnvel af sér tóma vitleysu. Samt skal haldið ótrúlega lengi í stöðuna og ekki hróflað við henni fyrr en í lengstu lög.

Eins og ævinlega er auðvelt að finna brúkleig dæmi um þetta úr sögu Rómverja!

Rómarríkið var herveldi í eðli sínu. Þannig óx það úr grasi og þannig var sjálfsmýnd þess allt til hinna bitru endaloka: dátinn með sverð og spjót var tákn þess, harðneskja og þolgæði voru hinar æðstu dyggðir. Karlmannska, sem sé; það er erfitt að komast undan því orði í þessu sambandi. Keisarinn átti að vera tilbúinn til að leiða her sinn til orrustu hvenær sem þörf væri á; það var tilgangur hans, miklu frekar en nokkuð annað. Ef hann stóð sig ekki á því sviði, þá leið aldrei á löngu þar til einhvers staðar úti í horni var farið að hvíslast á og brýna hnífa.

Þeim mun undarlegra er það að Rómverjar skyldu í fjögur ár þola á keisarastóli sínum hálfgerð – eða nei, hálfgerð er alls ekki nógu sterkt orð – algert er sönnu nær – já, algert skrípi sem var eins fjarri því að líkjast hinni hefðbundnu rómversku táknmynd valdhafans og frekast er unnt. Og hafði heldur enga þá verðleika


til að bera sem réttlætt gætu að hann færi með valdið. En af því hann valt einhvern veginn í valdastól, þá hélst hann þar í fjögur löng ár. Jafnvel snarvitlausir keisarar eins og Caligula og Neró virðast yfirvegaðir stjórnvitringar við hliðina á þessum manni, furðulegasta keisara Rómars fyrr og síðar, honum Elagabalusi. Hann hafði enga hæfileika, hvorki raunverulega né táknræna, samt lafði hann sem sagt í þessi fjögur ár. Sem er eitt af sorglegri dæmum sögunnar um hvað valdastaðan er sterk.

Pilturinn sem seinna kallaðist Elagabalus fæddist um það bil árið 203 e.Kr. í Sýrlandi. Faðir hans var háttsettur embættismaður en ekki atkvæðamikill, öðru máli gegndi um móður hans. Hún hét Júlía Sóemías og var af miklu mektarfólki sýrlensku, þau voru frá Homs, þeirri hrjáðu borg sem nú er í rúst vegna borgarastríðs, og í ættinni voru æðstu prestar guðsins Elagabalusar, hann var sólarguð, og sonur hennar Júlíu Sóemías varð æðsti prestur guðsins kornungur. Því hlaut hann að endingu nafn guðsins sjálfur.

### Ringlað ungmenni

Árið 217 varð uppi fótur og fit í Rómaveldi. Keisarinn Caracalla var myrtur um það bil sem hann var að leggja af stað í herferð gegn Pörrum, sem þá réðu Persíu og Mesópótamíu. Enginn saknaði Caracalla, enda var hann fúlmenni, en hann átti engan son svo ekki gat arftaki hans komið úr þeirri átt. Einn af herforingjum hans tók því völdin, Macrinus hét hann, en hann varð fljótt óvinsæll og þótti til dæmis ekki nógu herskár. Og þá sáu Júlía Sóemías og önnur hasarkvendi úr hennar ætt sér leik á borði. Svo vildi til að móðursystir Júlíu Sóemías var móðir Caracalla. Júlía Sóemías og mamma hennar, Júlía Mesa, komu þeirri kjaftasögu nú á koppinn að Elagabalus, sem þá var 14 ára, væri í raun sonur Caracalla og ætti því rétt á keisaratign, þótt óskilgetinn væri. Þær Júlíur hættu aldrei við hálfnað verk og komu því nú til leiðar að herdeild í Sýrlandi gerði uppreisn og lýsti stuðningi við keisaratign til handa Elagabalusi. Svo fór að Macrinus beið lægri hlut og var vitaskuld myrtur, og árið 218 hélt því Elagabalus innreið sína í Róm sem keisari heimsveldisins, arftaki Ágústusar, Hadríanusar, Trajanusar og Markúsar Árelíusar. Og þá var nú aldeilis haldið parti.

Elagabalus var þá að vera 15 ára og óhætt virðist að segja að hann hafi verið afar ringlað ungmenni. Þvílíkar sögur voru festar á blað um hann eftir að hann dó að einhverjar þeirra hljóta að hafa verið ýktar og upplagnar en þó standa nógu margar eftir til að segja manni að hvað svo sem Elagabalus kann að hafa átt að gera við líf sitt, þá átti hann ekki að vera keisari í Róm. Miklum og næstum ótrúlegum sögum fer af kynsvalli sem nú hófst við hirðina, Elagabalus lagði lag sitt við bæði kyn sem í þá daga þótti í sjálfu sér hneykslanlegt og benda til að hann væri spilltur og gott ef ekki vondur maður, en algjört taumleysið og ruddaskapurinn vekja vafalaust meiri furðu og jafnvel ugg hjá okkur umburðarlyndu



STRÁKSI ELAGABALUS.

nú tímafólki. Auðvitað er engin leið fyrir okkur að vita hvað hafði gengið á í uppeldi hins unga manns sem gerði hann að svo kynferðislegu dýri sem heimildir greina frá; hann neyddi hirðfólk til að taka þátt í öllu mögulegu sem það hafði engan áhuga á, hann fór út á götur og seldi sig opinberlega og hann nauðgaði og neyddi til að giftast sér eina af hinum ginnheilögu Vestumeyjum þeirra Rómverja. Hann gekk reyndar að eiga fimm konur á stuttum tíma en sagðist þó fyrst og fremst vera „drottning Hieroclesar“ en sá var öku maður kappakstursvagna og upphaflega þræll sem Elagabalus gaf frelsi. Fleiri myndarlega



JÚLÍA SÓEMÍAS



íþróttamenn kallaði hann eiginmenn sína.

### Öfgafullt líferni reyndi á

Allt þetta var ansi langt frá þeim táknmyndum um þolgæði, einfalt líf og strangleika sem Rómverjar héldu enn í heiðri að nafninu til, þótt keisarar eins og Caligula hefðu vissulega reynt mjög á þolrif þeirra táknmynda með öfgafullu líferni sínu.

En tvennt greindi Elagabalus frá ruglukörnum eins og Caligula. Í fyrsta lagi reyndi hann að útbreidda trú á sinn sýrlenska guð á kostnað hinna hefðbundnu rómversku guða. Þeir guðir voru að sönnu orðnir ansi útvatnaðir, en Rómverjum fannst of langt gengið að eiga

í einni svipan að taka upp nýja trú á miðausturlenskan sólarguð. Í öðru lagi gerði Elagabalus ekki minnstu tilraun til að stjórna ríkinu meðan hans langa groddapartí stóð yfir. Meira að segja Caligula gerði það – svona með annarri hendinni að minnsta kosti. Stjórn ríkisins var nú öll í höndum móður Elagabalusar og ömmu, Júlíu Sóemías og Júlíu Mesu. (Konur fengu aðgang að öldungaráðinu meðan þær réðu ferðinni. Almáttugur, hvað Rómverjum var lítið skemmt!) Eigi að síður létu Rómverjar þessa meintu „stjórn“ Elagabalusar yfir sig ganga í fjögur löng ár, einfaldlega af því að hann var lentur á valdastólnum og þá var meira en að segja það að blása honum þaðan burt. Það er ein af óútskýrðum gátum Rómaveldis af hverju Elagabalus entist þetta lengi þótt mörgum miklu hæfileikaríkari keisurum væri steipt af stóli miklu fyrr.

Að lokum var það amma hans, Júlía Mesa, sem stóð fyrir uppreisn gegn honum. Hún skynjaði að þetta gengi ekki endalást. Þá lét hún dubba 13 ára son yngri dóttur sinnar upp til keisara í staðinn, Alexander Severus hét hann. Elagabalus var höggvinn í spað ásamt móður sinni sem reyndi fram á síðustu stundu að vernda son sinn fyrir sverðum samsærismanna. Höfuðlausu líki þessa misheppnaða valdamanns var varpað í ána Tíber.

Hann var átján ára.

„Jafnvel snarvitlausir keisarar eins og Caligula og Neró virðast yfirvegaðir stjórnvitringar við hliðina á þessum manni, furðulegasta keisara Rómars fyrr og síðar ... Hann hafði enga hæfileika, hvorki raunverulega né táknræna.“

## Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 8. september, kl. 18  
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Sigurbjörn Jónsson

Á uppboðinu verður gott úrval verka samfímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd laugardag kl. 11–17,  
sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is





# NÁMSKEIÐ

LAUGARDAGUR 6. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað Kilroy, Salt eldhús, Hringsjá og Stoðkennarinn.



## Matreiðslunámskeið á Holtinu

Gallery Restaurant býður áhugasömum matgæðingum að eyða kvöldstund með Friðgeiri og hans föruneysi í eldhúsinu.

Eldað er 3ja rétta máltíð sem endar á kvöldverð við lok námskeið.

**Verðið er 15.900.-** sem inniheldur námskeið, matreiðslumöppu, kvöldverð og borðvín með matnum.

**Næstu námskeið eru 23. september og 7. október.**

Einnig eru einkanámskeið í boði fyrir hópa, 10 manns og fleiri.

Nánari upplýsingar – [gallery@holt.is](mailto:gallery@holt.is) • [www.holt.is](http://www.holt.is)





# Byrjaðu upp á nýtt hjá Mími-símenntun

Hvað kanntu? Hvað geturðu? Fáðu það metið!

Fórstu ekki í framhaldsskóla? Skoðu GRUNNMENTASKÓLANN

Er lesblinda í þinni fjölskyldu? Skoðu AFTUR Í NÁM



**MÍMIR**  
símenntun  
[www.mimir.is](http://www.mimir.is)

**Skráning í síma 580 1800**

# Bragðlaukarnir dönsuðu dátt í Lyon

Matreiðslunámskeið í matgæðingahöfuðborg heimsins hlýtur að vera draumur hvers sælkera. Ólöf Birna bauð manni sínum til Lyon í Frakklandi á fimmtugsafmæli hans og nutu þau frábærrar kennslu og veitinga úr ferskasta hráefni sem völ var á af mörkuðum Lyon-borgar í Frakklandi.

Lyon í Frakklandi er oft kölluð matgæðingahöfuðborg heimsins vegna ríkra matreiðslu hefða og úrvals matarmarkaða. Það var því engin tilviljun að Ólöf Birna Garðarsdóttir, graffískur hönnuður og annar eigandi Reykjavík Letterpress, kaus borgina þegar hún vildi koma eiginmanni sínum á óvart þegar hann varð fimmtugur í sumar. Hjónin eru bæði miklir matgæðingar og því fannst Ólöfu tilvalið að skipuleggja óvissuferð til borgarinnar og bóka þau á matreiðslunámskeið í klassískri franskri matargerð. „Við höfðum áður sótt matreiðslunámskeið hér á landi þar sem við lærðum að elda indverskan mat frá grunni. Við hjónin erum mikil matargöt og segja má að það sé sameiginlegt áhugamál okkar að horfa á matreiðsluþætti og elda góðan mat. Og svo auðvitað að borða!“

Með hjálp Google fann Ólöf kennslueldhúsið Plum Lyon og leist ljómandi vel á. „Eldhúsið er í eigu Lucy sem ættuð er frá New York-ríki en hefur búið í Lyon frá árinu 2000. Hún er lærður eftirréttakokkur og hefur sérhæft sig í franskri matargerð. Hún opnaði kennslueldhúsið Plum Lyon í ársbyrjun 2012 og býður upp á alls konar námskeið sem sniðin eru bæði fyrir byrjendur og sérfræðinga í matargerð.“

Ólöfu leist best á námskeið sem kallaðist „Your market basket“ þar sem þátttakendur héldu á markað og elduðu mat úr ferskasta hráefninu. „Þegar á markaðinn var komið beið okkar litríkt og ilmandi ævintýri þar sem markaðsfólkið hafði raðað sér meðfram götunni. Hversu dásamlegt er að geta valið úr ferskasta mögulegu hráefni á einum stað; allt frá kryddjurtum, safaríkum hvítlauk, ætíþistli, plómum og hindberjum til geitaosts, dúfna og kanínkjöts.“ Lucy vissi hvar ferskasta hráefnið var að finna og eftir að hafa keypt inn hélt hópurinn til eldhússins á ný þar sem töfra átti fram gómsætan mat. „Við tók ferðalag þar sem sígild hráefni franskra matargerðar léku aðalhlutverkið. Eftir að hafa leyst hverja þraut settumst við við matarborðið og gæddum okkur á kræsingunum ásamt glasi af eðalvíni og skemmtilegum samræðum.“

## Einfaldleikinn heillandi

Það sem heillaði þau mest var þessi einfaldleiki þar sem hráefnið fékk að njóta sín um leið og bragðlaukarnir fengu sitt og dönsuðu dátt. „Að sjóða niður heila rauðvínslösku ásamt kryddjurtum þar til eftir lá kjarni sem enginn kraftur í teningaformi fær fangað er algjört skylduverkefni. Einnig var gaman að sjá hvernig allt hráefnið var nýtt til hins ýtrasta og



„Við tók ferðalag þar sem sígild hráefni franskra matargerðar léku aðalhlutverkið,“ segir Ólöf Birna Garðarsdóttir sem bauð manni sínum á matreiðslunámskeið í Lyon. MYND/GVA




Úrvalið á götumörkuðum Lyon er engu líkt. MYND/ÚR EINKASAFNI



Ilmandi ostar af öllum gerðum. MYND/ÚR EINKASAFNI



Gómsætar ólífur nýstast í ýmsa rétti. MYND/ÚR EINKASAFNI



Beint af akri á markaðinn. MYND/ÚR EINKASAFNI

virðing borin fyrir hverjum einasta bita. Og, jú jú, það var notað mikið smjör.“

Franskur matur er lýsandi fyrir allsnægtir og ávexti landsins að sögn Ólafar. „En eins um leið og við tengjum franska matargerðarlist oftast við eitthvað ægilegt „gúrmé“ og miklar tilfæringar þá er fjölbreyntin mikil og það sem boðið er upp á í hverju héraði fyrir sig gjörólíkt því næsta. Svo ekki sé talað um ólík einkenni sveitamatara og þess sem borgarbúar færa á sinn fagaða disk. Frönsk matarmenning er því heimur út af fyrir sig.“

## Annriki

Þjóðbúningar og skart



Þjóðbúninga námskeið

Upphlutur Peysuföt  
Herra- & Barnabúningar  
Baldýring o.fl.

[www.annriki.is](http://www.annriki.is)  
[annriki@simnet.is](mailto:annriki@simnet.is)  
898-1573

## Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



TIKYNNNA ÖNDEGANDI EBA ÓLÖGLEG ERFNI Á NETINU

S A F T I





# MATVÆLASKÓLINN HJÁ SÝNI

- Matur er okkar mál



## Fjölbreytt námsskrá um flest sem viðkemur matvælum

Námskeið í boði á haustönn:

23. SEPTEMBER

Ekta indverskur matur – matreiðslunámskeið

1.-3. OKTÓBER

HACCP gæðakerfið – Gæði og öryggi alla leið  
*Reykjavík*

7.-9. OKTÓBER

HACCP gæðakerfið – Gæði og öryggi alla leið  
*Enska*

10. OKTÓBER

Fiskvinnslur – verkstjórar og aðrir stjórnendur

13. OG 20. OKTÓBER

Sannprófun – Innri úttektir

29.-30. OKTÓBER

HACCP gæðakerfið - Gæði og öryggi alla leið  
*Snæfellsnes*

17. OG 19. NÓVEMBER

Merkingar matvæla

Önnur námskeið og nám sem  
Matvælaskólinn býður uppá:

### MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ

- 12 bestu súpur í heimi
- Heimagert hollt og hagkvæmt
- Ítalskur sveitamatur
- Krakkamatur
- Eldum saman - hópefli

### NÁMSKEIÐ TENGD MATVÆLAFRAMLEIÐSLU

- Þrifavænleg hönnun
- Stofnun matvælafyrirtækja
- Skynmat á fiski
- Að mörgu er að hyggja í mötuneytinu
- Aukin gæðavitund í matvælafyrirtækinu

### LENGRI NÁMSKEIÐ TIL EININGA

- Grunnám fyrir starfsfólk í matvælageiranum  
(60 kennslustundir)
- Gæðastjórnun í matvælafyrirtækjum – fyrri hluti  
(60 kennslustundir)
- Gæðastjórnun í matvælafyrirtækjum – seinni hluti  
(60 kennslustundir)

Allar frekari upplýsingar og skráningar í síma 512-3391 • [www.syni.is](http://www.syni.is)

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf • Matvælaskóli – Ráðgjöf – Prófanir



# Viltu læra við bestu háskóla heims?

Menntaviðburðurinn Kilroy Live 2014 verður haldinn hátíðlegur í Bíói Paradís mánudaginn 8. september, milli klukkan 16 og 19. Þá gefst íslenskum námsmönnum tækifæri til að kynna fjórtán mismunandi háskólum víðs vegar í heiminum og fá ráðleggingar um hvernig best er að haga umsóknarferli í háskólana.

**K**ilroy Live er tækifæri sem gefst ekki á hverjum degi,“ segir Baldur Ólafsson, sérfræðingur í námi erlendis hjá ferðaskrifstofunni Kilroy.

„Á Kilroy Live geta þeir sem hafa áhuga á háskólanámi ytra haft bein samskipti við þá gestkomandi háskóla sem þeir hafa áhuga á og fengið svör við hverju því sem brennur á þeim hjá fulltrúum skólanna sjálfra.“

Á Kilroy Live í Bíói Paradís verða fulltrúar frá samstarfsháskólum Kilroy í Ástralíu, Bandaríkjunum, Kanada og Englandi.

„Margir sem ætla sér utan í háskólanám hugsa það ekki til enda,“ segir Baldur. „Þá er góð staðsetning og orðspor skólanna látið duga en ekki hugsað út í hvað nemandinn uppsker úr námi sínu á endanum. Kannski hentar draumaskólinn ekki jafn vel og skyldi en að því er ómögulegt að komast nema fara vel ofan í málin, bera skólana saman og ræða allt sem veldur vangaveltum um viðkomandi skóla.“

Baldur segir stigsmun vera á öllum háskólum þegar kemur að gæðum og áherslu.

„Því er að mörgu að huga. Til dæmis getur einn háskóli lagt áherslu á gæðanám í íþróttfræðum og þá vitaskuld skynsamlegra að velja hann umfram annan skóla sem er þó meðal þeirra bestu í heimi en með litla áherslu á íþróttfræði.“

## Ástralskir háskólar vinsælir

Á Kilroy Live verður Baldur með fyrirlestur um hvað Kilroy gerir fyrir um sækjendur um háskólavist erlendis.

„Ég fer yfir ýmis mikilvæg atriði til að koma sér utan til náms því mismunandi lönd hafa mismunandi reglur. Aðal

hausverkur flestra er hvernig fjármagna á háskólanám ytra. Það er enda varhugavert að ætla sér að æða út í nám þegar skólagjöld eru kannski 40 þúsund dalir en Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) lánar ekki nema 14 þúsund dali fyrir námsárið.“

Baldur segir æ fleiri Íslendinga fara til háskólanáms í Ástralíu, þar sem eru afbragðs háskólar.

„Þrír af þeim sem koma til Íslands eru Monash University, University of New South Wales og University of Sydney en þeir eru allir á lista meðal topp eitt prósent háskóla í heiminum. Róðurinn er ekki eins þungur að fara til háskólanáms í Ástralíu eins og í Bandaríkjunum. Þannig lánar LÍN 62 þúsund dali til 3ja ára grunnnáms í Ástralíu en aðeins 44.100 dali til fjögurra ára grunnnáms í Bandaríkjunum.“

Baldur hefur ekki fengið haldbærar skýringar frá LÍN af hverju þessi einkennilega mismunur námslána er á milli heimsálfa.

Í Bíói Paradís verða ráðgjafar Kilroy til skrafs og ráðagerða um hvernig sótt er um háskólanám erlendis, tungumálaskóla og fleira. Einnig verða ferðasérfræðingar Kilroy á staðnum.

Á Facebook er hægt að taka þátt í leik vegna Kilroy Live og vinna flug og heimsókn í einn af samstarfsháskólum Kilroy.

Frítt er inn á kynningarnar sem verða tvisvar yfir daginn, klukkan 17 og 18.

Frekari upplýsingar um háskólanám og skráningu á viðburðinn er að finna á heimasíðu Kilroy: kilroy.is



Háskólanám erlendis felur í sér dýrmæta lífsreynslu en að mörgu er að huga og algengt að fólk átti sig ekki á hvar byrja skuli á umsóknarferlinu. Þar kemur Kilroy til hjálpar með sérfræðingum í námi erlendis.



## EFTIRFARANDI SAMSTARFSHÁSKÓLAR KILROY VERÐA Á KILROY LIVE 2014:

### Frá Ástralíu:

- University of Sydney
- Griffith University
- La Trobe University
- University of the Sunshine Coast
- Monash University

- Queensland University of Technology (QUT)
- University of New South Wales

### Frá Kanada:

- TAFE Queensland East Coast
- Thompson Rivers University

### Frá Bandaríkjunum:

- Berkeley College
- California State University of San Marcos

### Frá Englandi:

- Bournemouth University
- Coventry University

# Nám hefur góð áhrif á virkni heilans

Á undanförunum árum hefur komið í ljós að taugafrumur eða taugungar fólks geta endurnýjast fram eftir öllum aldri. Hægt er að fara margar leiðir til að viðhalda virkni heilans og bæta minnið, það má fara í nám, gera líkamlegar æfingar, andlegar æfingar eða einfaldlega hitta annað fólk. Ekki einungis hjálpa þessi ráð við heilastarfsemina heldur eru þau einnig góð fyrir líkama og sál.

**Y**mislegt má gera til að viðhalda virkni heilans og auka minnið, góð leið til þess er til dæmis að læra nýja hluti og prófa eitthvað nýtt reglulega.

## Nám

Flestir hætta að læra nýja hluti eða tileinka sér nýtt efni eftir að þeir hætta í skóla, hvort sem það er grunnskóli, menntaskóli eða háskóli. Í rannsókn Hatch, Feinstein, Link, Wadsworth og Richards kemur fram að menntun og nám hafi jákvæðar breytingar á heilanum í för með sér. Rannsakendur telja að vitsmunaleg virkni veiti vörn gegn elli-glöpum. Heilinn bókstaflega stækkar þegar fólk heldur áfram að læra nýja hluti og ögra sjálfu sér. Minnið eykst og nýjar heilafrumur myndast. Það er hægt að læra nýja hluti á ýmsan máta, svo sem að fara á námskeið í því sem hver og einn hefur áhuga á, skipta um starf, finna sér nýtt áhugamál, læra nýtt tungumál, fylgjast með fréttum um allan heim eða læra að matreiða nýja rétti.

## Líkamlegar æfingar

Heilbrigð sál í hraustum líkama segir máltækið og virðist sem regluleg

ar æfingar hafi jákvæð áhrif á heilastarfsemina. Æfingar styrkja tengsl milli heilafrumna og hafa vísindamenn fundið út að þau svæði sem örvast hvað mest við hreyfingu eru tengd minni og námi.

## Andlegar æfingar

Það er mikilvægt að halda huganum uppteknum, að láta reyna á minnið og nota hugsunina við lausn vandamála. Því meira sem við hugsum því betur virkar heilinn, burtséð frá aldri. Án notkunar, líkt og ónotaðir vöðvar, rýrnar heilinn sem leiðir til minni getu hans til að leysa hugræn verkefni. Leiðir til að virkja heilann eru til dæmis lestur bóka, hugsana-leikir, svo sem krossgátur, sudoku og skrafl, dans, hugarreikningur og að mála eða teikna.

## Félagsleg tengsl

Félagskapur hefur góð áhrif á heilann þar sem samskipti eru í raun ákveðið form andlegrar æfingar. Það getur haldið mönnum skörpum að eiga samskipti við aðra því það getur reynt á á mörgum sviðum. Sterk félagsleg tengsl hafa verið tengd við lægri blóðþrýsting hjá fólki og betri lífslíku.



Dans er góð andleg og líkamleg þjálfun.



Allt nýtt sem lærist er gott fyrir hugann hvort sem það er nýtt tungumál eða nýr réttur í eldhúsinu.



Félagskapur hefur góð áhrif á heilann og samskipti við aðra eru ákveðið form andlegrar æfingar.



Nám hefur jákvæðar breytingar á heila í för með sér, minnið eykst og nýjar heilafrumur myndast.

MYNDR/GETTY



Sudoku þrautir þjálfar hugann og minnið.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LÁTBRAGÐSLEIKUR

Látbragðsleikurinn Afmæli  
Pandóru verður sýndur í Ársafni,  
Hraunbæ 119, á sunnudaginn klukkan  
14. Höfundur og látbragðsleikari er Laura  
Roure. Enginn aðgangseyrir og allir  
velkomnir.



Ábendingahnappinn  
má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T

Hrein ORKA  
ÁN koffíns



Fæst í flestum apótekum  
og heilsuþúðum

## NÝJUNG FRÁ BIO-KULT FYRIR BÖRN

**ICECARE KYNNIR** Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda af vinveittum gerlum fyrir börn á öllum aldri. Dóttir Sigríðar og Ásgeirs hefur fengið Bio-Kult Infantis vegna bakflæðis og mæla foreldrarnir með því.

Sigríður Alma Gunnsteinsdóttir og Ásgeir Haukur Einarsson eiga litla dóttur sem fæddist með mjög slæmt bakflæði. „Meltingarvegurinn á litlu stelpunni okkar var myndaður strax þegar hún var eins dags gömul því uppköstin voru mjög mikil. Við vissum því að það voru engar þrengingar á meltingarveginum sem orsökðu uppköstin heldur var ástæðan sú að magaopið var slakt og hleypti því fæðunni bæði upp og niður,“ segir Sigríður.

„Það var búið að prófa nokkur lyf á stelpunni en við sáum aldrei neinn mun á uppköstunum. Okkur var sagt að bíða róleg því magaopið myndi þroskast með tímanum. Þegar við prófuðum Bio Kult Infantis þá sáum við strax mikla breytingu til hins betra. Við prófuðum nokkrum sinnum að sleppa því að gefa henni duftið en þá fóru uppköstin alltaf aftur að aukast,“ bætir Ásgeir við.

„Núna er stelpa okkar orðin eins árs og við gefum henni enn þá Bio-Kult Infantis því það er auðsjánlega gott fyrir meltinguna hjá henni. Okkur líður vel með að gefa henni Bio-Kult Infantis því þetta eru aðeins náttúrulegir gerlar, Omega 3 og D-vítamín svo það gerir henni bara gott. Við hvetjum foreldra í svipaðri stöðu að prófa þessa náttúrulegu gerla því ef þeir geta hjálpað fleiri börnum þá er það þess virði að prófa, barnanna vegna.“

### GOTT FYRIR MELTINGUNA

Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda af vinveittum gerlum fyrir ungbörn og börn á öllum aldri. Það inniheldur sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum.



Reynsla og rannsóknir sýna að gerlarnir styrkja og bæta bæði meltinguna og heilsuna.

Í Bio-Kult Infantis er hátt hlutfall af Omega 3 eða eitt milligramm í hverjum skammti. Rannsóknir hafa sýnt fram á að Omega 3 leikur nauðsynlegt hlutverk

í myndun heilafurmu. Einnig hefur verið staðfest að Omega 3 hefur bólguhamlandi áhrif og er styrkjandi fyrir ónæmiskerfið.

Bio-Kult Infantis inniheldur fimmtíu prósent af ráðlögðum dagskammti af D3 vítamíni en flestir þekkja gagnsemi D-vítamíns. Einnig er í vörinni blanda efna sem styrkja meltinguna og fyrirbyggja niðurgang. Enginn viðbættur sykur, litar-, bragðeða aukaeftir eru í vörinni.

### BREYTING TIL BETRA

Litla dóttir þeirra Sigríðar og Ásgeirs var með mjög slæmt bakflæði en Bio-Kult Infantis hefur reynst vel gegn því.

MYND/VALLI

Þjáist þú af aumum  
og stirðum liðum?



Náttúrulegt „smurefni“ fyrir liðina



[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

## VETURINN ER AÐ KOMA, ERT ÞÚ TILBÚIN!?!?!?

NÝTTU ÞÉR TILBOÐIN HJÁ DEKKVERK FYRIR TÖRNINA.

### 25% AFSLÁTTUR

AF SMURNINGU ÚT SEPTEMBER  
PANTAÐU TÍMA

### 50% AFSLÁTTUR

AF ALLRI VINNU VIÐ BREMSUVIÐGERÐIR.  
PANTAÐU TÍMA KEYPTU AF OKKUR EÐA  
KOMDU MEÐ SJÁLFRUM OG AFSLÁTTURINN ER  
ÞINN ÚT SEPTEMBER

### FRÍR LÁNSBÍLL

MEÐ FRAMRÚÐUSKIPTUM ÚT SEPTEMBER  
Frír lánsbíll ekki flottur.)

## DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi  
& Lyngás 20 Garðabæ

Sími: 578 7474

[www.dekkverk.is](http://www.dekkverk.is)

## OPIÐ ALLAR HELGAR FRÁ 10- 19





**SMEKKLEGT** Tinna hefur mikla ánægju af því að hafa stílhreint og fint í kringum sig.



**NÓG AÐ GERA** Fyrir utan að sinna dóttur sinni, Ísabellu Birtu, skrifar Tinna fyrir Home Magazine þar sem hún gefur góð ráð fyrir heimilið.

# NÝTUR MÖMMUHLUTVERKSINS

**UMSKIPTI** Líf Tinnu Alavis fyrirsætu breyttist þegar dóttir hennar, Ísabella Birta, kom í heiminn í apríl. Tinna er þessa dagana í fæðingarorlofi og nýtur þess að vera í móðurhlutverkinu.

Tinna Alavis hefur starfað við fyrirsætustörf í áravís, meðal annars í París, Þýskalandi, Indlandi og í Los Angeles. Nú er Tinna önnur kafin í nýju hlutverki sem hún segist kunna mjög vel við. „Ég veit ekkert yndislegu en að eiga þessa litlu stelpu. Hún er svo sannarlega búin að veita mér mikla hamingju. Að vakna á morgnana og sjá litla andlitið hennar er það besta sem ég veit,“ segir hin nýbakaða móðir. Þegar

hún er spurð hvað sé á dagskrá hjá þeim um helgina, svarar hún. „Ég ætla að hafa það notalegt með fjölskyldunni, borða góðan mat og fara í göngutúra með Ísabellu í vagninum.“ Fyrir utan að sinna móðurhlutverkinu skrifar Tinna fyrir Home Magazine og heldur úti bloggi á alavis.is. Þar segir hún frá ýmsu sem gerist í lífi hennar og bendir á fallega og nýtsama hluti. Tinna hefur mikla ánægju af að gera

heimili sitt í Garðabænum fallett. Hún er iðin við að breyta og bæta auk þess sem hún hefur gaman af því að elda góðan mat og er dugleg að bjóða vinafólki heim. „Mér finnst skemmtilegt að gera fint í kringum mig. Ég ætla að breyta hjónaherberginu á næstu dögum, mála það í hlýjum lit og setja nýjar gardínur sem tóna vel við. Einnig ætla ég að lífga upp á eldhúsið með því að setja ljóst upp lýst gler á milli innréttinganna. Mér

finnst það gefa hlýleika og er þægilegra í þrifum,“ segir hún. Tinna hefur alltaf verið mikill fagurkeri og segist hafa gaman af vel hönnuðum hlutum. „Ég er nýbúin að eignast fallegan Kahler-vasa sem var ofarlega á óskalistanum. Núna langar mig ótrúlega mikið í allar stærðirnar af Festivo-kertastjökunum frá littala. Ég er ástfangin af vörunum frá littala og safna þeim. Mér finnst fátt skemmtilegra en að fegra heimilið og breyti reglulega um stíl.

Núna er ég mest fyrir rómantískan stíl og pastelli. Uppáhaldshönnuðurinn minn er Anne Sophie Goneau. Ég elska falleg smáatriði og er einnig sérstaklega hrifin af hönnun littala og Kahler en bæði merkin höfða ákaflega vel til mín. Ég vil hafa allt ljóst og bjart í kringum mig. Allt sem er í rómantískum stíl heillar mig mikið. Ég hef líka mikinn áhuga á gömlum hlutum og finnst virkilega skemmtilegt að láta gamla hluti fá nýtt líf,“ segir hún.

www.fi.is

## Haustgöngur FÍ

Haustlitir og haustlægðir - alla leið 2

Ferðafélag Íslands býður nú upp á haustgöngur fyrir félagsmenn. Nú þegar göngusumrinu er að ljúka er um að gera að finna ný verkefni fyrir gönguskó og stafi og ótimabært að leggja þeim þegar upp í hillu. Haustið er framundan í allri sinni dýrd með tilheyrandi haustlitum, djúpri kyrrð og fegurð í bland við blessaðar haustlægðirnar sem við heilsum með virðingu.

Þessu öllu fáum við að kynna í haustgöngum FÍ, 3 mánaða gönguverkefni FÍ þar sem bæði verður gengið á fjöll um helgar sem og arkað um göngustíga-kerfi borgarinnar á virkum dögum.

**Kynningarfundur verður haldinn mánudaginn 8. september kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6**

Fararstjóri í gönguferðunum verður **Hjalti Björnsson**

Nánari upplýsingar og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst [fi@fi.is](mailto:fi@fi.is)

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS  
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | [www.fi.is](http://www.fi.is)

# NÝTT OFNÆMISLYF Í LAUSASÖLU

**LYFIS KYNNIR** LYFIS heldur áfram að auka úrval lausasölulyfja á Íslandi. Nýjasta lyfið í lausasölu er ofnæmislyfið Desloratadine ratiopharm og er það eina ofnæmislyfið sinnar tegundar á Íslandi sem selt er án lyfseðils.

Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf sem veldur ekki syfju. Það hjálpar til við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra með því að hindra verkun ofnæmisvakans histamíns. Desloratadine ratiopharm er fljótt að virka og verkun þess varir allan sólarhringinn, svo eingöngu er þörf á að taka það einu sinni á dag.

Lyf sem innihalda virka efnið desloratadin, eins og Desloratadine ratiopharm, hafa eingöngu verið fánleg gegn lyfseðli hingað til. Mismunandi er milli einstaklinga hvaða ofnæmislyf hentar hverjum og því geta einstaklingar þurft að prófa sig áfram með hvað hentar þeim. Desloratadine ratiopharm er nú nýr valkostur í lausasölu fyrir fólk sem hingað til hefur þurft að fá lyfinu ávísað af lækni.

Eins og nafnið gefur til kynna er virka efnið desloratadin talsvert skylt efninu loratadini (innihaldsefni í m.a. loratadin LYFIS), en loratadin er óvirkt efni sem umbreyttist í líkamanum í virka efnið desloratadin. Með desloratadini er búið að taka út umbreytingarskrefið úr óvirku efni í virka efnið. Desloratadine ratiopharm munndreifitöflur leysast hratt upp í munninn eða maga.

Desloratadine ratiopharm er fánlegt án lyfseðils í 10 stk. og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum og unglingum eldri en 12 ára. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér á eftir.



**OFNÆMISKVEF OFSAKLÁÐI 24 KLST VIRKNI**

**MEÐ TUTTI FRUTTI-BRAGÐI** Desloratadine ratiopharm eru litlar munndreifitöflur sem leysast hratt upp í munninn eða maga og má taka inn án þess að drekka með vökva, þó það henti engu að síður líka. Munndreifitöflurnar eru með tutti frutti-bragði og innihalda ekki laktósa.

## Lionssalurinn Lundur

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorablót

Brúðkaupsveislur.is  
Fermingarveislur.is

**Cocktail Y.is**  
Veislubjónusta

Sérlega glæsileg og algjörlega endurnýjuð 179,6 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin var innréttað fyrir örfáum árum á afar vandaðan og fallegan hátt. Mjög stórar stofur ásamt stórum bókastofu. Eldhús með svölum út af. Svefnherbergi með fataherb. inn af. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, t.f. þvottavélar í lokuðu rými. Eikarparket á gólfum. Eign í algjörum sérflokk. **Verð 64,9 millj.**

www.hagvangur.is



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
www.hagvangur.is



Frír Aðgangur



**EDU**

**KILROY live**  
**HÁSKÓLAKYNNING**

**8. SEPTEMBER 2014 kl.16-19**  
**BÍÓ PARADÍS**  
**HVERFISGÖTU 54**

**KILROY**  
Explore life



Hér gefst þér tækifæri til að kynna 14 mismunandi háskólum víðsegar að úr heiminum  
Ráðgjafi KILROY mun veita þér gagnlegar upplýsingar um háskólanám erlendis

**ENGLAND - ÁSTRALÍA - USA - KANADA**

**Skráning fer fram á [kilroy.is](http://kilroy.is)**



# Stoðkennarinn – nám á netinu

Stoðkennarinn hóf göngu sína árið 2004 og þá eingöngu sem stafsetningarvefur. Á tíu árum hefur vefurinn þróast og vaxið en í dag er boðið upp á námsefni í stærðfræði, tungumálum og tölvufærni svo eitthvað sé nefnt. Í ár var vefurinn endurhannaður fyrir spjaldtölvur.

Stoðkennarinn býður upp á námsefni í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði, samfélagsfræði og tölvufærni, fyrir miðstig, unglingastig og framhaldsskóla,“ útskýrir Starkaður Barkarson, framkvæmdastjóri námsvefsins Stoðkennarinn.is, en vefurinn fagnar tíu ára afmæli í ár.

Í ár var vefurinn einnig endurhannaður svo að hann hentar spjaldtölvum, en lítið námsefni er til á íslensku fyrir spjaldtölvurnar sem nú eru að ryðja sér til rúms í íslenskum skólum, að sögn Starkaðar.

Þá hentar Stoðkennarinn sérstaklega vel þeim nemendum sem þurfa stuðning við námið.

„Kennari getur að sjálfsögðu ekki sinnt þörfum hvers og eins fullkomlega innan skólastofunnar, enda geta og hæfileikar nemenda afar misjafnir. Stoðkennarinn útskýrir efnið og leggur verkefni fyrir nemendur sem hann fer yfir á svipstundu og skráir einkunn í einkunnabók. Verkefni ríma vel við það efni sem nemendur eru að kljást við í skólanum,“ útskýrir Starkaður.

## Vefurinn nýttist foreldrum

Margir skólar kaupa áskrift fyrir nemendahópa og nota þá efnið meðfram eða í stað hefðbundinna kennslubóka. Einnig nýta foreldrar sér vefinn.

„Foreldrar hafa ekki allir þá faglegu þekkingu

til að hjálpa börnum með námið heima fyrir. Stoðkennarinn léttir af þeim áhyggjum enda er hann forritaður á þann hátt að hann bregst ávallt við villum nemenda. Ef nemandi ritar til dæmis „hrissa“ í staðinn fyrir „hryssa“ í stafsetningaræfingu, leiðréttir Stoðkennarinn villuna, minnir á regluna um að y skuli rita ef o finnst í skyldu orði og bendir á orðið „hross“. Á sama tíma skráir hann einkunnina í einkunnabók sem nemandi, kennari og foreldrar hafa aðgang að.“


## Aðstoð í skólastofunni

„Stoðkennarinn er mikil hjálp fyrir kennara innan skólastofunnar en hann getur lagt verkefni fyrir allan bekkinn, leiðrétt þau og útskýrt villurnar fyrir nemendum og skráð einkunnir á örfáum sekúndum. Kennarinn þarf aðeins að kalla fram einkunnir og sér á svipstundu hvernig nemendum gengur. Þetta gerir nám og kennslu bæði markvissari og skemmtilegri.“

Stoðkennarinn kostar einstaklinga aðeins 1.300 kr. á mánuði fyrir eitt námskeið og verður hlutfallslega ódýrara eftir því sem fleiri námskeið eru keypt. Skólar sem kaupa aðgang fyrir hópa greiða minna.


Kerfi Stoðkennarans er einnig vettvangur fyrir stofnanir og fyrirtæki til að bjóða upp á eigið námsefni fyrir starfsfólk eða viðskiptavinum.

[www.stodkennarinn.is](http://www.stodkennarinn.is)



Starkaður Barkarson, framkvæmdastjóri Stoðkennarans, segir vefinn bæði hjálp fyrir kennara í skólastofunni og nýttast foreldrum við að aðstoða börn sín.

MYND/AUBUNN NIELSSON



Stoðkennarinn býður upp á námsefni í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði, samfélagsfræði og tölvufærni, fyrir miðstig, unglingastig og framhaldsskóla.

MYND/STODKENNARINN.IS

## Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóddiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

[www.enskaforiralla.is](http://www.enskaforiralla.is)

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og [erlaara@gmail.com](mailto:erlaara@gmail.com)



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjlopustur@frettabladid.is](mailto:fjlopustur@frettabladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Fréttablaðinn Capacent október–desember 2012 - höfuðborgarsvæðið 25-54 ára

# Gott skipulag kemur þér í gírinn

Ef langt er síðan setið var á skólabekk síðast getur virst yfirþyrmandi að takast á við nám á nýjan leik. Með góðu skipulagi og staðgóðum morgunverði má róa taugarnar.

## 1. Byrjið daginn rétt

Fyrsti dagurinn á skólabekk eftir langt hlé mun taka minna á taugarnar ef við erum úthvöld og með allt klárt í töskunni sem við þurfum fyrir daginn. Láttu símann vekja þig tímanlega og helst með hressu lagi sem þú verður ekki leiður á. Gefðu þér síðan tíma til að borða staðgóðan morgunmat og skelltu í þig kaffi til að hrista þig í gang.

## 2. Mættu snemma fyrir smá andrými

Það getur verið yfirþyrmandi að demba sér strax inn í iðandi fyrirlestrarsal ef langt er síðan þú sást á skólabekk síðast. Mættu á staðinn nokkrum mínútum áður en kennsla hefst til að fá smá stund í einrúmi til að undirbúa þig.

## 3. Skipuleggðu þig vel

Til að ná sem bestum árangri í náminu er nauðsynlegt að útbúa dagskrá til að fara eftir. Til dæmis má nýta sér tilbúin dagatöl á netinu. Gott er að setja inn hvar og hvenær þarf að sækja kennslustundir, hvenær þú ætlar að læra heima, hvenær á að skila verkefnum o.s.frv. Það að setja saman skipulag gefur þér yfirsýn og hvetur þig til góðra verka.

## 4. Komdu þér í gírinn

Ekki freistast til að sleppa fyrstu tímunum. Komdu þér strax í gírinn, til dæmis með því að lesa námskrána spjaldanna á milli til undirbúnings. Vertu klár með allar bækur og námsgögn sem þarf.

[www.lifehacker.com](http://www.lifehacker.com)



Það getur verið erfitt að setjast á skólabekk eftir langt hlé.

NORDICPHOTOS/GETTY



# Öðlaðist trú á sjálfan sig í Hringsjá

HRINGSJÁ er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Kristján Jónsson nemandi kallar staðinn „litla demantinn“ og mælir með honum fyrir alla, sérstaklega þá sem eru hræddir við að fara í skóla. Hann kláraði sjálfur þriggja anna nám í skólanum og hefur gengið allt í hagin eftir það.

**H**ringsjá er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

Þar er boðið upp á einstaklingsmiðað nám í heimilislegu og notalegu umhverfi með góðri stoðþjónustu. Áhersla er lögð á að hver og einn fái tækifæri til að blómstra og fái aðstoð við hæfi. Markmiðið er að gera nemendur færa um að takast á við nám í almennum framhaldsskólum og/eða fjölbreytt störf á vinnumarkaði. Samkvæmt árangursmælingu sem gerð var árið 2012 eru 79 prósent útskrifaðra nemenda í námi eða starfi að hluta til eða fullu.

## Fann sig í Hringsjá

Kristján Jónsson útskrifaðist úr þriggja anna vetrarnámi Hringsjár síðastliðið vor. Hann mælir með náminu fyrir alla og sérstaklega þá sem finnst erfitt að byrja í skóla. „Ég byrjaði á að fara á tölvunámskeið hjá Hringsjá og svo fór ég á námskeið í minnistækni, aðallega mér til gamans. Eftir það fór ég svo í sjálfan skólann hjá þeim. Það blundaði alltaf í mér einhver skólaótti, ég átti í basli með brennivín í langan tíma og fannst ég ekki eiga neitt erindi í skóla. Þarna fann ég mig hins vegar algjörlega og sá að ég get vel lært,“ segir Kristján ánægður.

## Ekki gefist upp á neinum

Hann segir að í Hringsjá þurfi fólk að

hafa fyrir hlutunum en námið sé einstaklingsmiðað og reynt að finna þær námsaðferðir sem henta hverjum og einum. „Það er svo frábær nálgun á nám í Hringsjá. Ef maður skilur ekki það sem verið er að kenna með einhverri ákveðinni aðferð er bara önnur aðferð fundin, og svo önnur ef hún hentar ekki. Það er ekki gefist upp á manni þar.“

## Gamall draumur rættist

Á meðan Kristján stundaði nám hjá Hringsjá tók hann líka tvær annir í kvöldskóla Tækniskólans og tók sveinspróf í málaraiðn. „Eftir eina önn í Hringsjá var ég farinn að fatta að ég gæti lært þannig að ég ákvað að láta þrjátíu ára gamlan draum rætast, fara í málaranám og klára sveinsprófið. Í dag vinn ég hjá Málningarþjónustu, frábæru fyrirtæki, og það á ég allt Hringsjá að þakka,“ segir Kristján og brosir. „Þar upplifði ég mig sem hluta af stórrí fjölskyldu þar sem allir eru á sínum forsendum og fá að vera í friði með þær og tekst að láta sér líða vel. Ég lagði mig fram í skólanum, lærði heima og skilaði verkefnum og uppskar eftir því. Nú á ég eftir að taka fjögur fög til að ná fullum meistaraáráttindum í málaraiðn og er jafnvel að hugsa um að fara í frekara nám eftir að ég klára það. Í Hringsjá fékk ég viðurkenningu og fór að trú á sjálfan mig.“

Nánari upplýsingar má finna á [www.hringsja.is](http://www.hringsja.is)



Kristján Jónsson starfar sem málari í dag en hann byrjaði á að fara í þriggja anna nám hjá Hringsjá, fór svo í Tækniskólann og tók sveinspróf.

MYNDGVA

## Fjölskyldan og ég

Með aukinni þekkingu tileinka þáttakendur sér leiðir til að verða betri fjölskyldumeðlimir, makar og uppalendur.

## Í fókus - Að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD (athyglisbrest/ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tókum á ADHD

## Minnistækni

Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.

## Sjálfstyrking

Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öðrum örugga framkomu og almennt að vera til!

## TÁT - Tök á tilverunni

Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.

## Tölvugrunnur

Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð.

## ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.



# Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510 9380 eða á [hringsja.is](http://hringsja.is)



# Heimilislegt matardekur

Það er óhætt að segja að Salt eldhús hafi slegið í gegn frá því það opnaði fyrir tveimur árum. Þar er hægt að læra sælkeramatseld í góðra vina hópi eða hreinlega skrá sig á eitt af þeim fjölmörgu opnu námskeiðum sem boðið er upp á.

**M**atreiðslunámskeið Salt eldhúss eru ekki bara fyrir þá sem hafa brennandi áhuga á matargerð heldur líka þá sem vilja upplifa skemmtilega kvöldstund,“ segir Auður Ögn Árnadóttir, sem stofnaði hið vinsæla Salt eldhús árið 2012.

Salt eldhús er kennslueldhús sem býður upp á fjölbreytt úrval matreiðslunámskeiða og verður opnað senn í nýju húsnaði á sjöttu og efstu hæðinni í Þórunnartúni 2.

„Við opnum í gamla mótuneyti borgarstjórnar þann 10. september og er skráning á haustnámskeiðin í fullum gangi. Fyrsta námskeiðið verður undir handleiðslu Sigurveigar Káradóttur, sem kennir sultun og súrsun grænmetis, og í kjölfarið taka við freistandi ný námskeið í bland við vinsælustu námskeið árána á undan,“ upplýsir Auður.

Vinsælustu námskeið Salt eldhúss hafa hingað til verið jólagaldrar og franskar makkarónur og hefur Auður haldið alls 56 námskeið í makkarónugerð.

„Tailsk, indversk og ítölsk matargerð er einnig sívinsæl og á jólanámskeiðin komast alltaf færri en vilja. Sumir hafa fyrir hefð að fara á jólanámskeið í stað jólahlaðborðs og þá göldrum við saman mat sem hægt er að njóta heima eða gefa í gjafir; paté, krydduð ávaxtamauk, sultur og fleira gómsætt, sem við pökkuum inn með slaufum og merkimiðum í jólapakkann.“

## Heimilislegt andrúmsloft

Í Salt eldhúsi er lögð áhersla á skemmtilega umgjörð, fagurt umhverfi, góða stemningu og lítinn hóp nemenda á hverju námskeiði.



Auður Ögn Árnadóttir stofnaði hið vinsæla kennslueldhús Salt eldhúss fyrir tveimur árum. Salt eldhús er nýflutt í fyrrverandi mótuneyti borgarstjórnar í Þórunnartúni 2 sem áður var Skúlatún 2, skammt frá Hlemmi.

„Andrúmsloftið er heimilislegt og í lok hvers námskeiðs setjumst við niður við stórt fjölskylduborð og njótum afraðstursins með glasi af góðu víni,“ segir Auður og bætir við að eini munurinn á því að fara á námskeið Salt eldhúss og út að borða sé að kokkurinn eldi frammi með gestum sínum í stað þess að elda fyrir þá einni inni í eldhúsi.

„Námsfólkið fær að gera allan matinn frá grunni og við þjónum til borðs, vöskum upp og göngum

frá. Upplifunin er því sannkallað dekur um leið og nemendur öðlast meira sjálfstraust, færni og þekkingu í eldhúsinu.“

Matreiðslunámskeið Salt eldhúss njóta vinsælda allra aldurs hópa, bæði kvenna og karla.

„Vinkonur koma saman á makkarónunámskeið, hjón læra matarhætti framandi landa og karlmenn eru duglegir að læra brauðbakstur. Þá koma vina- og vinnuhópar í hópefli á matreiðslu-

námskeiðin og hafa gaman af.“

Kennarar á námskeiðum Salt eldhúss eru allir sérfræðingar á sínu sviði; fólk sem er fætt og uppalið við efnistösk námskeiðanna.

„Námsframboðið er fjölbreytt og spennandi og enn á eftir að bætast við. Því er um að gera að skrá sig sem fyrst til að missa ekki af vinsælustu námskeiðunum,“ segir Auður.

Skoðið haustdagskrá Salt eldhúss nánar á [salteldhus.is](http://salteldhus.is).

Sushi er með vinsælustu námskeiðum Salt eldhúss.



# Til minnis og áhersluauka

Fyrirlesarar og kennarar styðjast flestir við PowerPoint til að halda skjásýningar en það auðveldar mörgum að flytja og leggja áherslu á mál sitt. Forritinu tilheyrja fjölmargir tilbúnir bakgrunnar. Notandinn bætir svo texta og myndum við og jafnvel hreyfimyndum og hljóðupptökum til að auka áhrifin. Það er þó nokkur kúnt að búa til góðar glærur. Hér eru nokkur gagnleg ráð.

**Þ**ótt PowerPoint-forritið geti verið gagnlegt hjálpartæki eru alls ekki allir sem kunna með það að fara. Algeng mistök er að hafa of mikinn texta á hverri glæru, of marga liti í texta og illæsilega fonta. Best er ef glærurnar eru aðallega notaðar til minnis og áhersluauka fyrir fyrirlesarann og að nánari útlistun fari fram munnlega.

Þeir sem styðjast mikið við PowerPoint geta haft gagn af námskeiðum þar sem farið er ítarlega í alla möguleika sem forritið hefur upp á að bjóða en þau eru í boði nokkuð víða.

Fyrir þá sem hyggjast spreyta sig sjálfir eru hér nokkrir punktar til að hafa bak við eyrað.

## Glærugerð

- Hafðu eitt aðalatriði á hverri glæru.
- Minna er betra en meira. Hafðu setningar stuttar og fáar setningar á hverri glæru.
- Ekki nota of marga og of skæra liti.
- Hafðu að minnsta kosti 24 punkta letur.
- Ef um töluleg gögn er að ræða ætti að draga saman niðurstöðurnar í fyrir-

sögn glærunnar. Til dæmis svona margir kjósa tiltekinn flokk.

- Notaðu hreyfimyndir og hljóð í hófi.

## Framkoma

- Talaðu hátt og skýrt án þess þó að öskra. Talaðu á jöfnum hraða og með jöfnum hljóðstyrk. Forðastu tæknimál/fagmál. Vendu þig af hikorðum.
- Hafðu líkamsstöðuna opna. Ekki krossleggja hendur og ekki setja hendur í vasa.
- Ekki lesa bara af glærunum. Áhorfendurnir sjá um það. Þú átt aðeins að nota þær til minnis og bæta við af blaði eða eftir minni.
- Reyndu að hafa gaman. Til þess þarftu að þekkja efnið vel. Öryggi kemur með æfingu. Æfðu þig fyrir framan spegil.
- Eigðu í samræðum við hlustendur í stað þess að halda einhliða tölu. Gættu þess þó að taka ekki aðeins stöku áhorfendur fyrir.
- Það er í góðu lagi að nota hómor en ekki reyna að kreista hann fram. Þú þarft ekki að vera með uppistand.
- Það er í lagi að nota grínglærur stundum. Gættu þess þó að ofnota þær ekki.



Séu PowerPoint-glærur vel unnar geta þær verið afar gagnlegt hjálpartæki. Það eru þó nokkur atriði sem ber að varast við glærugerðina.



SUNNUDAG  
22:30



# the KILLING

**THE KILLING-MARAPON!**  
Vertu klár fyrir sunnudaginn og horfðu  
á þáttaraðir 1-4 á Stöð 2 Frelsi

📺 | Sunnudag kl. 22:30

## Fylgstu með frá upphafi!

Sarah Linden og Stephen Holder eru mætt á ný og þurfa að greiða úr ýmsum flækjum fortíðarinnar ásamt því að takast á við risastórt morðmál sem teygir anga sína víða. Búðu þig undir nýju þáttaraðina á sunnudag með Killing-marapóni um helgina, þú getur horft á alla þættina frá upphafi á Stöð 2 Frelsi!

### Ljósraði og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 8.490 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**8.490 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

180.000 kr.  
sparnaður  
á 36 mánuðum



Fáðu þér áskrift! **365.IS**



**AGLI  
FRESTAÐ  
– AFTUR**

**Ævisaga stór-  
söngvarans Egils  
Ólafssonar sem  
Páll Valsson  
færði í letur mun  
ekki koma út í  
haust eins og  
áætlað var. Er  
það í annað sinn  
sem útgáfunni er  
frestað.**

**FÆRT TIL  
BÓKAR**



### Fjórða bókin úr handritum Elíasar Mar

Elíasarmál er fjórða bókin sem **Porsteinn Antonsson** tekur saman upp úr handritum Elíasar Mar. Í þessari bók birtist sá hluti fyrstu skáldsögu Elíasar sem hann lauk við að skrifa en vinnuheiti sögunnar var Börnin á mölenni.

Auk þess eru í Elíasarmálum ýmsar greinar eftir skáldið og síðustu ljóðin sem hann orti. Sagnasmiðjan gefur bókina út.

### Bragi og Karen á Writing Jam í Seattle

Bragi Ólafsson rithöfundur og bandaríski höfundurinn Karen Finneyfrock verða á Reykjavík Writing Jam í Seattle í október. Þau hafa skipst á persónulýsingum og skrifað smásögur um þessar hugarsmíðar hvort annars. Þetta er fyrsta samstarfsverkefni Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur við systurborg Reykjavíkur, Seattle.



### Glæpasagnahöfundar keppa í fótbolta

Á bókmenntahátíðinni Bloody Scotland í Stirling seinna í mánuðinum verður í fyrsta sinn í veraldarsögunni háður knattspyrnu-leikur milli Skotlands og Englands þar sem liðin eru mönnum glæpasagnahöfundum. Svo skemmtilega vill til að glæpasagnahöfundurinn Ragnar Jónasson, sem er félagi í félagi breskra glæpasagnahöfunda, Crime Writers' Association, hefur verið valinn í lið Englands. Í skoska liðinu eru þekktir höfundar á borð við Ian Rankin og Mark Billingham er fyrirliði enska liðsins. Nú hefur komið í ljós að Skotar eru með skeinuhætt leynivopn, fyrrverandi atvinnumann í Skotlandi og fyrrverandi norsk landsliðsmann, Arild Stavrum. Allnokkur urgur er í enska liðinu vegna Stavrums sem þeir virðast óttast töluvert.



Því er við að bæta að nú er uppselt á atburð Ragnars og Yrsu Sigurðardóttur á Bloody Scotland og er það einn af þremur atburðum sem þegar er uppselt á á hátíðinni allri.



ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR



JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR

INGIBJÖRG  
REYNISDÓTTIR

GERÐUR KRISTNÝ



STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

GUÐRÚN EVA  
MÍNERNVDÓTTIR

JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR



KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR

# Skáldverk kvenna í öndvegi

Jólin eru handan við hornið og ekki seinna væna að kíkja á bókakonfektíð sem boðið verður upp á í útgáfu haustsins.

**Fríðrika  
Benónýsdóttir**  
fridrikab@frettabladid.is



Það styttist í jólin og jólabókaflóðið alræmda um það bil að skella á. Eftir fantagott útgáfu-ár í fyrra, þar sem hvert stórvirkíð rak annað, er útgefendum nokkur vandi á höndum en á útgáfulistum forlaganna fyrir komandi vertíð er þó ýmislegt bitastætt sem bókaunnendur geta farið að hlakka til að lesa. Bækur eftir konur eru áberandi og ýmsar af okkar bestu skáldkonum senda frá sér bók í haust.

#### Stórkanónur í öllum flokkum

Vinsælasta ljóðskáld þjóðarinnar, Gerður Kristný, sendir frá sér ljóðabókina Drápu sem mun vera ljóðabálkur um glæpi og önnur af okkar bestu ljóðskáldkonum, Kristín Eiríksdóttir, sendir frá sér ljóðabók sem nefnist Kok. Skáldsögur eru annars mest áberandi á útgáfulistunum eins og árs-tíðin býður og stórkanónur eins og Steinunn Sigurðardóttir, Guð-

rún Eva Mínervudóttir og Oddný Eir Ævarsdóttir eru allar með skáldsögur í haust. Saga Steinunnar nefnist Gæðakonur, Guðrún Eva sendir frá sér Englaryk og Oddný Eir skrifar um Ástar-meistarann. Jónína Leósdóttir á líka skáldsögu á listanum og nefnist hún Bara ef... Nýr höfundur, Soffía Bjarnadóttir, kveður sér hljóðs með skáldsögunni Segul-skekkju og Ingibjörg Reynisdóttir, sem heillaði þjóðina með sögu sinni um Gísla á Uppsölum fyrir tveimur árum, sendir nú frá sér skáldsögu sem nefnist Rogastanz. Glæpadrottningin Yrsa Sigurðardóttir er að sjálfsögu með nýja glæpasögu en sú hefur ekki enn hlotið nafn. Ein allra áhugaverðasta bókin úr smíðju kvennanna er svo sjálfsævisaga Jóhönnu Kristjónsdóttur, Svartvítur dagar, sem segir frá fyrstu tuttugu árunum í lífi hennar.

#### Dauðar, kvíði og öræfi

Karlmennirnir láta að sjálfsögu ekki sitt eftir liggja og jólaboðinn sjálfur, Arnaldur Indriðason, verður auðvitað gefinn út 1. nóvember eins og hefð er fyrir. Stefán Máni

er með nýja glæpasögu, Litlu dauðarnir, og sömuleiðis Ragnar Jónasson en bók hans nefnist Nátt-blinda. Jón Óttar Ólafsson sem kvaddi sér hljóðs með Hlustað í fyrra verður með nýja bók um glæp en endanlegur titill liggur ekki fyrir.

Steinar Bragi er einn þeirra höfunda sem lesendur bíða eftir nýju verki frá og þeirri bið lýkur í október þegar skáldsagan Kata lítur dagsins ljós. Ófeigur Sigurðsson er líka höfundur sem margir vænta mikils af og hann sendir frá sér skáldsöguna Öræfi. Nýliðarnir í karlahópnum eru Orri Hardarson, sem sendir frá sér sína fyrstu skáldsögu, Stundarfró, og Sverrir Norland með skáldsöguna Kvíðasníllingar.

#### Börnin fá þá eitthvað fallett

Fjölmargar nýjar íslenskar barnabækur líta dagsins ljós fyrir jólin. Þórarinn Leifsson sendir frá sér söguna Maðurinn sem hataði börn, Sigrún Eldjárn og Þórarinn Eldjárn skrifa Fuglaþrugl og nafnahráfl, Gunnar Helgason heldur áfram með fótboltasöguna sína og nefnist nýja bókin Gula

spjaldið í Gautaborg. Ævar vísindamaður, Ævar Þór Benediktsson, er með söguna Þín eigin þjóðsaga og Bryndís Björgvinsdóttir, höfundur Flugunnar sem stöðvæði stríðið, sendir frá sér bókina Hafnfirðingabrandarinn. Aðrar barnabækur eftir konur eru Leitinn að geislasteininum eftir Iðunni Steinsdóttur, Nikký og bölvun bergmálsins eftir Brynju Sif Skúladóttur, Nála – riddarasaga eftir Evu Þengilsdóttur og Tröllastrákurinn eignast vini eftir Sírý. Sjónvarpsmaðurinn Egill Eðvarðsson sendir frá sér vísna-bók fyrir börnin og ber hún titilinn Ekki á vísan að róa.

#### Þýddar bækur með íslenskum tengingum

Þýddar skáldsögur eru fastur liður í flóðinu og meðal spennandi þýðinga sem koma út á næstu vikum er saga Hönnuh Kent um síðustu daga Agnesar Magnúsdóttur, Burial Rites, sem í þýðingu Jóns St. Kristjánssonar hefur hlotið nafnið Náðarstund. Önnur þýdd bók með íslenska tengingu er saga Sally Magnusson, dóttur Magnusar Magnussonar, Where memories

go, sem fjallar um baráttu móður hennar við Alzheimer, en sú nefnist Handan minninga í þýðingu Ragnheiðar Margrétar Guðmundsdóttur. Langþráð þýðing Sigurðar Karlssonar á sögu Sofie Oksanen, Þegar dúfurnar hurfu, kemur út hjá Forlaginu og sömuleiðis þýðing Friðriks Rafnssonar á metsölubók Romain Puértolas, Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA skáp. Bréfabók er skáldsaga eftir einn virtasta höfund Rússa á okkar dögum, Míkaíl Shískín, sem kemur út í Neonklúbbi Bjarts í þýðingu Áslaugar Agnarsdóttur í október.

#### Alls ekki tæmandi

Hér hefur verið stiklað á mjög stóru yfir útgáfulistu forlaganna og langt frá því að þetta sé tæmandi listi yfir bækur haustsins. Forleggjarar vilja gjarnan halda stórum tíðindum leyndum í lengstu lög og eins víst að stórtíðinda sé enn að vænta af bókamarkaðnum. Ljóst er þó af þessari upptalningu að bókaunnendur þurfa ekki að kvíða skammdegina í ár og geta farið að láta sig hlakka til að smjatta á göðgætinu sem boðið er upp á langt fram eftir vetri.



# HÁRTÆKJADAGAR


Sjáðu allt úrvalið á [www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

**ÖLL HÁRSNYRTITÆKI  
Á 20-50% AFSLÆTTI**

Öll Babyliss, Remington, Philips og Vidal Sasson hártæki á góðum afslætti.  
**Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!**



SLÉTTUJÁRN • BYLGJUJÁRN • HÁRKLIPPUR • KRULLUJÁRN • NEFHÁRASNYRTAR • BLÁSARAR  
• HITABURSTAR • RAKVÉLAR • KEILUJÁRN • HITARÚLLUR • HÁRSNYRTAR OG MARGT FLEIRA



## byggto**g**búíð

568 9400 [byggtogbuid.is](http://byggtogbuid.is) | Kringlunni  
[facebook.com / byggtogbuid](https://facebook.com/byggtogbuid)





## Konráð og félagar á ferð og flugi 112

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Er það ekki enn ein stafasúpan,“ dæsti Róbert. „Ég skil bara ekki hvað er svona merkilegt við það að rugla stöfum fram og til baka.“ „Jú, það eru svo skemmtilegar þrautir,“ sagði Konráð glaður. „Því þegar maður er að lesa eru öllum orðunum raðað upp í beinar línur og þessvegna er svo gaman að brjóta orðin upp og raða þeim einhvernvegin öðruvísi, raða þeim í þrautir.“ „Stafapraut, jáhá,“ rumdi í Kótu. „Og hvernig er þessi stafasúpa þraut?“ „Jú það á að raða þessum sjö stöfum þannig að þeir myndi eitt orð.“

Getur þú hjálpað þeim að leysa þessa þraut? Klipptu út stafina eða skrifaðu þá á blað og reyndu að raða þeim upp þannig að þeir myndi eitt orð.



## Brandarar

Eigandi páfagauksins var að reyna að kenna honum að kynna sig.  
Eigandinn: Ég heiti Palli.  
Páfagaukurinn: Ég heiti Palli.  
Eigandinn: Ég get flogið.  
Páfagaukurinn: Það væri gaman að sjá það.

Sjúklingurinn: Læknir, læknir, ég sé tvöfalt.

Læknirinn: Róaðu þig aðeins og sestu í sófann þarna.

Sjúklingurinn: Eee, hvorn þeirra?

Siggi: Af hverju eru fílar í rauðum skóm?  
Gunn: Til að geta falið sig í rífsberjarunnum.  
Siggi: En af hverju eru fílar í bláum skóm?  
Gunn: Af því að rauðu skórnir voru skítugir.

Maður kom inn í sjoppu með páfagauk á öxlinni.  
Afgreiðsludaman: Hvar fékkstu þennan?  
Páfagaukurinn: Í dýrabúðinni.

## Fulltrúakjör

Samkvæmt lögum Einingar-löju fara kosningar fulltrúa félagsins á þing Alþýðusambands Íslands fram að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu í samræmi við reglugerð ASÍ um slíkar kosningar.

Félagið hefur rétt til að senda 11 fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands sem haldið verður í Reykjavík dagana 22. til 24. október nk.

Framboðslistum eða tillögum til þings ASÍ, þar sem tilgreind eru nöfn aðalfulltrúa í samræmi við framanskráð og jafn margra til vara, ber að skila á skrifstofu félagsins Skipagötu 14 Akureyri eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi mánu dagsins 15. september nk.

Hverjum framboðslista skulu fylgja meðmæli 80 fullgildra félagsmanna.

Akureyri 4. september 2014  
Stjórn Einingar-löju

Eining-löja er óhugt stéttarfélag á landsbyggðinni.  
460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is  
Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð



www.ein.is

## Myndin



**BENJAMÍN** í 4. bekk Seljaskóla sendi okkur þessa sumarlegu mynd.

## Æfi klifur þegar ég kem heim úr skólanum

Lukka Mörk Sigurðardóttir er svo heppin að eiga klifurvegg í herberginu sínu enda er klettklifur í uppáhaldi hjá henni ásamt fjallgöngum, útilegum og fleiru.

**Hvað ertu gömul, Lukka Mörk?**  
„Ég er 10 ára.“

**Hvenær fékkstu áhuga á klettklifri?**  
„Ég held ég hafi alltaf haft áhuga á klettklifri en ég byrjaði að æfa í fyrra.“

**Hvernig kom það til?**  
„Pabbi og mamma eru í hjálparsveit og fóru að fara með mig í klifur og mér fannst það gaman.“

**Notar þú mikið vegginn í herberginu þínu?**  
„Já ég nota hann mikið. Oft þegar ég kem heim úr skólanum.“

**Æfir þú þig líka annars staðar?**  
„Já ég æfi í Klifurhúsinu og í vetur verða æfingar tvisvar í viku.“

**Hefurðu verið í alvöru klettum?**  
„Já, hér og þar þegar við erum á ferðalagi, til dæmis á Hnappa-völlum í Öræfum og í Búhömr-um í Esju. Svo klifruðum við á nokkrum stöðum í Ölpunum í sumar, í Chamonix og Arco.“

**Eru fleiri á þínum aldri sem þú veist um sem stunda klifur?**  
„Já, frænka mín æfir hjá fimleikafélaginu Björk. Svo eru líka fleiri á mínum aldri sem æfa í Klifurhúsinu.“

**Hvað er svona heillandi við klifur?**  
„Bara allt. Átökin og áskorunin að komast upp. Svo þegar maður er úti er það útiveran, náttúran og klettarnir.“

**Áttu fleiri áhugamál?**  
„Já, ég á fleiri áhugamál eins og til dæmis skátastarf, fjallgöngur, útilegur, lestur og sund með vinkonum mínum og leika mér á stökkpöllum.“

**Í hvaða skóla ertu?**  
„Ég er í Kársnesskóla og byrjaði í eldri Kársnes í haust.“



**KÚNSTIR** Það þarf sterka putta og tær í klifur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KLIFUR-KÖTTUR**  
Átökin og áskorunin að komast upp er það sem Lukku finnst heillandi.



# Sterkari saman

## Tvö lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr

Hjá þeim sem finna fyrir aukinni reykingapörf getur skjótvirkt nikótínlyf t.d. 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí eða innsogslyf samtímis forðaplástrinum skilað árangri fyrr.



### Kostir lyfjaformanna sameinaðir

Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótínþjóf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“ stýrir þú nikótínþjófnum með lyfjatyggigúmmí eða innsogslyfi.

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþjörf og fráhrarfeinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, forðaplastur 1 stk. Nota má forðaplasturinn einan og sér eða samtímis Nicorette lyfjatyggigúmmí eða innsogslyfi. Koma á forðaplasturinn fyrir á háðausri, óskaddaðri húð og fjarlægja eftir u.þ.b. 16 klst. Venjulega á að hætta meðferð með forðaplastri eftir 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnaða. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúfveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum öflima, sykursýki, ómeðhöndlað skjálvakaöðól, krómílaeæxi, skerta lífrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgur í vélinda, munni eða koki, magabólur, evems- eða olfnæmishúðbólgu (forðaplastur) eða langvarandi sjúkdómur í koki eða berkusjúkdómur (innsogslyf). Lyfjatyggigúmmí inniheldur butylhydroxytölen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xylitol, sem getur haft hæðalosanndi áhrif og Classic inniheldur sorbitol og skulu þeir sem eru með fruktósaþöfl ekki nota það. Lyfjatyggigúmmí getur fest við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Forðaplasturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnaemi. Hætta skal notkun ef alvarleg eða viðvarandi staðbundin viðbrögð á notkunarástáð koma fram. Ef snertihúðbólga kemur fram geta mikil húðviðbrögð komið fram við notkun annarra nikótínlyfja eða reykingar. Forðast skal snertingu við augu og nef. **Aðgát í návist barna:** Nikótínkammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgu og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun föstursins/nyburans. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmjólk. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfshafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000, IS/NIC-C/2014-08/2





# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!



Nýslátrað haust 2014



1598 kr. kg

Lambalæri af nýslátruðu



2198 kr. kg

Lambahryggur af nýslátruðu

Nýslátrað haust 2014



# ÍSLENSKTT JÁ TAKK!



Nýslátrað haust 2014

989 kr. kg

Lambasúpukjöt af nýslátruðu



Nýslátrað haust 2014

389 kr. kg

Lambahjörtu af nýslátruðu



Nýslátrað haust 2014

389 kr. kg

Lambalifur af nýslátruðu



429 kr. pk.

Gulrætur Fljótshólar, 600 g



229 kr. kg

Íslenskar kartöflur í lausu



329 kr. kg

Rófur



Öll voru eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndabrengi



# BAENDA- MARKAÐUR Í DAG

VELJUM  
ÍSLENSKT!

Bændamarkaðurinn er í Krónunni Akranesi, Bildshöfða, Granda,  
Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi



## Ljúffengt, glænýtt Íslenskt grænmeti!



### ÍSLENSKT GRÆNMETI!

*Ný íslensk uppskera*  
Ný uppskera af íslensku  
grænmeti beint frá bónda.

*Frábært verð*  
Grænmeti á frábæru verði  
og ýmis kynningartilboð.

*Smakkaðu*  
Smakkaðu á nýrri uppskeru,  
mikið úrval!



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

1. Þjófnaðir á kristalsglösum og kampavinsflöskum lögðust af (9)
8. Ég er með nógan mannskap, farið nú og jafnið þetta (6)
11. Snyrtivara í blaðurbeyttu (7)
12. Ef ég aðeins eygði sorg, en ég sé bara það sem er (7)
13. Reisan var blóðug á tíðum (6)
14. Halda á vit mannaþælu án leiðsögumanns (7)
15. Rata ringlaðir risarnir í tjörnina? (9)
16. Fugl númer 6 er frændi Hrafns og Svölu (6)
17. Nema glas við ytri kant; þetta er niðurstaðan (7)
18. Missa ekki af dánarfretum og jarðarförum (9)
20. Frábært, finn hraði, en er þetta ekki fljótfærni? (9)
23. Þessa pakks plakats bíður þess eins að hökta og haltra (12)
26. Allir í kós á kindagötu (9)
29. Lykkja hins litla í efsta stigi var sú smekklausasta (12)
32. Upp still nú afbrigðum sem upp stilla má (9)
33. Lætin í Erni minna helst á grín skánafna hans Eldjárns (12)
34. Hvort segja þessi ákveðnu vísindi eitthvað um daginn eða braginn? (9)
35. Krydd í stofu verðandi flugna (6)
36. Útpældur flökkuormur (9)
41. Orsök ofnæmisviðbragða er eitruð planta (9)
43. Svei þér, vopnið er bannað á Íslandi þótt stutt sé (11)
44. Yrki um afkomanda í snotrum kvæðum (9)
45. Hér skal hugað að rótum og toppum ystu askanna (11)

## LÓÐRÉTT

1. Hélt á lofti hanastélsins herra/bíð ég hann um brennivín/blaðra við um þjáning mín (7)
2. Segir svaka gæja orsaka gríðarlega seinkun ferða (11)
3. Raddlaus eftir hættuspil norðanmanna (9)
4. Leita tvíþættra uppgripa milli ákveðinna þráða (9)
5. Förum kringum klæðlaus nálægt því sem við þolum (7)
6. Míнар eru þær sem allir mega sjá úr mátulegri fjarlægð (7)
7. Bæti ballöður (7)
8. Kyndi undir högginu, skyldi það ýta undir sóttarkastið?
9. Söngvarnir á undan eru um sköpin (8)
10. Spyr rauðsokkuritið um hvernig það er að hanga heima (8)
19. Þetta er söngvari, félagi (9)
20. Óvelkomin planta í fjölskyldugarði (9)
21. Preyttur rambar á skeið mömmu (9)
22. Ergir sig á herra hrossins (9)
24. Sá sem berst mest er settur fremst í röðina (12)
25. Sögulegur úrskurður um kaupmennsku er kenndur við Diðrik fremur en kvalir (12)
27. Ætla að færa ólíkt orðalag í orð? (7)
28. Sá nýju útgerðarstöðina um daginn (7)
30. Gos veldur óróa í iðrum manna (7)
31. Sé partídyrið, það minnir á vin Elliots (10)
37. Sól skein á trén þótt þeim hafi verið riðlað lítillaga (5)
38. Mæti með gráðu þegar ég er búinn að greiða mér (5)
39. Fer frá einu kránni sem ég þoldi (5)
40. Saga af hafi sem hugsað er um (5)
41. Hér segir af slöngu og fótubúnaði (4)
42. Blað sem bót er að (4)



## Lausnarorð síðustu viku var JARÐHRÆRINGAR



Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni *Að gæta bróður míns* eftir Antti Tuomainen frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var Guðrún Þórðardóttir, Reykjavík.




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikilvæg en algjörlega vanrækt stofnun. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. september næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „6. september“.

## Ungliðahópur Ljóssins, Krafts og SKB 2014-2015

Ungliðahópur Ljóssins, Krafts og SKB er samstarfsverkefni Ljóssins (Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur), Krafts (Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur) og SKB (Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna).

Ungliðahópurinn er fyrir fólk á aldrinum 18 til 29 ára sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Ungliðahópurinn hefur verið starfræktur frá árinu 2009 og frá þeim tíma hefur markmiðið verið að halda úti metnaðarfullri og skemmtilegri dagskrá. Hópurinn hittist á tveggja vikna fresti, á fimmtudagskvöldum og þar gefst fólki tækifæri til að hitta aðra í svipuðum sporum og deila reynslu sinni. Umsjónarmaður Ungliðahópsins er Kristján Th. Friðriksson íþróttafraeðingur.

**Fyrsti hittingur vetrarins verður fimmtudagskvöldið 11. september næstkomandi kl. 20:00 í Ljósinu, Langholtiavegi 43. Boðið verður uppá léttar veitingar og farið í hugmyndavinnu fyrir veturinn.**  
- Láttu sjá þig -



Myndir frá viðburðum síðasta vetur



Fylgstu með okkur á facebook  
*Ungliðahópur Ljóssins, Krafts og SKB*

## FRÓÐLEIKURINN HVAÐAN KEMUR HJÁTRÚIN AÐ BANKA Í VIÐ?



## Algeng og útbreidd hjátrú

Það er mjög algeng og útbreidd hjátrú, einkum á meðal kristinna manna, að banka þrisvar undir eða á viðarborð eða snerta tré. Um leið fara menn gjarnan með talnabuluna 7-9-13. Þetta er gert eftir að menn hafa sagt eitthvað sem flokka má undir hroka eða oflátungshátt, eitthvað sem þykir ógætilega sagt eða þegar menn fullyrða nokkuð sem brugðið getur til beggja vona.

Vel þekkt trúarhugmynd er að mönnum hefnist fyrir að storka forlögum eða almættinu með einhverjum hætti, til dæmis óvarlegu tali. Sú trú virðist einnig eiga sér djúpar rætur að hrósi menn sér af góðri heilsu eða góðu gengi yfirleitt þá missi þeir velgengnina, annaðhvort af völdum öfundsjúkra, illra afla eða þess guðs sem menn ættu fremur að þakka. Hin kristna siðfræði gerir ráð fyrir að menn séu auðmjúkir og undirgefnir skapara sínum og hvers kyns ofmetnaður sé af hinu illa.

Þegar mönnum hefur orðið á að móðga máttarvöldin eða misbjóða þeim á einhvern hátt má í þjóðtrúnni finna ráð til að vinna á móti slæmum afleiðingum misgjörðanna. Þannig er hægt að sættast við almættið og milda reiði þess eða verja sig fyrir illum öflum. Til þessara hugmynda má rekja þá hjátrú að segja 7-9-13 um leið og bankað er í tré.

Heimild: Vísindavefurinn



# NYR 16BLS BÆKLINGUR

FJÖRÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

**FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI**  
Afglýsing | Kynning | Tölvutek sérverskan með tölvu og tölvubúnað

**AFMÆLISVEISLA**  
FJÖRÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR  
VAXTALAUST Í  
12 MÁNUÐI

**SMELLTU Á KÖRFUNA**  
NETBÆKLINGUR Á  
WWW.TOLVUTEK.IS  
MED GAGNVIRKUM  
KÖRFUHNAPP

**OPÍÐ Í DAG FRÁ 11-16**

**AFMÆLISVEISLA 8 DAGA**  
TÖLVUTEKS

**Greitt með einum smelli**

**TÖLVUTEK**  
Sími 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

NOVO packard bell SAMSUNG TOSHIBA

**TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA**

**FLOTTUstu TÖLVURNAR**

**SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI**

**GÆDAMERN A BETHA VERÐI**

**UPPEÆRÐU MED STÆL**

**ÚRVALID ER HJA OKKUR**

**HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI**

**OPNUNARTÍMAR**  
Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



BIRT MED FYRIRVARA UM BRETNINGAR, PENTVILLUR OG MYNDABRENGI



✝

Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**ATLI HAUSSON**  
 löggiltur endurskoðandi,  
 Hraunbæ 62, Reykjavík,  
 varð bráðkvaddur mánudaginn 1. september.  
 Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.



**Þorbjörg Atlad. Sigríðardóttir**  
**Alfreð Atlason**  
**Steinunn Huld Atladóttir**  
 barnabörn og barnabarnabarn.

**Fabiana Martins Silva**

✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,  
**BJÖRG EINARSDÓTTIR PÉTURSSON**  
 sem andaðist miðvikudaginn 27. ágúst á Hrafnistu í Reykjavík verður jarðsungen miðvikudaginn 10. september frá Fossvogskirkju kl. 15.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar L1 á Hrafnistu í Reykjavík fyrir frábæra umönnun síðustu árin.



**Steinunn Jóhanna Ásgeirsdóttir**  
**Einar M. Ásgeirsson Pétursson**  
**María Ásgeirsdóttir**  
**Pjetur Georg Pétursson**  
 barnabörn og barnabarnabörn.

**Ásgeir S. Hallgrímsson**  
**Elizabeth Vahey**  
**Svanlaug Arnardóttir**

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og systir,  
**KONNÝ GARIBALDADÓTTIR**  
 Njálsgötu 15, Reykjavík,  
 lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, þriðjudaginn 26. ágúst sl. Hún verður jarðsungen frá Fríkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 9. september, klukkan 13.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir einstaka umhyggju og umönnun.



**Eiríkur Friðbjarnarson**  
**Einar Garibaldi Eiríksson** **Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir**  
**Áslog Garibaldadóttir, Einar og Þorbjörn Garibaldasynir**

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**HRAFNHILDUR JÓNA GÍSLADÓTTIR**  
 Ástúni 8, Kópavogi,  
 lést föstudaginn 29. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



**Kristján Sigurgeirsson**  
**Anna Brynja Sigurgeirsdóttir**  
**Andrea Kristín Kristjánsdóttir**  
**Lísa Katla Stellansdóttir**

**Anna María Sigurðardóttir**  
**Magnús Sjöholm**  
**Agla María Kristjánsdóttir**  
**Sara Björk Stellansdóttir**

**LEGSTEINAR**  
 MIKIÐ ÚRVAL AF  
 FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



**Steinsmiðjan Mosaik**  
 Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is




**Allhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**  
 www.utfarir.is • runar@utfarir.is

**Útfararþjónustan ehf.**  
 Stofnað 1990

**PETTA GERÐIST: 6. SEPTEMBER 1997**

## Díana prinsessa borin til grafar

Opinber útför Díonu prinsessu af Wales fór fram þennan dag árið 1997. Hún hófst klukkan 9.08 að staðartíma í Lundúnum, þegar kirkjuklukkur gáfu til kynna brottför líkfyldar hennar frá Kensington-höll. Hvarvetna var flaggjað í hálfu stöng. Líkistan lá á opnum byssuhestvagni sem ók meðfram Hyde Park til St. James-hallar. Ungir synir Díonu gengu á eftir hestvagninum.

Díana var jarðsungen frá Westminster Abbey og lögð til hvílu í Althorp-kirkjugarðinum.

Yfir 2.000 manns mættu í athöfnina í kirkjunni sem var sjónvarpað um allan heim og fékk eitt mesta áhorf í sögu sjónvarpsútsendinga. Alls horfðu 38,8 milljónir Breta á útförina í sjónvarpi og yfir tveir milljarðar manna á heimsvísu.



**ÖRFÁIR ÚR HÓPNUM** Marteinn Valdimarsson, hjónin Elín og Tom Griffin sem kynntust á Keflavíkurlugvelli, Kevyn Silverman, Erlingur Bjarnason, María Ben Erlingsdóttir og Gunnar Þórmarrsson mætt í Offiseraklúbbinn.

## Kósý stemning í kvöld í Offiseraklúbbnum

Endurfundir bandarískra hermanna sem dvöldu í Keflavík á sínum tíma og íslenskra starfsmanna varnarliðsins eru meðal atriða Ljósanætur í Reykjanesbæ.

„Þetta er í fyrsta skipti sem efnt er til endurfunda Bandaríkjamanna og Íslendinga sem unnu á Keflavíkurlugvelli meðan herinn var þar, á árunum 1952 til 2006,“ segir María Ben Erlingsdóttir, framkvæmdastjóri Kefland, um samkomu í Offiseraklúbbnum á flugvallarsvæðinu síðdegis í dag. Þangað hafa um 120 manns boðað komu sína, þar af 25 Bandaríkjamenn. María segir rútfyrirtækið Guðmund Tyrfingsson, sem á Kefland, skipuleggjanda samkomunnar. „Endurfundir NASKEF (Naval Air Station Keflavík) er einn af viðburðum Ljósanætur í Reykjanesbæ, enda munu samkomugestir verða fluttir í rútum niður að höfn í lok dags til að fylgjast með glæsilegri flugeldasýningu við höfnina.“

Allt hefur þetta átt nokkurn aðdraganda, að sögn Maríu. „Við feng-

um military.com, sem er 25 milljón manna vefur, í lið með okkur og það voru tugþúsundir sem lásu orðsendingar okkar. Sú fyrsta birtist í maí á þessu ári en við hefðum þurft að vera fyrir á ferðinni,“ segir hún. „Þrátt fyrir það erum við að fá hingað 25 manns að utan og ágæta þátttöku í heildina.“

María segir Offiseraklúbbinn líta út nánast eins og hann var í tíð Kanans á vellinum. „Þetta var mjög vinsæll staður og það verður kósý stemning þar í kvöld,“ segir hún. Meðal atriða á dagskránni verða ávörp bæjarstjóra Reykjanesbæjar og bandaríska sendiherrans á Íslandi. „En þetta eru endurfundir og við viljum að fólk blandi fyrst og fremst geði hvert við annað,“ segir María. „Svo verður rosa flott kvöldverðarhlaðborð, forréttur og eftirréttur og áður en fólk fer verður dregið í happ-

„Ég átti góð ár á vellinum og eignaðist marga góða vini sem ég held sambandi við.“

Erlingur Bjarnason.

drætti með 30 flottum vinningum frá fyrirtækjum hér á Suðurnesjum.“

Erlingur Bjarnason, faðir Maríu, er einn þeirra sem hlakka til kvöldsins. Hann var framkvæmdastjóri birgðadeildar varnarliðsins í 26 ár og segir hafa verið bæði sjökk og sökn- uð í hans huga þegar herinn fór með stuttum fyrirvara. „Ég átti góð ár á vellinum og eignaðist marga góða vini sem ég held sambandi við en held að þeir bandarísku séu ekki með í hópnum sem hingað er kominn,“ segir hann.

gun@frettabladid.is

✝

